

# Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2020

Desember 2021

**Forsíðumynd**

Héðinsfjarðará hlykkjast undir Siglufjarðarveg (76) milli tveggja gangamunna Héðinsfjarðarganga.
Mynd: Haukur Sigurðsson

**Baksíðumynd**

Djúpvegur (61), Skutulsfjarðarbraut, mætir Hafnarstræti og Pollgötu (636) á Ísafirði.
Mynd: Haukur Sigurðsson

**8. ársskýrsla Vegagerðarinnar fyrir árið 2020**

Nýja Vegagerðin tók til starfa 1. júlí 2013.
Í lögum nr. 120 frá 2012 um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála,
segir í 2. gr.: „Vegagerðin skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.“

Útgefandi:

Vegagerðin
Suðurhrauni 3
210 Garðabær
kt. 680269-2899

Desember 2021

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Óskar Örn Jónsson
Uppsetning: Elín Esther Magnúsdóttir
Ljósmyndir: Starfsmenn eða verktakar Vegagerðarinnar nema annað sé tiltekið.
Prentun: Prentmet Oddi



# Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2020

Vegagerðin

**Öryggi — Framsýni — Þjónusta — Fagmennska**

Reykjavík, desember 2021

# Efnisyfirlit

## Kaflanúmer vísa í liði í eldri skýrslum Vegagerðarinnar um framkvæmd samgönguáætlunar og töflu 1 á bls. 9.

**Kaflar** — **bls.**


Formáli forstjóra 6
4 Framkvæmdir Vegagerðarinnar 8
4.1 Fjármál 8
Skipting útgjalda 9
4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar 10
Starfsmannahald 11
Yfirstjórn og framkvæmdastjórn 12
Vaktstöð siglinga 12
Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi 13
Hafna- og strandrannsóknir 14
Vöktun og upplýsingaþjónusta 15
4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald 16
4.1.4.1 Þjónusta 17
Viðhald vegmerkinga 17
Samningar við sveitarfélög 17
Viðhaldssvæði 18
Hreinsun vegsvæða 18
Vetrarviðhald 18
Styrkir til almenningssamgangna 19
Ferjur 19
Landsamgöngur 20
Styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu 20
Styrkir til innanlandsflugs 21
Loftbrú 22
Sameiginleg verkefni 23
4.1.4.5 Rannsóknir 24
4.1.4.6 Viðhald 26
Efnisvinnsla 29
Viðhald bundinna slitlaga 30
Viðhald malarvega 31
Styrkingar og endurbætur 31
Brýr og varnargarðar 33
Umferðaröryggi 33
Veggöng 33
Vatnaskemmdir og ófyrirséð 33
Viðhald girðinga 34
Frágangur gamalla efnisnáma 34
Minjar og saga 34
4.1.5 Stofnkostnaður 35
Fjárveitingar til framkvæmda á vegakerfinu 35
Stofnkostnaður / framkvæmdir 35
Girðingar 35
Landsvegir 35
Héraðsvegir 35
Styrkvegir 36
Reiðvegir 36
Framkvæmdir, vitar og hafnir 36


**Fylgiskjöl** — **bls.**


Fylgiskjal 1 Stofnkostnaður 38
Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2020 42
Suðursvæði 42
Höfuðborgarsvæði 58
Vestursvæði 68
Norðursvæði 84
Austursvæði 94
Hjóla- og göngustígar 107
Fylgiskjal 3 Greinargerð um framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2020 108
Hafnarframkvæmdir 108
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir 108
Ferjubryggjur 120
Sjóvarnargarðar 120
Fylgiskjal 4 Ársreikningur 122


**Töflur** — **bls.**


Tafla 1 Skipting útgjalda 9
Tafla 2 Fjöldi fastra starfsmanna Vegagerðarinnar 11
Tafla 3 Skipting kostnaðar við vetrarviðhald 18
Tafla 4 Kostnaður við ferjur 19
Tafla 5 Kostnaður við landsamgöngur 20
Tafla 6 Kostnaður við innanlandsflug 21
Tafla 7 Rannsóknaverkefni 24
Tafla 8 Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi 26
Tafla 9 Skipting viðhaldskostnaðar 27
Tafla 10 Viðhald bundinna slitlaga 29
Tafla 11 Styrkingar og endurbætur 33
Tafla 12 Landsvegir utan stofnvegakerfis 36
Tafla 13 Héraðsvegir 36
Tafla 14 Styrkvegir 36
Tafla 15 Girðingar 37
Tafla 16 Reiðvegir 37
Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Suðursvæði 56
Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Höfuðborgarsvæði 67
Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Vestursvæði 82
Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Norðursvæði 92
Tafla: Hönnun og undirbúningur verkefna, Austursvæði 106
Tafla: Fjármunir til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir 108


**Súlurit** — **bls.**


Súlurit 1 Framlag til Vegagerðarinnar 10
Súlurit 2 Framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 10
Súlurit 3 Fjárveitingar til almennrar þjónustu 16
Súlurit 4 Kostnaður við almenna þjónustu 16
Súlurit 5 Fjárheimildir til vetrarviðhalds 16
Súlurit 6 Kostnaður við vetrarviðhald 18
Súlurit 7 Samanburður á farþegafjölda eftir ferjum 19
Súlurit 8 Samanburður á farþegafjölda (landsamgöngur) eftir mánuðum 20
Súlurit 9 Samanburður á flugi eftir flugleiðum 21
Súlurit 10 Fjöldi notenda Loftbrúar eftir kyni og aldri 22
Súlurit 11 Fjöldi notenda Loftbrúar eftir mánuðum 23
Súlurit 12 Heildarakstur, eftir svæðum 26
Súlurit 13 Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári 27
Súlurit 14 Fjárveitingar til viðhalds þjóðvega 28
Súlurit 15 Kostnaður við viðhald þjóðvega 29
Súlurit 16 Fjárveitingar til stofnkostnaðar 35


↓ Framkvæmastjórn Vegagerðarinnar árið 2020. Efri röð f.v. Stefán Erlendsson forstöðumaður lögfræðideildar, Sveinn Sveinsson svæðisstjóri Austursvæðis, Gunnar H. Guðmundsson svæðisstjóri Norðursvæðis, Svanur G. Bjarnason svæðisstjóri Suðursvæðis, Pálmi Þór Sævarsson svæðisstjóri Vestursvæðis. Neðri röð f.v. Ruth Elfarsdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs, Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri, Jónas Snæbjörnsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs og Magnús Valur Jóhannsson framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs. Guðmundur Valur Guðmundsson tók við Jónasi sem framkvæmdastjóri þróunarsviðs sumarið 2020.



↓ Frá byggingu brúar yfir Fellsá.



# Formáli forstjóra



Árið 2020 var sérstakt fyrir Vegagerðina líkt og heimsbyggðina alla vegna áhrifa frá heimsfaraldri Covid-19. Umferð um þjóðvegi landsins snarminnkaði þar sem fólk hélt sig heima en starfsemi Vegagerðarinnar jókst aftur á móti talsvert vegna aukafjárveitingar ríkisins til samgöngumála.

Fjárframlög til Vegagerðarinnar árið 2020 voru rúmlega 44 milljarðar króna sem er um 9 milljörðum hærri upphæð en 2019 á verðlagi 2020. Framlag til Vegagerðarinnar var 1,56% af vergri landsframleiðslu sem er nokkuð hærra en árið á undan.

Fjárheimildir til þjónustu við vegakerfið árið 2020 voru tæplega 6,5 milljarðar króna. Notkun á vegakerfinu hefur aukist mikið og breyst á undanförnum árum með auknum straumi ferðamanna og breyttri atvinnusókn bæði í þéttbýli og dreifbýli. Árið 2020 sker sig þó úr og minnkaði umferðin á Hringvegi um 14% á milli ára sem er algert met.

Vegakerfið sem Vegagerðin annast viðhald á er 12.901 km. Um 44% veganna eru með bundnu slitlagi eða um 5.700 km. Árið 2020 voru nýlagnir af bundnu slitlagi 57 km. Fjárveiting til viðhalds vega var 10.315 m.kr. á árinu. Heildarkostnaður við viðhald vega var 10.891 m.kr. og því skuld í viðhaldsfjárveitingum í lok árs 576 m.kr.

Til nýframkvæmda fóru 20.585 m.kr. á árinu 2020 sem er um 7.000 m.kr. meira en árið áður.

Föstum starfsmönnum hjá Vegagerðinni fjölgaði nokkuð á árinu, voru 315 í lok árs 2020 samanborið við 300 árið áður. Þessi fjölgun er í takt við aukin verkefni.

Vegagerðin hlaut á árinu jafnlaunavottun frá vottunarstofunni Vottun hf., sem er staðfesting þess að jafnlaunakerfi Vegagerðarinnar samræmist kröfum jafnlaunastaðalsins, ÍST85:2012.

Árið 2020 létust átta einstaklingar í umferðarslysum og 157 slösuðust alvarlega. Fjöldi alvarlega slasaðra og látinna hefur ekki verið minni síðan árið 2012 en ávallt má gera betur. Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og að útrýma svartblettum á 105 stöðum á vegakerfinu, og þjónustustöðvar Vegagerðarinnar unnu við lagfæringar á umhverfi vega á allmörgum stöðum. Auk þess er umferðaröryggi ávallt í fyrirrúmi við hönnun og byggingu vega og annarra samgöngumannvirkja.

Einbreiðar brýr eru skilgreindur áhættuþáttur á vegakerfinu og var unnið að fækkun þeirra líkt og undanfarin ár. Unnið var að byggingu fjögurra tvíbreiðra brúa á Hringvegi á árinu. Þegar framkvæmdum þeirra lýkur 2021 verða 32 einbreiðar brýr á Hringvegi.

Það var Vegagerðinni mikið áfall þegar tvær manneskjur létust á Kjalarnesi í maí vegna galla í nýlögðu malbiki. Brugðist var við með ýmsum hætti. Fjölmargir kaflar á höfuðborgarsvæðinu þar sem viðnám var ekki í lagi voru fræstir upp og malbikaðir að nýju. Farið var í vinnu til að auka kröfur og herða reglur Vegagerðarinnar í útboðum malbiks- og klæðingaframkvæmda. Kröfurnar eru stórauknar bæði á verktaka og eftirlitsaðila með framkvæmdum til að tryggja að ekki skapist aðstæður að lokinni framkvæmd sem geta reynst hættulegar vegfarendum.

Í upphafi árs var kynnt nýtt merki og útlit Vegagerðarinnar en það er ekki á hverjum degi sem breyting er gerð á gamalgrónu merki áberandi stofnunar. Með nýja merkinu er haldið í gamla merkið og það þróað áfram þannig að í raun má finna gamla merkið í því nýja. Ástæðan fyrir endurbótunum er sú að ýmsar breytingar standa fyrir dyrum hjá Vegagerðinni. Þar má nefna nýja stefnu, kynslóðaskipti í stofnuninni og nýjar höfuðstöðvar í Garðabæ sem flutt verður í árið 2021. Ritað var undir samkomulag um nýtt húsnæði Vegagerðarinnar í mars 2020 en Reginn mun byggja húsnæðið og eiga en Vegagerðin leigja til langs tíma.

Vegagerðin heldur áfram að færa sig til nýrra tíma. Frá byrjun árs 2020 hefur til dæmis aðeins verið tekið við rafrænum reikningum sem rímar vel við markmið stofnunarinnar um að gerast pappírslaus vinnustaður í framtíðinni.



Töluverðar skemmdir urðu á hafnarmannvirkjum umhverfis landið í óveðrum vetrarins. Ákveðið var að úthluta 750 milljónum króna til hafnarframkvæmda í tímabundnu fjárfestingarátaki ríkisins. Þá var 100 milljónum varið til óveðurstengdra verkefna hjá hafnadeild Vegagerðarinnar en ákveðið var að nýta þá fjármuni til að uppfæra upplýsingakerfi um veður og sjólag til að geta með auðveldari hætti spáð fyrir um viðlíka aðstæður og mynduðust í höfnum yfir veturinn.

Verkefninu Loftbrú var hrint af stokkunum í september. Loftbrú veitir afsláttarkjör til þeirra sem eiga lögheimili á landsbyggðinni fjarri höfuðborgarsvæðinu og á eyjum án vegasambands. Vegagerðin fer með umsjón og framkvæmd verkefnisins í samvinnu við samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Ánægjulegt er að geta bætt aðgengi íbúa á landsbyggðinni að miðlægri þjónustu og eflt byggðir með því að gera innanlandsflug að hagkvæmari samgöngukosti.

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar veitti 146 m.kr. í 71 verkefni árið 2020. Verkefnin voru af fjölbreyttum toga. Vegna Covid-19 var nítjánda rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar haldin í beinu streymi í lok október en fyrirlesarar fluttu erindi sín fyrir tómum sal í Hörpu.

Hrafnseyrarheiði var mokuð í síðasta sinn í maí 2020 en Dýrafjarðargöng voru opnuð fyrir umferð 25. október. Vígsla ganganna var með all sérstökum hætti eins og svo margt þetta árið. Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra opnaði Dýrafjarðargöng með því að hringja úr Vegagerðinni í Reykjavík vestur á Ísafjörð í vaktstöð Vegagerðarinnar. Skólabörn í Grunnskólanum á Þingeyri urðu þau fyrstu sem óku í gegnum Dýrafjarðargöng en með þeim í för var Gunnar Gísli Sigurðsson sem mokað hefur Hrafnseyrarheiði frá árinu 1974.

Nokkur tímamót urðu í nóvember þegar framkvæmdum lauk við fyrsta verkefni samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins, Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur. Vegkaflinn var tvöfaldaður á 3,2 km kafla og er sá fyrsti þar sem gert er ráð fyrir legu Borgarlínunnar sem mun aka undir Reykjanesbraut við Strandgötu í framtíðinni.

Bergþóra Þorkelsdóttir
forstjóri Vegagerðarinnar




→ Skipurit Vegagerðarinnar frá desember 2020.

# 4 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Skýrsla Vegagerðarinnar um framkvæmdir árið 2020 byggist á fjárlögum fyrir árið 2020.

## 4.1 Fjármál

Fjárframlög til Vegagerðarinnar eftir fjárlög voru 10.100,6 m.kr. í rekstur og tilfærslur og 28.375,4 m.kr. í fjárfestingar eða samtals 38.476 m.kr. Með fjáraukalögum bættust við 46,5 m.kr. í tilfærslur og rekstur auk 871 m.kr. til almenningssamgangna. Einnig var hækkuð fjárheimild um 4.570,0 m.kr. vegna framkvæmda á vegakerfinu og 139 m.kr. til framkvæmda við vita og hafnir. Rekstrar- og tilfærsluframlög til Vegagerðarinnar á árinu 2020 voru því alls 11.064,7 m.kr. og fjárfestingaframlög 33.084,4 m.kr. Samtals voru þetta því 44.149,1 m.kr.

↓

Dýpkunarskip að störfum í Grundarfirði.
Mynd: Tómas Kristjánsson





| Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr. | Fjárlög 2020 | Fjáraukalög og millifærsla 2020 | Fjárveitingar 2020 |
|---|---|---|---|
| *10-211 Vegagerðin* | | | |
| **1.01 Almennur rekstur** | **905,7** | **-400,0** | **505,7** |
| Yfirstjórn, skrifstofuhald o.fl. | 263,7 | | |
| Viðhald vita og leiðsögukerfa | 200,0 | | |
| Vaktstöð siglinga | 292,0 | | |
| Rannsóknir | 150,0 | | |
| **1.07 Þjónusta** | **5.993,0** | **200,0** | **6.193,0** |
| Viðhald vegmerkinga | 1.600,0 | | |
| Samningar við sveitarfélög | 90,0 | | |
| Viðhaldssvæði | 600,0 | | |
| Vetrarviðhald | 3.703,0 | | |
| **1.15 Styrkir til almenningssamgangna** | **3.461,0** | **545,5** | **4.006,5** |
| Ferjur og sérleyfi | 2.455,0 | | |
| Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu | 1.006,0 | | |
| **6.10 Framkvæmdir á vegakerfinu** | | | |
| **Viðhald** | **9.960,0** | **500,0** | **10.460,0** |
| Viðhald bundinna slitlaga | 4.950,0 | | |
| Viðhald malarvega | 1.050,0 | | |
| Styrkingar og endurbætur | 1.850,0 | | |
| Veggöng | 600,0 | | |
| Brýr og varnargarðar | 700,0 | | |
| Umferðaröryggi | 500,0 | | |
| Vatnaskemmdir | 190,0 | | |
| Viðhald girðinga | 85,0 | | |
| Frágangur gamalla efnisnáma | 30,0 | | |
| Minjar og saga | 5,0 | | |

| Fjárhæðir í töflunni eru í m.kr. | Fjárlög 2020 | Fjáraukalög og millifærsla 2020 | Fjárveitingar 2020 |
|---|---|---|---|
| **Nýframkvæmdir** | | | |
| **Stofn- og tengivegakerfi** | **16.490,0** | **-500,0** | **15.990,0** |
| Almenn verkefni | 10.905,0 | -500,0 | |
| Tengivegir - bundið slitlag | 1.020,0 | | |
| Breikkun brúa | 500,0 | | |
| Hjóla- og göngustígar | 265,0 | | |
| Jarðgöng | 3.800,0 | | |
| **Annað en stofn- og tengivegir** | **585,0** | **0,0** | **585,0** |
| Héraðsvegir | 110,0 | | |
| Landsvegir utan stofnvegakerfis | 160,0 | | |
| Styrkvegir | 100,0 | | |
| Reiðvegir | 75,0 | | |
| Smábrýr | 50,0 | | |
| Girðingar | 60,0 | | |
| Samgöngurannsóknir | 20,0 | | |
| Sameiginlegur jarðgangakostnaður | 10,0 | | |
| **6.20 Framkvæmdir, vitar og hafnir** | **871,0** | **0,0** | **871,0** |
| Vitabyggingar | 15,0 | | |
| Sjóvarnargarðar | 120,0 | | |
| Landeyjahöfn | 713,0 | | |
| Ferjubryggjur | 3,0 | | |
| Hafna- og strandrannsóknir | 5,0 | | |
| Annað | 15,0 | | |
| **6.81 Vestmannaeyjaferja** | **0,0** | **532,0** | **532,0** |
| **6.82 Botndælubúnaður við Landeyjahöfn** | **144,0** | **0,0** | **144,0** |
| **Samtals:** | **38.409,7** | **877,5** | **39.287,2** |
| **10-241 Hafnarframkvæmdir** | | | |
| **6.70 Hafnabótasjóður** | **923,0** | **0** | **923,0** |

↑ **Tafla 1.** Skipting útgjalda.

### Skipting útgjalda

Í töflu 1 er sýnd skipting fjárveitinga til 10-211 Vegagerðarinnar á árinu 2020.

Fjárlagatalan án sértekna var 38.476 m.kr. og var það í samræmi við gildandi samgönguáætlun. Á fjáraukalögum bættust við 140 m.kr. sem styrkir til almenningssamgangna. 491 m.kr. kom úr varasjóði ráðuneytisins, þar af 431 m.kr. sem styrkir til almenningssamgangna og 60 m.kr. til uppbyggingar varnargarða við Vík í Mýrdal. Viðbótarfjármagn vegna heimildar til flýtingar á framkvæmdum var 4.649 m.kr. Millifærslur milli fjárlagaliða voru 393,1 m.kr. Heildarfjárveiting ársins var því 44.149,1 m.kr.

10-241 Hafnarframkvæmdir fengu auk þess 923 m.kr. skv. fjárlögum 2020 auk 458 m.kr. í tímabundið fjárfestingarátak 2020.

## 4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar

Útgjöld til almenns rekstrar í fjárlögum 2020 voru 1.135,5 m.kr. Sértekjur voru 233,3 m.kr. þannig að fjárveitingin var 902,2 m.kr. Undir almennan rekstur heyrir viðhald vita sem var 200 m.kr. á árinu 2020, kostnaður vegna Vaktstöðvar siglinga, sem var 292 m.kr. og rannsóknir 150 m.kr. á árinu 2020.

Fjárveiting til eiginlegs rekstrar stofnunarinnar var því 260,2 m.kr. Starfsemi, sem fellur undir þennan lið fyrir utan viðhald vita, Vaktstöð siglinga og rannsóknir er yfirstjórn Vegagerðarinnar, fjármálasvið, mannvirkjasvið, þjónustusvið og þróunarsvið.




← **Súlurit 1.** Framlag til Vegagerðarinnar á verðlagi ársins 2020.




← **Súlurit 2.** Framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

Verg landsframleiðsla hefur verið leiðrétt miðað við innleiðslu Hagstofunnar á ESA2010 staðli í september 2014.



← Haldnir voru fjölmennir morgunfundir áður en Covid brast á. Hér er fundað um ferðamenn á þjóðvegum landsins.



### Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 315 í lok árs 2020, í 309,3 stöðugildum en voru 300 í lok árs 2019, í 296,3 stöðugildum. Launagreiðslur voru 3.372 m.kr. á árinu 2020 og launatengd gjöld 853 m.kr. Tafla 2 sýnir fjölda fastra starfsmanna Vegagerðarinnar.

| | Höfuð-borgar-svæði | Suður-svæði | Vestur-svæði | Norður-svæði | Austur-svæði | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Félag íslenskra náttúrufræðinga | 10 | 2 | | 1 | | 13 |
| Fræðagarður | 10 | | 2 | 1 | 2 | 15 |
| Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga | 16 | | | | | 16 |
| Kjararáð | 1 | | | | | 1 |
| Rafiðnaðarsamband Íslands | 2 | | 1 | | | 3 |
| Samiðn | 4 | | 4 | 5 | | 13 |
| Sameyki | 39 | 8 | 3 | 3 | 1 | 54 |
| Starfsgreinasamband Íslands | 5 | 10 | 20 | 15 | 8 | 58 |
| Stéttarfélag bókasafnsfræðinga | 2 | | | | | 2 |
| Stéttarfélag lögfræðinga | 4 | | | | | 4 |
| Stéttarfélag tölvunarfræðinga | 2 | | | | | 2 |
| Stéttarfélag verkfræðinga | 64 | 3 | 6 | 5 | 3 | 81 |
| Verkstjórasamband Íslands | 12 | 5 | 15 | 13 | 8 | 53 |
| **Fjöldi starfsfólks samtals** | **171** | **28** | **51** | **43** | **22** | **315** |
| | | | | | | |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2021 | 171 | 28 | 51 | 43 | 22 | 315 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2020 | 139 | 24 | 58 | 59 | 20 | 300 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2019 | 107 | 34 | 65 | 64 | 22 | 292 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2018 | 97 | 40 | 66 | 63 | 22 | 288 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2017 | 105 | 41 | 66 | 61 | 23 | 296 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2016 | | | | | | 296 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2015 | | | | | | 288 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2014 | | | | | | 293 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2013 | | | | | | 281 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2012 | | | | | | 288 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2011 | | | | | | 292 |
| Fastir starfsmenn 1. janúar 2010 | | | | | | 302 |

↑ **Tafla 2.** Fjöldi fastra starfsmanna Vegagerðarinnar.

**Yfirstjórn og framkvæmdastjórn**
Í yfirstjórn eru forstjóri og framkvæmdastjórar sviða auk yfirlögfræðings. Svið stofnunarinnar eru fimm; fjármálasvið, mannvirkjasvið, þjónustusvið, þróunarsvið og skrifstofa forstjóra.

Fjármálasvið skiptist í fjórar deildir; fjárreiður, greining og fjárhagsáætlanir, rekstur og innkaup, og upplýsingatækni. Mannvirkjasvið skiptist í fjórar deildir; framkvæmdir, hafnir, hönnun og stoðþjónusta. Þjónustusvið skiptist í fjórar deildir; almenningssamgöngur, tækjabúnaður, vegaþjónusta og vöktun. Þróunarsvið skiptist í fjórar deildir; áætlanir og umhverfi, rannsóknir, skipulag, og umferð og umferðaröryggi. Skrifstofa forstjóra skiptist í fimm deildir; lögfræði, mannauður og öryggismál, samskipti, stafrænir innviðir og ferlar, og úttektir og eftirfylgni.

Innri endurskoðun heyrir undir forstjóra í skipuriti. Framkvæmdastjórn Vegagerðarinnar samanstendur af yfirstjórn auk svæðisstjóra af svæðum Vegagerðarinnar.

Svæði Vegagerðarinnar eru fimm; Höfuðborgarsvæði, Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði.

**Vaktstöð siglinga**
Vegagerðin er ábyrg fyrir starfsemi Vaktstöðvar siglinga og fer með fjárhagslegt og faglegt eftirlit með Vaktstöðinni. Vaktstöðin rekur ýmsar öryggisþjónustur fyrir siglingar og samgöngur á sjó, m.a. skipaeftirlitskerfið AIS, kaupskipaeftirlitskerfið LRIT og skipaöryggisnet hafsins SafeSeaNet sem allt eru öryggisþjónustur fyrir samgöngur á sjó ásamt tilkynningarskyldu íslenskra skipa.

↓

Nýtt merki Vegagerðarinnar var kynnt í febrúar 2020. Af því tilefni var flaggað í höfuðstöðvum stofnunarinnar í Borgartúni.







↑

Vinnuflokkur vita við störf í Dyrhólaey sumarið 2020.

**Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi**
Hlutverk Vegagerðarinnar er að sjá sjófarendum við Íslandsstrendur og á fiskimiðum við landið fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til siglinga með rekstri á margvíslegum leiðsöguvirkjum sem staðsett eru fyrir utan skip. Til slíkra leiðsöguvirkja teljast vitar og önnur leiðarmerki, föst eða fljótandi sem staðsett eru við strendur landsins og nefnast einu nafni landsvitakerfið. Vegagerðin veitir einnig tæknilega aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu hafnarvita og leiðarmerkja.

Einnig er rekið upplýsingakerfið Veður og sjólag á heimasíðu Vegagerðarinnar. Birtar eru veðurupplýsingar frá veðurstöðvum staðsettum í völdum vitum og upplýsingar frá öldumælum fyrir sjólag frá 11 öldumælum sem staðsettir eru hringinn í kringum landið.

Viðhald og eftirlit Vegagerðarinnar með vitum landsins skiptist í rekstur raf- og ljósabúnaðar annars vegar og hins vegar viðhald á vitabyggingum og leiðsöguvirkjum. Nauðsynlegt er að viðhalda ytra byrði vita vel þar sem þeir eru notaðir sem dagmerki við siglingar og vitarnir margir hverjir á stöðum sem eru útsettir fyrir saltroki og vindum og miklu veðurálagi.

Á árinu 2020 var farið í almennt viðhald á 20 vitum sem fólst í málningar- og múrvinnu ýmiskonar ásamt þrifum á gleri, speglum og linsum: Reykjanesviti, Gróttuviti, Kirkjuhólsviti, Malarrifsviti, Krossnesviti, Grímseyjarviti í Steingrímsfirði, Malarhornsviti, Straumnesviti vestan Haganesvíkur, Hríseyjarviti, Svalbarðseyrarviti, Grímseyjarviti í Grímsey, Tjörnesviti , Melrakkanesviti, Seleyjarviti, Karlsstaðartangaviti, Æðarsteinsviti, Dyrhólaeyjarviti, Málmeyjarviti, Krýsuvíkurbergsviti og Þormóðsskersviti.

Flestir landsvitar voru heimsóttir til tækjaeftirlits á vitabúnaði, fyrirbyggjandi viðhalds og endurnýjunar. Sinnt var almennu viðhaldi á siglingabaujum og þær þrifnar á sjó og rafhlöður endurnýjaðar í ljósduflum ásamt því sem legufæri og festur voru yfirfarnar. Veðurstöðvar í eyja- og skerjavitum voru einnig yfirfarnar. Þá sinntu starfsmenn Vegagerðarinnar eftirliti með tveimur vitum fyrir Faxaflóahafnir.

Þrjú öldudufl voru endurnýjuð á árinu 2020; Garðskagi, Straumnes og Grímseyjarsund. Jafnframt var unnið að endurbótum á móttökubúnaði þessara dufla.

Tveir öldumælar voru endurnýjaðir á árinu og fjarskiptasamband fyrir Kögur öldumæli endurbætt þar sem kopar símalína var lögð af og tekið upp ljósleiðarasamband í móttakara mælisins á landi.




↑
Vestari sandfangari í Vík í Mýrdal. Mynd Þórir Níels Kjartansson.

**Hafna- og strandrannsóknir**
Undir liðnum Hafna- og strandrannsóknir voru unnin verkefni að upphæð 80,6 m.kr. á árinu 2020. Verkefnin má flokka í fjóra flokka.

Í fyrsta flokknum eru verkefni tengd breytingum á höfnum, stækkunum hafna og áhrifum þeirra á kyrrð við kanta, alls 32,3 m.kr. Undir þessum flokki var unnið að eftirfarandi verkefnum: Þorlákshöfn, stækkun hafnarinnar fyrir stærri flutningaskip. Sauðárkrókshöfn, skoðun á stækkun hafnarinnar fyrir lengri og djúpristari skip. Reykjaneshöfn, skoðun á nýjum innri garði í Njarðvík til að auka kyrrð og umsvif. Skagaströnd, skoðun á ókyrrð í smábátahöfn. Grindavík, skoðun á áhrifum breikkunar á innsiglingu og hvernig auka megi kyrrð á móti. Hornafjörður, rannsóknir á Grynnslunum utan við Hornafjarðarós. Snæfellsbær, skoðun á áhrifum lengingar Norðurgarðs. Reykhólahreppur, skoðun á smábátahöfn. Siglufjörður, skoðun á áhrifum landbrots á Siglunesi. Vestmannaeyjar, undirbúningur að skoðun á áhrifum breytinga til að geta tekið á móti stærri skipum. Sandgerði, skoðun á innsiglingunni.

Í öðrum flokknum eru verkefni vöktun, greining og spá á veðurfari á sjó, alls 29,5 m.kr. Undir þennan flokk falla uppfærsla á vefnum Veður og sjólag, sjávarborðsmælingar í höfnum, skoðun og greining á undangengnum flóðaveðrum, endurskoðun á líkindadreifingu öldu á hafi, almennar öldufarsrannsóknir, auk uppfærslu á hugbúnaði fyrir öldufarsreikninga og hreyfingu skipa við kant.

Í þriðja flokkunum eru verkefni tengd vörnum gegn náttúruvá, alls 15,6 m.kr. Undir þennan flokk falla; greining á sjávarflóðum í Vík í Mýrdal og Sauðárkróki til ákvörðunar á hæð og umfangi sjóvarna, skoðun á sandflutningum við Suðurströndina og landrofi við Vík í Mýrdal, viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar fyrir landhæð á lágsvæðum og ákvörðun á lágmarkslandhæð, ölduspá og viðvörunarkerfi við Reynisfjöru sem var unnið fyrir styrk frá framkvæmdasjóði ferðamannastaða, skoðun á flóðum í Ólafsfirði vegna hárrar vatnsstöðu í Ólafsfjarðarvatni, hæð sjóvarna á Tálknafirði og frumskoðun á flóðbylgju í Súgandafirði.

Í fjórða flokknum eru rannsóknarverkefni tengd hafnarmannvirkjum og hönnun þeirra, 3,2 m.kr. Þar má nefna jarðtæknirannsóknir; rannsókn á stigaljósum, ásamt skoðun á tæringu stálþilja.



Auk verkefna sem greidd voru af liðnum hafna- og strandrannsóknir var unnið að fjórum verkefnum sem styrkt voru af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar, alls 4,2 m.kr. Þessi verkefni eru; yfirfærsla á dýptarmælingum nokkurra staða þar sem eru tíðar breytingar í dýpi í GIS kerfi til að fylgjast með dýptarbreytingum og auðvelda samanburð milli mælinga, gerð kóða til úrvinnslu öldu og soga úr sjávarborðsmælingum, þróun á kerfi sjávarborðsmæla við Ísland og sjávarborðsrannsóknir.

Auk ofangreinds var unnið að rannsóknar- og þróunarverkefnum sem greidd voru af ýmsum aðilum, fyrir alls 12,0 m.kr. Þau helstu voru; fyrir Björgun ehf. voru unnir öldufarsreikningar á Kollafirði vegna umsjónar um efnistöku, fyrir Orku náttúrunnar ohf. voru unnir öldufarsreikningar af Skorradalsvatni og mat á rofi fyrir mismunandi vatnshæðir, fyrir Faxaflóahafnir var unnið að greiningu á sjávarflóðum á Granda í Örfirisey til ákvörðunar á hæð og umfangi sjóvarna.

Árið 2020 var varið meistaraverkefni í umhverfisverkfræði við Háskóla Íslands sem unnið var að tilstuðlan Vegagerðarinnar. Þar var beitt nýrri aðferðafræði við mat á aftaka sjávarflóðum. Verkefnið hefur nýst við greiningu og skoðun á hættu af sjávarflóðum.

Hafnadeild tók þátt í alþjóðlegu samstarfi á vegum PIANC en vegna heimsfaraldurs varð ekki úr þátttöku í ráðstefnum á sviði strandverkfræði og hafnargerðar.

**Vöktun og upplýsingaþjónusta**
Þjónustusvið rekur vöktunar- og upplýsingadeild sem sér um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar, en þjónusta við vegfarendur felst m.a. í margs konar kynningarstarfsemi og upplýsingaþjónustu.

Vegagerðin rekur nú öflugt upplýsingakerfi um færð, veður og ástand vega um allt land til að mæta auknum þörfum og kröfum vegfarandans um greinargóðar upplýsingar um flest það sem hann varðar þegar hann er á ferð um vegakerfið. Vöktun er rekin allan sólarhringinn með öryggisvöktun í jarðgöngum en einnig með vöktun á ástandi á vegakerfinu.

Safnað er saman fjölþættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, ásþunga, frost í jörðu, veður og færð. Flest þessara mælitækja eru sjálfvirk og er þessum upplýsingum miðlað samtímis, um alla helstu upplýsingamiðla landsins, til þeirra sem á þeim þurfa að halda.

↓
Vaktstöð Vegagerðarinnar í Reykjavík. Þar er meðal annars fylgst með Hvalfjarðargöngum.



## 4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald

Samkvæmt fjárlögum voru fjárveitingar til þjónustu vegakerfisins 5.983,2 m.kr. Viðbót kom úr almennum varasjóði 100 m.kr. og almennum rekstri 400 m.kr. Samtals 6.483,2 m.kr. Samkvæmt fjárlögum voru fjárveitingar til almenningssamgangna 3.540,4 m.kr., í fjáraukalögum voru 140 m.kr. og auk þess var flutt úr almennum varasjóði um 521 m.kr. og 300 m.kr. vegna loftbrúa samtals 4.501 m.kr.




← **Súlurit 3.** Fjárveitingar til almennrar þjónustu á verðlagi ársins 2020.




← **Súlurit 4.** Kostnaður við almenna þjónustu á verðlagi ársins 2020.




← **Súlurit 5.** Fjárveitingar til vetrarviðhalds á verðlagi ársins 2020.






↑ Gert við snjóblásara við snjómokstur á Bíldudalsvegi (62).

### 4.1.4.1 Þjónusta

Fjárveiting til þjónustu stofn- tengi- og héraðsvega á fjárlögum var 5.993 m.kr. Auk þess voru sértekjur rekstrardeildar og svæða, sem áætlaðar voru 198 m.kr. í fjárlögum. Alls voru því 6.191 m.kr. til ráðstöfunar. Verkefni í þjónustu skiptast í fimm meginflokka; viðhald vegmerkinga, samninga við sveitarfélög, viðhaldssvæði, hreinsun og vetrarviðhald. Heildarkostnaður við þjónustu vega var 6.651 m.kr. á árinu 2020, 2.347 m.kr. vegna sumarþjónustu og 4.304 m.kr. vegna vetrarþjónustu.

**Viðhald vegmerkinga**

Fjárheimildum til vegmerkinga, 1.600 m.kr. er ætlað að greiða fyrir lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingar, endurnýjun og viðhald á kantstikum, vegrið og umferðarmerki. Kostnaður vegna viðhalds vegmerkinga var 1.424,4 m.kr. á árinu 2020.

**Samningar við sveitarfélög**

Fjárheimild til þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis, 90 m.kr. var varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli. Samkvæmt 14. grein vegalaga, nr. 80/2007, er forstjóra Vegagerðarinnar heimilt að fela öðrum veghald einstakra vegarkafla þjóðvega að nokkru eða öllu leyti. Gerðir voru samningar við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á vegum innan þeirra, en frá árinu 2011 hefur Vegagerðin yfirtekið mikinn hluta þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var 85,9 m.kr. á árinu 2020.

**Viðhaldssvæði**
Fjárheimildum til viðhaldssvæða, 535 m.kr. var varið til að greiða kostnað við umsjónar- og eftirlitsvinnu með vegamannvirkjum, merkingar vegna vegaskemmda og takmarkana á ásþunga, hreinsun vegsvæða, viðgerðir á skemmdum vegna úrrennslis, afvötnun vega og sérstök verkefni. Kostnaður vegna þessara verkefna var 718,5 m.kr. á árinu 2020.

**Hreinsun vegsvæða**
Fjárheimildum til hreinsunar vegsvæða, 100 m.kr. var varið til að greiða kostnað við hreinsun vegsvæða. Kostnaður vegna þessara verkefna var 118,2 m.kr. á árinu 2020

**Vetrarviðhald**
Fjárheimildum til vetrarviðhalds er ætlað að greiða allan kostnað við snjómokstur og hálkuvarnir á vegakerfinu í samræmi við gildandi snjómokstursreglur. Innifalið í þeim kostnaði er einnig stjórnun og stýring vetrarþjónustunnar, uppsetning og rekstur mælitækja og upplýsingabúnaðar um færð á vegakerfinu og ástand vega að vetri til. Kostnaður við vetrarviðhald var um 4.304 m.kr. á árinu 2020.

Í töflu 3 kemur fram hvernig kostnaður við vetrarviðhald á árinu 2020 skiptist á milli svæða Vegagerðarinnar. Á undanförnum árum hefur þjónustumagn að vetri til aukist. Munar þar mestu um meiri þjónustu vegna óhagstæðara veðurfars en einnig hefur aukin umferð á einstökum leiðum leitt til fjölgunar snjómokstursdaga og aukinnar þjónustu. Ákall er um aukna og breytta þjónustu, vegna aukinna umsvifa í samfélaginu og sérþarfa vegna mikils fjölda erlendra ferðamanna.

Súlurit 5 sýnir þróun fjárheimilda til vetrarviðhalds á árunum 2010-2020 og súlurit 6 sýnir þróun í kostnaði sömu ár. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2020.

| Svæði/ útgjaldaliður | Sameiginlegt m.kr. | Suðursvæði m.kr. | Vestursvæði m.kr. | Norðursvæði m.kr. | Austursvæði m.kr. | Samtals m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vetrarviðhald | 302 | 1.151 | 1.167 | 577 | 577 | 4.304 |

↑ **Tafla 3.** Skipting kostnaðar við vetrarviðhald.




← **Súlurit 6.** Kostnaður við vetrarviðhald á verðlagi ársins 2020.



## Styrkir til almenningssamgangna á landsbyggðinni

Gert var ráð fyrir 3.540,4 m.kr. fjárframlagi til þessa liðar á fjárlögum auk 140 m.kr. á fjáraukalögum, samtals 3.680,4 m.kr. Heimsfaraldur Covid 19 hafði talsverð áhrif á rekstur almenningssamgangna hjá Vegagerðinni. Farþegum fækkaði og tekjur lækkuðu. Farið var í ýmsar hagræðingaraðgerðir til að mæta breyttum aðstæðum sem fólu í sér, í einhverjum tilfellum, þjónustuskerðingu þá aðallega með fækkun ferða með landsamgöngum.

**Ferjur**
Heildarkostnaður á árinu 2020 var 1.735,6 m.kr. sem er um 2,5% lækkun frá fyrra ári. Farþegum fækkaði um 26% á milli áranna 2019 og 2020 en þó mismikið á milli ferja. Fækkun farþega var ríflega 31% til og frá Vestmannaeyjum en 15% aukning var til og frá Hrísey. Tafla 4 sýnir hvernig hið opinbera styrkti ferjuleiðir á árinu 2020.

Samningur á milli Vestmannaeyjabæjar (Herjólfur ohf.) og Vegagerðarinnar um rekstur Herjólfs var endurskoðaður með tilliti til reynslunnar á rekstri á nýrri ferju og var samningurinn framlengdur til ársins 2023. Reynsla af rekstri ferjunnar er góð og hlutfall ferða til Landeyjahafnar er sífellt að batna með aukinni reynslu og þekkingu. Hleðsluturnar fyrir rafmagn eru nú bæði í Landeyjahöfn og Vestmannaeyjahöfn og við bestu aðstæður siglir ferjan eingöngu á rafmagni á milli lands og eyja.

| | Rekstrarstyrkur m.kr. | Annar kostnaður m.kr. | Samtals m.kr. |
|---|---|---|---|
| Vestmannaeyjaferja, Herjólfur | 743,0 | 312,7 | 1.055,7 |
| Breiðafjarðarferja, Baldur | 336,2 | 0,1 | 336,3 |
| Hríseyjarferja, Sævar | 124,8 | 23,0 | 147,8 |
| Grímseyjarferja, Sæfari | 142,8 | 5,6 | 148,4 |
| Mjóafjarðarferja | 38,7 | 0,0 | 38,7 |
| Norðurfjörður | 0,9 | 0,0 | 0,9 |
| Sameiginlegur kostnaður | 0,0 | 7,9 | 7,9 |
| **Samtals** | **1386,3** | **349,3** | **1.735,6** |

↑ **Tafla 4.** Kostnaður við ferjur.

→ **Súlurit 7.** Samanburður á farþegafjölda eftir ferjum árin 2019 og 2020.



## Landsamgöngur

Heildarkostnaður almenningsvagna á landsbyggðinni á árinu var 880,7 m.kr. Þann 1. janúar 2020 tók Vegagerðin við rekstri almenningsvagna á landsbyggðinni, að Austurlandi fráskyldu, en Austurbrú heldur áfram utan um almenningssamgöngur á Austurlandi.

Þeir samningar sem voru fyrir við verktaka voru framlengdir til ársloka 2020. Farið var í útboð um sumarið á landsamgöngum og voru boðnir út fjórir hlutar: Vestur- og Norðurland, Suðurland, Reykjanes og Norður- og Norðausturland. Tveir rekstraraðilar fengu tilboð sín samþykkt og tóku við rekstri landsamgangna 1. janúar 2021. Tafla 5 sýnir opinbera styrki til landsamgangna á árinu 2020.

Heimsfaraldur Covid hafði áhrif á rekstur landsamgangna, eins og súlurit 8 sýnir, og hafa einhverjir rekstraraðilar nýtt sér úrræði stjórnvalda að einhverju marki eins og hlutabótaleiðina. Farþegatekjur í landsamgöngum drógust saman um rúm 45% milli ára úr 360 m.kr. í 196 m.kr. Þá var farið í hagræðingu á fyrirhuguðum rekstri útboðshlutanna fjögurra í samvinnu við rekstraraðila. Hagræðing er samkvæmt áður skilgreindu svigrúmi í útboðsgögnum.

| | Kostnaður m.kr. |
|---|---|
| Sameiginlegur kostnaður | 35,5 |
| Reykjanes | 158,6 |
| Suðurland | 179,6 |
| Vestur- og Norðurland | 207,0 |
| Norður- og Norðausturland | 95,3 |
| Vestfirðir | 24,9 |
| Austurland | 86,0 |
| Þjónustusamningur við Strætó | 93,8 |
| **Samtals** | **880,7** |

← **Tafla 5.** Kostnaður við landsamgöngur




← **Súlurit 8.** Samanburður á farþegafjölda (landsamgöngur) eftir mánuðum 2019 og 2020.

## Styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu

Fjárframlag til þessa liðar var 900 m.kr. Áformað er að byggja upp almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og tengingar við aðra landshluta. Verkefnið er til 10 ára og skal verja hluta af kolefnisgjaldi til að fjármagna það.

Með tilkomu Borgarlínu og endurskoðun leiðakerfis á höfuðborgarsvæðinu verður að huga að tengingu landsbyggðavagna við hið nýja kerfi.



## Styrkir til innanlandsflugs

Framlag til þessa liðar var 530,9 m.kr. sem er um 15% hækkun frá fyrra ári. Rekstur flugs var nokkuð þungur á árinu vegna heimsfaraldurs Covid en farþegum fækkaði mikið og fargjaldatekjur lækkuðu talsvert, mest til og frá Hornafirði, sjá súlurit 9.

Ríkisstyrkt áætlunarflug var til sex áfangastaða á árinu 2020. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Bíldudals, Gjögurs og Hornafjarðar og frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar.

Flugleiðir til þriggja áfangastaða voru settar í útboð á árinu, Höfn, Gjögur og Bíldudalur og tóku nýir samningar gildi 15. nóvember í ár og eru til þriggja ára.

→ **Tafla 6.** Kostnaður við innanlandsflug.

| | Kostnaður m.kr. |
|---|---|
| Bíldudalur | 208,6 |
| Norðursvæði | 125,7 |
| Höfn | 144,2 |
| Gjögur | 36,1 |
| Sameiginlegur kostnaður | 16,3 |
| **Samtals** | **530,9** |

→ **Súlurit 9.** Samanburður á flugi eftir flugleið árin 2019 og 2020.




→ Stoppistöð fyrir Strætó á landsbyggðinni á bensínstöð N1 á Húsavík.






↑ Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra kynnir Loftbrú sem veitir íbúum á landsbyggðinni afslátt af innanlandsflugi.

**Loftbrú**
Sérstakt niðurgreiðslukerfi á innanlandsflugi sem er byggt á skoskri fyrirmynd var innleitt í september. Kerfið sem nefnist Loftbrú, veitir um 60 þúsund íbúum landsbyggðarinnar 40% afslátt af miðaverði á þrem flugleggjum til og frá Reykjavík á árinu 2020. Frá og með 1. janúar 2021 mun kerfið veita notendum afslátt af sex flugleggjum ár hvert. Eitt af markmiðum niðurgreiðslu flugfargjaldanna var að jafna aðstöðu kynjanna á landsbyggðinni og samkvæmt súluriti 10 eru konur í meirihluta notenda. Vegna heimsfaraldurs Covid, sem hafði áhrif á fjölda farþega með innanlandsflugi, varð á nýting á niðurgreiðslukerfi Loftbrúar minni en áætlanir gerðu ráð fyrir en heildarkostnaður nam um 75,4 m.kr.




← **Súlurit 10.** Fjöldi notenda Loftbrúar eftir kyni og aldri árið 2020.






→ **Súlurit 11.** Fjöldi notenda Loftbrúar eftir mánuðum árið 2020.

**Sameiginleg verkefni**
Fjármögnun: Samgönguáætlun 2020, undirbúningur verka utan áætlunar

Hlutur Vegagerðarinnar í vinnu við kortlagningu umferðarhávaða frá stofnvegum. Meðal annars innleiðing á samevrópska reiknilíkaninu fyrir umferðarhávaða, CNOSSOS. Lidar hæðarlíkan af höfuðborgarsvæðinu var greitt af þessum lið.

Kostnaður: 7 m.kr.

↓ Samhliða nýrri mörkun Vegagerðarinnar voru hannaðar nýjar merkingar á bíla Vegagerðarinnar.



### 4.1.4.5 Rannsóknir

Auglýst var eftir umsóknum í rannsóknasjóð Vegagerðarinnar í byrjun árs. Auglýsingin birtist á vef Vegagerðarinnar, í Framkvæmdafréttum og í tölvupósti sem sendur er til þeirra sem sent hafa inn umsóknir undanfarin þrjú ár. Í auglýsingunni var eftirfarandi texti varðandi áherslur: „Rannsóknum Vegagerðarinnar er skipt í fjóra megin flokka: Mannvirki; Umferð; Umhverfi; Samfélag. Áherslur Vegagerðarinnar fyrir þessa flokka taka almennt mið af hlutverki rannsókna stofnunarinnar sem er m.a. að stuðla að því að hún geti uppfyllt þau markmið sem henni eru sett á hverjum tíma sem og að afla nýrrar þekkingar á starfssviði hennar. Í nýrri stefnu Vegagerðarinnar fyrir árin 2020-2025 sem má finna á heimasíðu Vegagerðarinnar, kemur fram að hlutverk Vegagerðarinnar er að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum á sjó og landi. Þá skal hún stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið. Rannsóknaverkefni ættu því að taka almennt mið af þessu.“

Umsóknarfrestur rann út 14. febrúar 2020. Alls bárust 135 umsóknir að upphæð 390 m.kr. Þetta er sambærileg tala umsókna miðað við árið á undan. Alls var veitt 146 m.kr. í 71 verkefni. Meðalfjöldi styrkja á ári frá 2005 til og með 2020 er um 95. Heildarupphæð styrkja er svipuð og undanfarin ár, utan 2013, þegar upphæðin var 159 m.kr. Á fjárlögum fyrir 2020 voru sjóðnum markaðar 150 m.kr. Lista yfir flest verkefni sem fengu styrk árið 2020 er að finna í töflu 7 (ath. flokkun verkefna er samkvæmt ákvörðun umsækjanda).

↓ **Tafla 7.** Rannsóknaverkefni.

| **Mannvirki** | |
|---|---|
| Eiginleikar þjálbiks á Íslandi sumarið 2020 | Nákvæmni mælinga á bikinnihaldi í íslensku malbiki |
| Einkenni jarðskjálftasvörunar hraunlaga undir vegum og brúm út frá mælingum á jarðóróa | Nýting malbikskurls í burðarlag vega |
| Endurskoðun EC7, jarðtæknihönnun | Roadex, samvinnuvettvangur vegagerða í Norður Evrópu |
| Greining á flóðatíðni vegna loftslagsbreytinga og áhrif á hönnunarflóð | Sigmælingar með LiDAR á þyrildi |
| Greining á innri gerð slitlaga með X-ray tomography | Slitlög |
| Greining gagna úr veggreini til ástandsskoðana | Slitþolið hástyrkleikasteypt 50 mm lag á brýr – þróun og blöndun |
| Handbók fyrir framkvæmdaeftirlit hjá Vegagerðinni | Steinefnaprófanir á tveimur steypuefnasýnum |
| Leiðbeiningar við notkun valtara með þjöppumæli og staðsetningarbúnað, í vegagerð. | Sveigjanleg og aðlögunarhæf skipulagsgerð fyrir hafnir |
| Mat á aðgerðum sem stuðla að bætta öryggi vegkafla og vegamóta - TARVA aðferðin | Tæring málma í andrúmslofti á Íslandi |
| | Tæring stálþilsbryggja á Íslandi - Framhald |
| | Upgrade and expansion of the Icelandic Strong Motion Network (IceSMN) |
| | Vistvæn brúarsteypa |
| | Þróun á endafrágangi brúarmannvirkja til að lágmarka viðhald vega við brúarenda |

| **Samfélag** | |
|---|---|
| Hagnýting sálfélagslegra áhrifaþátta til að umbreyta ferðavenjum mismunandi markhópa | Öryggisupplifun, viðhorf og ferðamáti ungs fólks og foreldra þeirra, borið saman við raunverulega slysahættu |
| Samgöngubætur á Austurlandi | |





→ Öldumælingadufl frá Surtsey merkt Siglingastofnun fannst við Frakklandsstrendur í desember 2020. Duflið týndist í ágúst 2019.

| **Umferð** | |
|---|---|
| 2-1 vegir | Hraðatakmarkandi aðgerðir |
| Áhrif hraða á magn mengandi efna frá umferð | Hönnun ljósastýrðra gatnamóta |
| Áhrif vinds á farartæki - Þróun reiknilíkans | NORDUST II |
| Farsímagögn inn í umferðarlíkan - framhald | Notkun gagna Vegagerðarinnar í umferðaröryggisstjórnun |
| Gerð vindhviðu kortaþekju fyrir helstu þjóðvegi | Notkun reiknilegra straumfræðilíkana við mat á slysaáhættu ökutækja |
| Greining á græntíma og afköstum | Samanburður á slysatíðni vetrarþjónustuflokka á þjóðvegum í dreifbýli |
| Greining ferðatíma hjólandi í samgöngulíkani og samanburður við mælingar | Samgöngumat - leiðbeiningar |
| Grunnnet samgangna – almenningssamgöngur | Samsetning og uppruni svifryks í Hvalfjarðargöngum |
| Grunnnet samgangna – hjólreiðastígar | Slysastaðagreining á þjóðvegum í þéttbýli |
| | Virkar hraðahindranir |

| **Umhverfi** | |
|---|---|
| Afkoma og hreyfing Breiðamerkurjökuls og afrennsli leysingavatns til Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi | Langtímabreytingar á strandlínu á suðurströnd Íslands. |
| Decarbonization Scenarios for Reykjavik's Passenger Transport II: The Combined Effects of Behavioral Changes and Fleet Change | Mat á mengunarhættu vegna umferðar um vatnsverndarsvæði. Grundvöllur stefnumarkandi leiðbeininga um hönnun og rekstur vega innan sl. svæða |
| Endurheimt staðargróðurs á framkvæmdasvæðum | Samanburður á mælingum á sjávarborði og líkanreikningum með Delft3D-FM og greining áhrifaþátta strandflóða |
| Grímsvötn: vatnsgeymir, jökulhlaup, upphaf og rennsli | Samsetning og uppruni svifryks á Akureyri |
| Kolefnissparnaður af endurvinnslu steypu í vegagerð | Vöktun þungmálma í andrúmslofti með mælingum á mosa á Íslandi og þátttaka í rannsóknarsamstarfi Evrópu |
| Landmótun fornra ísstrauma á Norðausturlandi | |

### 4.1.4.6 Viðhald

Fjárveiting á fjárlögum til viðhalds stofn-, tengi- og héraðsvega á árinu 2020 var 9.960 m.kr. og þar til viðbótar 1.000 m.kr. frá ráðuneyti í tengslum við aðgerðir vegna Covid-19. Til viðbótar voru fengnar að láni 500 m.kr. frá nýframkvæmdum tímabundið 2019 sem greitt var til baka af heimild 2020. Halli á viðhaldi 2019 var 437 m.kr. Einnig voru 130 m.kr. færðar af fjárheimild héraðsvega og 162 m.kr. vegna viðgerða á Lagarfljótsbrú á viðhaldsfjárheimildir 2020. Heildarfjármagn til viðhalds var því 10.315 m.kr.

Verkefni viðhaldsins skiptist í tíu meginflokka; viðhald bundinna slitlaga, viðhald malarvega, styrkingar og endurbætur, brýr og varnargarðar, umferðaröryggi, veggöng, vatnaskemmdir, viðhald girðinga, frágangur gamalla efnisnáma og minjar og saga. Heildarkostnaður við viðhald vega var 10.891 m.kr. á árinu 2020. Skuld í viðhaldsfjárveitingum í lok árs 2020 er því 576 m.kr.

Viðhald þjóðvegakerfisins felur í sér að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir.

Í vegaskrá er heildarlengd þjóðvega 12.901 km og samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Í töflu 8 má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun á árinu 2020.

| Svæði / vegflokkur | Höfuðborgar-svæði km | Suður-svæði km | Vestur-svæði km | Norður-svæði km | Austur-svæði km | Samtals km | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofnvegir | 129 | 908 | 1.319 | 1.176 | 887 | 4.419 | 34% |
| Tengivegir | 62 | 871 | 929 | 1.091 | 447 | 3.400 | 26% |
| Héraðsvegir | 39 | 672 | 739 | 848 | 335 | 2.633 | 20% |
| Landsvegir | | 591 | 226 | 682 | 470 | 1.969 | 15% |
| Stofnvegir um hálendi | | 276 | 40 | 164 | | 480 | 4% |
| **Samtals km** | **230** | **3.318** | **3.253** | **3.961** | **2.139** | **12.901** | **100%** |

↑ **Tafla 8.** Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi.




← **Súlurit 12.** Heildarakstur, eftir svæðum Vegagerðarinnar í milljónum km.





→ Rafvirkjar Vegagerðarinnar fengu far með þyrlu Landhelgisgæslunnar til að sinna viðhaldi í Galtarvita.




→ **Súlurit 13.** Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári.

↓ **Tafla 9.** Skipting viðhaldskostnaðar 2020.

| Svæði/útgjaldaliður | Sameigin-legt m.kr. | Suður-svæði m.kr. | Vestur-svæði m.kr. | Norður-svæði m.kr. | Austur-svæði m.kr. | Samtals m.kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Efnisvinnsla | 0 | 28 | 42 | 144 | -57 | 157 |
| Frágangur gamalla efnisnáma | 4 | 5 | 3 | 4 | 0 | 16 |
| Bundin slitlög | 153 | 2.608 | 1.095 | 1.050 | 542 | 5.448 |
| Malarslitlög | 0 | 273 | 385 | 400 | 146 | 1.204 |
| Styrkingar endbætur | 26 | 740 | 545 | 340 | 154 | 1.805 |
| Brýr og varnargarðar | 37 | 190 | 179 | 24 | 289 | 719 |
| Veggöng | 7 | 354 | 65 | 116 | 71 | 613 |
| Öryggisaðgerðir | 44 | 180 | 144 | 126 | 97 | 591 |
| Vatnaskemmdir | 3 | 6 | 121 | 64 | 8 | 202 |
| Viðhald girðinga | 0 | 18 | 36 | 60 | 15 | 129 |
| Minjar og saga | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 |
| **Samtals** | **280** | **4.402** | **2.615** | **2.328** | **1.265** | **10.890** |



Bjarnareyjarviti stendur eins og kastali efst í hömrum.




**Súlurit 14.** Fjárveitingar til viðhalds þjóðvega á verðlagi ársins 2020.






**Súlurit 15.** Kostnaður við viðhald þjóðvega á verðlagi ársins 2020.

**Tafla 10.** Viðhald bundinna slitlaga.

| Viðhald bundinna slitlaga 2020 | m.kr. |
|---|---|
| Suðursvæði | 2.608 |
| Vestursvæði | 1.095 |
| Norðursvæði | 1.050 |
| Austursvæði | 543 |
| Miðstöð | 152 |
| **Heildarkostnaður:** | **5.448** |

## Efnisvinnsla

Á hverju ári er boðin út vinnsla eða kaup á steinefni í malarslitlag, klæðingu og burðarlag vega, sem síðan er selt viðkomandi framkvæmdum. Nauðsynlegt er að til sé unnið steinefni á vorin þegar framkvæmdir hefjast og þá unnið eða keypt árið áður. Nokkrar sveiflur eru í kostnaði við efnisvinnslu milli ára. Á árinu 2020 var kostnaður við öflun efnis 157 m.kr. umfram sölu efnis.



Sauðárkróksbraut (75). Frágangur kanta eftir sementsfestun og klæðingu á Hegranesi í Skagafirði.



↑
Gæsafjölskylda á leið í sund í Arnarfirði.

**Viðhald bundinna slitlaga**
Stærsti kostnaðarliður í viðhaldi rennur til viðhalds bundinna slitlaga. Fjármagnið er notað til yfirlagna og viðgerða á tilfallandi skemmdum. Kostnaður við þennan málaflokk á árinu 2020 var 5.448 m.kr. Við ráðstöfun fjárins er mikilvægt að meta ástand eldri slitlaga og forgangsraða eftir aldri, skemmdum, hjólfaradýpt og umferðarmagni. Stærsti hluti bundinna slitlaga eru klæðingar, en malbik er notað í meira mæli á umferðarþyngri vegi og í og við þéttbýli.

Árlega er mikil vinna lögð í að ástandsmeta eldri slitlög og skrá þær upplýsingar í gagnagrunna Vegagerðarinnar til frekari úrvinnslu. Mjög mikilvægt er að allar upplýsingar um aldur og ástand bundinna slitlaga séu sem nákvæmastar og uppfærðar á hverju ári, með nýjustu upplýsingum um nýframkvæmdir og viðhald. Jafnframt þarf að endurskoða árlega kostnaðartölur um nýlagnir í klæðingum og malbiki. Nauðsynlegt er að uppfæra umferðartölur reglulega og skipta þeim niður á akreinar með sem bestri nákvæmni.

Allar upplýsingar um ástand slitlaga eru færðar yfir í viðhaldsstjórnunarforritið RoSy. Forritið er öflugt verkfæri sem hjálpar til við að reikna út hvaða vegarkafla, með tilliti til hagkvæmni, er best að ráðstafa viðhaldsfé til á komandi ári. Forritið reiknar auk þess út hvar ber að verja fé til fyrirbyggjandi viðhalds eða viðgerða áður en kemur að endurnýjun bundins slitlags.

Vegir með bundnu slitlagi eru samtals um 5.800 km og því er augljóst að viðhaldsstjórnunarforrit eins og RoSy er nauðsynlegt verkfæri til að hjálpa til að taka ákvarðanir um viðhald og endurnýjun á umfangsmiklu vegakerfi. Forritið reiknar einnig út allar kostnaðartölur á þeim aðgerðum sem það leggur til. Stór hluti forritsins er því línulegt bestunarlíkan sem reiknar hagkvæmi þess að ráðast í viðhald á viðkomandi vegarkafla strax, eða fresta aðgerðum fram til næstu ára. Að öllu jöfnu reiknar forritið til 12 ára, en Vegagerðin nýtir aðallega niðurstöður næstu 3ja ára.

Markmiðið með þessari aðferðarfræði er að nýta þá fjármuni sem lagðir eru til viðhalds bundinna slitlaga á hagkvæman og skilvirkan hátt og ná jafnframt fram auknum aðgerðum innan fjárheimilda málaflokksins. Þrátt fyrir takmarkað fjármagn á undanförnum árum hefur árangurinn verið góður, þar sem mun meiri skilningur er nú fyrir hendi á að ávallt er arðsamt til lengri tíma að veita fjármagni til viðhalds samgöngumannvirkja.



**Viðhald malarvega**
Fjárheimild til viðhalds malarvega er notuð til endurnýjunar og viðgerða malarslitlaga, heflunar og rykbindingar. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum. Kostnaður við viðhald malarvega á árinu 2020 var 1.204 m.kr.

**Styrkingar og endurbætur**
Fjárheimildum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Ljóst er að á næstu árum verður nauðsynlegt að ráðast í meira mæli í styrkingu vegakerfisins þar sem endurnýjun þess og viðhald er langt undir þörfum. Vegir landsins eru margir komnir til ára sinna og aldur þeirra almennt kominn fram yfir hannaðan líftíma.

**Helstu verkefni svæða:**

**Suðursvæði**
Endurmótun á 2,2 km hluta Biskupstungnabrautar 35-03 hófst haustið 2019 og var klárað 2020. Kaflinn nær frá gatnamótum við Laugarvatnsveg 37-01 og um 2,2 km í átt að Borg. Slitlag vegarins var lélegt og vegurinn missiginn. Vegurinn var breikkaður upp í 8 m breiðan veg með 7,8 m breiðu bundnu slitlagi og hann styrktur með sementsfestun. Einnig var vegurinn endurmótaður frá enda sementsfestunarinnar og að hringtorginu við Borg; um 2,4 km langur kafli. Slitlag vegarins var lélegt og vegurinn missiginn. Vegurinn var breikkaður upp í 8 m breiðan veg með 7,8 m breiðu bundnu slitlagi (malbiki). Endurmótaður og styrktur um 2,7 km langur hluti Laugarvatnsvegarins 37-01 frá gatnamótum við Biskupstungnabraut (35-03/04) og að afleggjaranum að Þóroddsstöðum. Vegurinn var breikkaður úr 6-7 m upp í 8 m heildarbreidd með 7,8 m breiðri klæðingu, ásamt tilheyrandi lagfæringum á fláum og eftir atvikum reiðvegum og lengingum á ræsum eða ný sett í staðinn fyrir ónýt ræsi. Hluti kostnaðar í styrkingu 0,8 km langs hluta Hringvegar í Vík í Mýrdal, sem var mjög illa farinn, og var malbikaður.

Einnig voru unnin allmörg smærri verk á svæðinu. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2020 var 740 m.kr.

↓
Laugarvatnshellavegur (367). Þvottabretti á malarvegi milli Lyngdalsheiðarvegar og Laugarvatnshella.



**Vestursvæði**
Styrking með sementi á rúmlega 4 km kafla Hringvegar ofan brúar á Norðurá við Sveinatungu. Upphafsstöð kaflans 3.690. Í kaflann var bætt 250 m³ af burðarlagsefni til afréttingar. Áður var kaflinn talsvert ósléttur og pollamyndun í hjólförum. Dýpt fræsingar var 170 mm og var 635 tonnum af sementi bætt í kaflann. Kaflanum var lokað jafn óðum og festun var famkvæmd með einföldu lagi klæðingar og 4-8 mm steinefni.

Samhliða festun á 1-h3 var lagfært slæmt sig á Hringveginum ofan brúar á Norðurá við Fornahvamm. Samtals var fræst upp 300 m af yfirborðinu og keyrt í það 150 m³ af burðarlagsefni til að lagfæra hæðarlegu vegarins. Sigið varð vegna þess að fyllt var yfir eldri vegskurði þegar vegurinn var lagður á sínum tíma. Festun var 170 mm þykk og notuð 47 tonn af sementi í hana.

Styrking með sementsfestun á 1,5 km kafla á Bíldudalsvegi frá st. 13.100 að gatnamótum við Bíldudal. Vegur hafði fyrir styrkingu mjög lítinn burð og var frekar mjór eða 6,2 m og afmyndaður með sliguðum öxlum. Í kaflann fóru 550 m³ af burðarlagsefni og festunin 170 mm þykk. Notuð voru tæp 200 tonn af sementi og að festun lokinni var klætt yfir með 4-8 mm klæðingu jafn óðum og fest var. Kaflinn var í beinu framhaldi klæddur í heild með 7 m breiðri klæðingu.

Tálknafjarðarvegur endurmótaður út að Polli (náttúrulaug) milli stöðva 0 - 6200 og yfirfarinn með brjót.

Vegur styrktur við Kvígindisfell á 1.800 m kafla.

Allmörg smærri verk voru auk þess unnin á svæðinu. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2020 var 542 m.kr.

**Norðursvæði**
Gatnamót Hörgárbrautar (Hringvegar) og Hlíðarbrautar endurnýjuð. Mikið sig var á gatnamótunum og að hluta hliðarhalli sem var farinn að skapa hættu, sérstaklega fyrir stóra bíla. Fjarlægja þurfti allt malbik og miðeyjar og var allt svæðið hækkað upp í upprunalegt horf. Lögð voru tvö lög af malbiki á göturnar, burðarlagsmalbik og slitlagsmalbik. Nýjar miðeyjar lagðar og gönguleiðir bættar. Lagnir vegna umferðarljósa bættar og sett ný ljós með beygjuörvum.

Styrking Sauðárkróksbrautar á kafla 75-02 milli st. 13.880 - 13.980 og kafla 75-03 milli st. 0-1.768. Vegurinn var fræstur, keyrt í hann burðarlagsefni, styrktur með sementsfestun og klæðing lögð yfir. Styrking á þremur köflum á vegi 75-06, milli st. 2.100-4.000, st. 5.710-7.285 og 9.700-11.950. Vegurinn var fræstur, keyrt í hann burðarlagsefni, styrktur með sementsfestun og klæðing lögð yfir. Lagfæring á missigi á tveimur köflum á Siglufjarðarvegi 76-03, milli st. 3.700-3.800 og st. 4.500-4.600. Vegurinn var þurrfræstur, keyrt í hann burðarlagsefni, jafnaður og klæðing lögð yfir.

Allmörg smærri verk voru einnig unnin á svæðinu. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2020 var 340 m.kr.

**Austursvæði**
Hringvegur á Stöðvarfirði var þurrfræstur og bætt við burðarlagi um 160 m³ og malbikað yfir á 520 m kafla. Mikið vatnsveður varð eftir að vegur var fræstur og áður en hann var malbikaður. Þegar byrjað var malbika kom í ljós að talsverð bleyta var undir burðarlaginu sem varð til þess að burðarlagið skreið til þar sem vegur var veikastur og ójöfnur urðu í malbikinu þannig að stöðva þurfti yfirlögnina. Burðarlagið var svo lagfært þegar jarðvegur þornaði og malbikað yfir.

Norðfjarðarvegur í þéttbýli á Reyðarfirði var malbikaður á 1,02 km löngum kafla. Á Hringvegi innanbæjar á Egilsstöðum var gamalt malbik fræst í burtu undir yfirlögn með malbiki. Lengd kafla 540 m. Seyðisfjarðarvegur var réttur af með malbiki og malbikað með yfirlagi, á samtals 370 m.

Allmörg smærri verk voru auk þess unnin á Austursvæði. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga árið 2020 var 153 m.kr.



→ **Tafla 11.** Styrkingar og endurbætur.

| Styrkingar og endurbætur 2020 | m.kr. |
|---|---|
| Suðursvæði | 740 |
| Vestursvæði | 542 |
| Norðursvæði | 340 |
| Austursvæði | 153 |
| Miðstöð | 27 |
| **Heildarkostnaður:** | **1.802** |

**Brýr og varnargarðar**
Unnið var við 59 smá og stór verkefni í viðhaldi brúa og varnargarða víðs vegar um landið. Um 46 m.kr. var varið til lagfæringa og endurbóta á varnargörðum og rofvörnum og um 157 m.kr. til endurbyggingar á brúm eða endurnýjunar með ræsum.

Þá var 142 m.kr. varið til endurbóta á vegriðum á og við brýr til að auka umferðaröryggi. Mestu fé var varið til almennra viðgerða á eldri brúm eða um 347 m.kr.

Stærsta einstaka verkefnið í viðhaldi brúa er endurnýjun á slitgólfi á brú yfir Lagarfljót auk steypuviðgerða á þeirri brú.

Um 2 m.kr. var varið til hreinsunar og smáviðgerða á brúm. Samkvæmt lögum eru brýr lengri en 50 m tryggðar hjá Viðlagatryggingu Íslands og er iðgjald viðlagatryggingar greitt af þessum lið. Vegagerðin tekur einnig þátt í rekstri nokkurra vatnshæðarmæla sem Veðurstofa Íslands rekur til að fylgjast með rennsli vatnsfalla og flóðum. Einnig er greiddur kostnaður við burðarþolsútreikninga á brúm vegna þungaundanþága.

Heildarkostnaður við viðhald brúa og varnargarða á árinu 2020 var alls tæplega 719 m.kr.

**Umferðaröryggi**
Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og að útrýma svartblettum á 105 stöðum á vegakerfinu og var kostnaður við það rúmar 520 m.kr. Helstu verkefnin voru lagfæringar öryggissvæðis veganna, uppsetning vegriða, lagfæringar á vegamótum og bætt öryggi gangandi vegfarenda. Einnig voru sett upp blikkljós við 19 einbreiðar brýr. Auk þess unnu 15 þjónustustöðvar Vegagerðarinnar við lagfæringar á umhverfi vega og fleira á allmörgum stöðum og var kostnaður við það verkefni tæpar 27 m.kr.

Samkvæmt samkomulagi greiddi Vegagerðin Ríkislögreglustjóra 15 m.kr. vegna úrvinnslu gagna úr sjálfvirkum hraðamyndavélum á árinu 2020. Annar kostnaður vegna kaupa á, reksturs og umsjónar með sjálfvirkum hraðamyndavélum og tengdum tækjabúnaði var rúmlega 20 m.kr. Rúmum 8 m.kr. var varið til umsjónar með verkefninu í heild sinni, en greining slysastaða fellur m.a. þar undir, sem og til umferðaröryggisúttekta.

Heildarkostnaður við liðinn umferðaröryggi á árinu 2020 var um 595 m.kr.

**Veggöng**
Fjárheimildum til vegganga var varið til reksturs og viðhalds jarðganga, þ.m.t. greiðslu kostnaðar við eftirlit og rekstur og viðhald á upplýsinga- og öryggiskerfum þeirra, raflýsingu, þrif og hreinsun, ásamt eðlilegu viðhaldi og endurbótum á búnaði. Á vegakerfinu í dag eru 12 jarðgöng sem alls eru 64 km að lengd. Jarðgöng sem falla undir þennan kostnaðarlið eru um 55,5 km. Kostnaður vegna reksturs og viðhalds jarðganga var um 613 m.kr. á árinu 2020.

**Vatnaskemmdir og ófyrirséð verkefni**
Fjárheimildin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara ásamt kostnaði við að koma í veg fyrir slíkar skemmdir og önnur ófyrirséð verkefni. Heildarkostnaður vegna skemmda á vegakerfinu á árinu 2020 var rúmar 202 m.kr.

**Viðhald girðinga**
Samkvæmt 52. gr. vegalaga nr. 80/2007 greiðist viðhaldskostnaður girðinga meðfram stofn- og tengivegum að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Auk þess getur Vegagerðin að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög ákveðið að kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafla bönnuð. Nánari útfærsla á framkvæmd laganna er skilgreind í reglugerð nr. 930/2012 um girðingar meðfram vegum. Kostnaður Vegagerðarinnar á árinu 2020 vegna viðhalds girðinga var 129 m.kr.

**Frágangur gamalla efnisnáma**
Fjárheimildum er varið til frágangs á gömlum efnisnámum sem ekki eru lengur í notkun. Samkvæmt langtímaáætlun Vegagerðarinnar um frágang á gömlum efnisnámum, sem unnin var í júní 2004, var gert ráð fyrir að ganga frá um 900 gömlum efnisnámum á tímabilinu 2004-2018, eða um 60 námum á ári. Fjárveiting til verkefnisins fékkst fyrst á samgönguáætlun árið 2007. Verkefnið hefur gengið hægar en áætlað var og á árunum 2004-2020 hefur verið gengið frá 450 námum, eða að meðaltali um 26 námum á ári. Á árinu 2019 var lokið við frágang á 17 námum. Á árinu 2020 var lokið við frágang á fjórum námum sem allar voru nokkuð stórar. Í árslok 2020 eru á skrá Vegagerðarinnar 35 ófrágengnar eldri námur, sem tilheyra verkefninu um frágang eldri efnisnáma. Ýmsar ástæður eru fyrir því að aðeins 35 námur eru eftir þrátt fyrir að einungis hafi verið gengið frá 450 námum. Þar má helst nefna að nokkuð algengt er að námur sem voru nálægt hverri annarri og í sömu jarðmyndun hafi verið sameinaðar undir einu námunúmeri. Einnig er nokkuð algengt að landeigandi hafni því að gengið sé frá námu á hans landareign og er náman þá fjarlægð úr langtímaáætlun. Í mörgum tilvikum hafa námur sem voru á langtímaáætlun verið metnar þannig að ekki sé þörf á frágangi og eru þetta yfirleitt lítil, grunn uppgróin námuvik. Stefnt er að því að ljúka við þetta verkefni á næstu tveimur árum.

Kostnaður Vegagerðarinnar á árinu 2020 vegna frágangs efnisnáma var 12 m.kr.

**Minjar og saga**
Fjárheimild var varið til að styrkja minjasafnið á Skógum. Heildarkostnaður vegna minja og sögu á árinu 2020 var um 5 m.kr.

↓

Tekið til eftir girðingavinnu. Staurarnir nýtast ágætlega sem vörn gegn kríunni.





## 4.1.5 Stofnkostnaður

**Fjárveitingar til framkvæmda á vegakerfinu**
Liðirnir viðhald og stofnkostnaður við vegi hafa verið sameinaðir undir liðnum framkvæmdir á vegakerfinu. Við fjárlög fékk liðurinn 27.035,1 m.kr. og síðan sérstaka viðbót 4.510 m.kr eða samtals 31.545 m.kr. Til viðhalds var úthlutað 9.960 m.kr. og þar til viðbótar 1.000 m.kr. frá ráðuneyti í tengslum við aðgerðir vegna Covid-19. Afgangurinn 20.585 m.kr. fór til nýframkvæmda.

**Stofnkostnaður / framkvæmdir**
Í fylgiskjali 1 er sýnd skipting fjárveitinga á einstök verkefni, í fylgiskjali 2 er gerð grein fyrir einstökum vegaframkvæmdum, kostnaði og ráðstöfun fjárveitinga til þeirra og í fylgiskjali 3 er gerð grein fyrir einstökum hafnaframkvæmdum og framkvæmdum við sjóvarnir og ferjubryggjur. Hér að aftan er gerð grein fyrir kostnaði við nokkra málaflokka sem fá fjárveitingar af liðnum stofnkostnaður / framkvæmdir.

**Girðingar**
Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar. Enn er mikið óunnið í þeim málaflokki. Kostnaður við girðingar á árinu 2020 nam 68 m.kr. Sjá skiptingu milli landshluta í töflu 15.

**Landsvegir**
Fjárveiting til landsvega utan stofnvegakerfis var notuð til þjónustu, viðhalds, og endurbóta á 1.901 km landsvega utan stofnvegakerfis auk 242 km á Fjallabaksleið nyrðri og Sprengisandsleið. Heildarkostnaður við landsvegi á árinu 2020 var tæpar 152 m.kr. Kostnaður skiptist á milli svæða Vegagerðarinnar samkvæmt töflu 12.

**Héraðsvegir**
Við gildistöku vegalaga nr. 80/2007 þann 1. janúar 2008 breyttist kostnaðarhlutdeild Vegagerðarinnar við lagningu nýrra héraðsvega á þann hátt að við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skal skráður eigandi fasteignarinnar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þ.m.t. kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með gerð hans, enda skal lega og gerð vegar ákveðin í samráði við hinn skráða eiganda fasteignarinnar. Nýir héraðsvegir (þá safnvegir) sem samþykktir voru fyrir gildistöku laganna eru þó greiddir að fullu af Vegagerðinni. Í samræmi við ofangreint greiddi Vegagerðin 50 m.kr. til stofnkostnaðar héraðsvega á árinu 2020 og skiptist sú greiðsla eins og fram kemur í töflu 13.




→ **Súlurit 16.** Fjárveitingar til stofnkostnaðar á verðlagi ársins 2020.

**Styrkvegir**
Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum. Kostnaður vegna styrkvega á árinu 2020 nam 103 m.kr. og skiptist eins og fram kemur í töflu 14.

**Reiðvegir**
Kostnaður við reiðvegi á árinu 2020 nam 77 m.kr. Fjárhæðinni var úthlutað til reiðvegagerðar á vegum hestamannafélaga á grundvelli áætlunar sem gerð var af Landssambandi hestamannafélaga og skiptist sú greiðsla eins og fram kemur í töflu 16.

**Framkvæmdir, vitar og hafnir**
Framlag til vitabygginga var samkvæmt fjárlögum 55 m.kr., til sjóvarnargarða 268 m.kr. og Landeyjahöfn 713 m.kr. auk 144 m.kr. vegna botndælubúnaðar. Þar að auki var framlag til landfyllingar austan hafnar á Bíldudal 129 m.kr., 150 m.kr. til hafnarrannsókna og 3 m.kr. til ferjubryggja.

| Svæði | Kostnaður í m.kr. |
|---|---|
| Suðursvæði | 51,5 |
| Vestursvæði | 15,7 |
| Norðursvæði | 52,6 |
| Austursvæði | 32,6 |
| **Samtals** | **152,4** |

← **Tafla 12.** Landsvegir utan stofnvegakerfis.

| Svæði | Kostnaður í m.kr. |
|---|---|
| Suðursvæði | 22,7 |
| Vestursvæði | 2,9 |
| Norðursvæði | 9,2 |
| Austursvæði | 15,7 |
| **Samtals** | **50,5** |

← **Tafla 13.** Héraðsvegir.

| Svæði | Kostnaður í m.kr. |
|---|---|
| Sameiginlegur kostnaður | 0,1 |
| Suðursvæði | 29,2 |
| Vestursvæði | 29,3 |
| Norðursvæði | 24,2 |
| Austursvæði | 19,3 |
| **Samtals** | **102,7** |

← **Tafla 14.** Styrkvegir.






↑ Hringvegur (1). Vinnusvæðamerking á Sævarendaströnd í Fáskrúðsfirði.

→ **Tafla 15.** Girðingar.

| Svæði | Kostnaður í m.kr. |
|---|---|
| Suðursvæði | 27,9 |
| Vestursvæði | 17,7 |
| Norðursvæði | 14,9 |
| Austursvæði | 7,3 |
| **Samtals** | **67,8** |

→ **Tafla 16.** Reiðvegir

| Svæði | Kostnaður í m.kr. |
|---|---|
| Sameiginlegur kostnaður | 4,1 |
| Vestursvæði | 35,5 |
| Vestursvæði | 8,4 |
| Norðursvæði | 25 |
| Austursvæði | 3,6 |
| **Samtals** | **76,6** |

# Fylgiskjal 1 Stofnkostnaður

## Samgönguáætlun 2020. Framkvæmdir vegir

### Suðursvæði I

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2020 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Undirbúningur verka utan áætlunar | | 50 |
| 1 | | Hringvegur | | |
| | a1 | | um Núpsvötn | 20 |
| | b2-b4 | | um Mýrdal | 20 |
| | b5 | | Jökulsá á Sólheimasandi | 350 |
| | b7 | | hringtorg við Landvegamót | 180 |
| | d2-d5 | | norðaustan Selfoss, brú á Ölfusá | 10 |
| | d6 | | Biskupstungnabraut – Varmá | 1.950 |
| 30 | | Skeiða- og Hrunamannavegur | | |
| | 04 | | um Stóru Laxá | 30 |
| | 05-06 | | hringtorg á Flúðum | 10 |
| | 08 | | Einholtsvegur – Biskupstungnabraut | 250 |
| 34 | | Eyrarbakkavegur | | |
| | 01-02 | | hringtorg og undirgöng við Suðurhóla | 220 |
| | 02 | | hringtorg við Bjarkarland og Víkurheiði | 10 |
| 355 | | Reykjavegur | | |
| | 01 | | Biskupstungnabraut – Laugarvatnsvegur | 200 |
| | | **Samtals Suðursvæði I** | | **3.300** |

### Suðursvæði II (Reykjavík og Suðvestursvæði)

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2020 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Undirbúningur verka utan áætlunar | | 50 |
| 1 | | Hringvegur | | |
| | e1-e2 | | Fossvellir – Norðlingavað | 110 |
| | f5-f6 | | um Kjalarnes | 400 |
| 41 | | Reykjanesbraut | | |
| | 12/13 | | Fjarðarhraun – Mjódd | 30 |
| | 15 | | Krýsuvíkurvegur – Hvassahraun | 110 |
| | 15 | | tenging við Álhellu | 150 |
| 407 | | Bláfjallaleið | | 50 |
| 413 | | Breiðholtsbraut | | |
| | 01 | | Hringvegur – Jaðarsel | 30 |
| | | Framlag ríkis til samgöngusáttmála | | 3.000 |
| | | **Samtals Suðursvæði II** | | **3.930** |

### Vestursvæði

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2020 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Undirbúningur verka utan áætlunar | | 50 |
| 1 | | Hringvegur | | |
| | g6-g7 | | um Borgarnes, öryggisaðgerðir | 150 |
| | h4 | | um Heiðarsporð (Biskupsbeygja) | 350 |
| 54 | | Snæfellsnesvegur | | |
| | 10 | | um Fróðárheiði | 70 |
| | 18-22 | | Skógarströnd, ýmsir staðir | 100 |
| 60 | | Vestfjarðavegur | | |
| | 25-28 | | um Gufudalssveit | 1.500 |
| | 35-37 | | Dynjandisheiði | 550 |
| | 44 | | um Bjarnadalsá í Önundarfirði | 250 |
| 61 | | Djúpvegur | | |
| | 35 | | um Hattardalsá | 350 |
| 63 | | Bíldudalsvegur | | |
| | 02 | | um Botnsá í Tálknafirði | 280 |
| 509 | | Akranesvegur | | |
| | 02 | | Faxabraut, hækkun vegar og sjóvörn | 100 |
| | | **Samtals Vestursvæði** | | **3.750** |

### Norðursvæði

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2020 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Undirbúningur verka utan áætlunar | | 50 |
| 1 | | Hringvegur | | |
| | Q6 | | um Skjálfandafljót | 40 |
| | r6 | | Jökulsá á Fjöllum | 5 |
| 73 | | Þverárfjallsvegur um Refasveit og | | |
| 74 | | Skagastrandavegur um Laxá | | 100 |
| 85 | | Norðausturvegur | | |
| | 06 | | um Köldukvíslargil | 65 |
| 815 | | Hörgárdalsvegur | | |
| | 01 | | Skriða – Brakandi | 250 |
| 862 | | Dettifossvegur | | |
| | 02-03 | | Súlnalækur – Ásheiði | 750 |
| | | **Samtals Norðursvæði** | | **1.260** |

## Austursvæði

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2020 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Undirbúningur verka utan áætlunar | | 50 |
| 1 | | Hringvegur | | |
| | T3 | | Lagarfljót | 220 |
| | v4-v5 | | um Berufjarðarbotn | 100 |
| | x1-x2 | | um Hvalnes- og Þvottárskriður | 150 |
| | x6-x9 | | um Hornafjarðarfljót | 10 |
| | y2 | | um Steinavötn | 350 |
| 94 | | Borgarfjarðarvegur | | |
| | 03-04 | | Eiðar – Laufás | 30 |
| | 06-07 | | um Vatnsskarð | 220 |
| 95 | | Skriðdals- og Breiðdalsvegur | | |
| | 02 | | um Gilsá á Völlum | 15 |
| 923 | | Jökuldalsvegur | | |
| | 01 | | Gilsá – Arnórsstaðir | 280 |
| | | **Samtals Austursvæði** | | **1.425** |
| | | | | |
| | | | **Samtals almenn verkefni** | **13.665** |

## Sameiginlegt og óskipt

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2020 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | Stofn- og tengivegir | | |
| | | | tengivegir, bundið slitlag | 2.020 |
| | | | breikkun brúa | 500 |
| | | | hjóla- og göngustígar | 265 |
| | | Annað en stofn- og tengivegakerfi | | |
| | | | samgöngurannsóknir | 20 |
| | | | héraðsvegir | 110 |
| | | | landsvegir utan stofnvegakerfis | 160 |
| | | | styrkvegir | 100 |
| | | | reiðvegir | 75 |
| | | | smábrýr | 50 |
| | | | girðingar | 60 |
| | | Samtals sameiginlegt | | 3.360 |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | **Samtals stofnkostnaður** | **17.025** |



## Jarðgangaáætlun:

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2020 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| | | | Sameiginlegur jarðgangakostnaður | 10 |
| 60 | | Vestfjarðavegur | | |
| | 39 | | Dýrafjarðargöng | 3.700 |
| 93 | | Seyðisfjarðarvegur | | |
| | | | Fjarðarheiðargöng | 100 |
| | | Samtals jarðgangaáætlun | | 3.810 |
| | | | | |
| | | | Samtals framkvæmdir vegir: | 13.085 |

## Samgöngusáttmálinn

| Vegnr. | Kaflanr. | Vegheiti | Kaflaheiti | Fjárveitingar 2020 m.kr. |
|---|---|---|---|---|
| 1 | | Hringvegur | | |
| | e3 | | Bæjarháls – Vesturlandsvegur | 650 |
| | f3 | | Skarhólabraut – Hafravatnsvegur | 350 |
| 41 | | Reykjanesbraut | | |
| | 14 | | Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur | 1.600 |
| | | Borgarlínan | | |
| | | | Ártún – Hlemmur | 500 |
| | | | Hamraborg – Hlemmur | 500 |
| | | Hjóla- og göngustígar | | 750 |
| | | Umferðarstýring, aukið umferðarflæði og öryggisaðgerðir | | 390 |
| | | Göngubrýr og undirgöng | | 150 |
| | | | **Samtals samgöngusáttmáli** | **4.890** |

## 6.20 Framkvæmdir við vita og hafnir

| | Verkefni | Fjárveitingar 2020 m.kr. |
|---|---|---|
| | Vitabyggingar | 55 |
| | Sjóvarnargarðar | 268 |
| | Landeyjahöfn | 713 |
| | Ferjubryggjur | 3 |
| | Hafna- og strandrannsóknir | 150 |
| | **Samtals framkvæmdir vitar og hafnir** | **1.189** |
| | | |
| | Bíldudalur – landfylling austan hafnar | 129 |
| | Botndælubúnaður við Landeyjahöfn 144 | |
| | **Samtals annað en vitar og hafnir** | **273** |
| | | |
| | **Stofnkostnaður samtals:** | **1.462** |

# Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2020

Kostnaðaráætlanir eru á verðlagi ársins sem gengið er frá samningi.

## Suðursvæði

### 1 Hringvegur
**A1 um Núpsvötn**
***Umfang verks:*** Byggð verður ný tvíbreið brú á Núpsvötn (Súlu) í stað núverandi einbreiðrar brúar.
***Framkvæmdaform:*** Útboð (fyrirhugað sumarið 2021).
***Kostnaðaráætlun:*** 1.437 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tímab. fjárfestingarátak 2020 | 20 |
| **Samtals** | **20** |

***Verkframvinda 2020:*** Fyrirhugað að bjóða verkið út sumarið 2021.
***Verktaki:*** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 20 |
| **Samtals** | **20** |

### 1 Hringvegur
**A25 Brunná**
***Umfang verks:*** Ný brú er byggð í sömu veglínu og núverandi brú á Brunná en er nokkuð hærri. Yfirbygging brúarinnar er eftirspenntur biti í einu 24 m löngu hafi. Brúin er með 9,0 m breiðri akbraut og 0,5 m breiðum bríkum. Heildarbreidd brúar er 10 m. Landstöplar brúarinnar eru steyptir og grundaðir á hrauni.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
Verkið var boðið tvisvar út á árinu 2019. Í fyrra skiptið var öllum tilboðum hafnað. Verkið var boðið út aftur en lægstbjóðandi skilaði ekki tilsettum gögnum og öllum tilboðum var hafnað. Farið var í samningaviðræður við hina tvo sem lauk með samningi við Ístak ehf.
***Kostnaðaráætlun:*** 120 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2017 | 2 |
| Samgönguáætlun 2018 | 8 |
| Samgönguáætlun 2019 | |
| Breikkun brúa 2019 | 160 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Breikkun brúa | 109 |
| **Samtals** | **279** |

***Verkframvinda 2019:*** Um er að ræða forhönnun, hönnun og umsjón útboða.
***Verkframvinda 2020:*** Verktaki hóf vinnu á staðnum í maí, þegar brú og vegur á framhjáhlaupi var frágenginn. Ístak ehf. lauk sínum samningi í nóvember sama ár. Samið var aukalega um að tengja brúna og fjarlægja bráðabirgðabrú og veg.
***Verktaki:*** Ístak ehf.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2017 | 2 |
| 2018 | 8 |
| 2019 | 11 |
| 2020 | 258 |
| **Samtals** | **279** |

### 1 Hringvegur
**B2-B4 um Mýrdal, jarðgöng**
***Umfang verks:*** Verkefnið felst í að útfæra færslu Hringvegar (1-b2-b4) um Mýrdal þ.a. tryggja megi greiðfærni, aukið umferðaröryggi, taka þjóðveginn út fyrir þéttbýlið í Vík og stytta Hringveginn. Samkvæmt aðalskipulagi Mýrdalshrepps liggur vegurinn suður fyrir Geitafjall, meðfram Dyrhólaós og í gegnum Reynisfjall í jarðgöngum sunnarlega í fjallinu. Vegurinn myndi svo liggja sunnan við Vík og tengjast núverandi vegi austan við byggðina.
***Framkvæmdaform:*** Fjármagnað í samstarfi við einkaaðila.



| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | 20 |
| **Samtals** | **20** |

***Verkframvinda 2020:*** Unnið var að forhönnun og undirbúningi vegna mats á umhverfisáhrifum.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 21 |
| **Samtals** | **21** |

### 1 Hringvegur
**B5 Jökulsá á Sólheimasandi**
***Umfang verks:*** Bygging 163 m langrar tvíbreiðrar, steinsteyptrar, eftirspenntrar bitabrúar á fimm höfum ásamt endurgerð vegakafla Hringvegar beggja vegna og gerð 940 m bráðabirgðavegar. Áður en framkvæmdir verktaka hefjast mun verkkaupi koma upp bráðabirgðabrú norðan við vegstæði. Rífa á að stórum hluta núverandi brú á Hringvegi. Millistöplar núverandi brúar verða rifnir niður að sökklum, en sökklar og rofvörn millistöpla verða endurnýttir. Steyptar verða nýjar endaundirstöður, en núverandi rofvarnir endaundirstaða endurnýttar.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 1.063 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2005 | 2 |
| Samgönguáætlun 2010 | 1 |
| Samgönguáætlun 2019 | 20 |
| Samgönguáætlun 2020 | 350 |
| **Samtals** | **373** |

***Verkframvinda 2019:*** Unnið að undirbúningi og hönnun.
***Verkframvinda 2020:*** Unnið var við verkhönnun og undirbúning framkvæmdar. Í september var útboð framkvæmdarinnar auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Í desember var eftirlit með framkvæmdinni boðið út og samið við ÞG verktaka ehf. um framkvæmd verksins fyrir 734,6 m.kr.
***Verktaki:*** ÞG verktakar ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 2 |
| 2010 | 1 |
| 2019 | 8 |
| 2020 | 46 |
| **Samtals** | **57** |

Starfsmenn brúarvinnuflokksins í Vík, Breki Þór Sveinsson og Hákon Örn Kristinsson negla slitgólf á bráðabirgðabrúna á Brunná í Fljótshverfi.



**1 Hringvegur**
**C7 hringtorg við Landvegamót**
***Umfang verks:*** Gerð hringtorgs á vegamótum Hringvegar við Landveg (26) og Ásveg (275) ásamt lýsingu.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 202 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tímab. fjárfestingarátak 2020 | 180 |
| Samgönguáætlun 2021 | 20 |
| **Samtals** | **200** |

***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdin var boðin út í maí 2020. Framkvæmdir hófust í lok júlí og lauk í desember. Uppgjör mun þó að hluta til dragast til ársins 2021.
***Verktaki:*** Aðalleið ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 186 |
| **Samtals** | **186** |

**1 Hringvegur**
**D5 um Ölfusá**
***Umfang verks:*** Nýr 3,8 km Hringvegur norðaustan Selfoss um nýja brú á Ölfusá við Efri-Laugardælaeyju.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 6.100 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2014 | 9 |
| Samgönguáætlun 2015 | 20 |
| Samgönguáætlun 2016 | 50 |
| Fjárlög 2017 | 50 |
| Flutt á önnur verk 2017 | -57 |
| Fjárlög 2018 | 20 |
| Samgönguáætlun 2019 | 10 |
| Samgönguáætlun 2020 | 10 |
| **Samtals** | **112** |

***Verkframvinda:*** Á árunum 2014 – 2016 var unnið að frumdrögum brúar og undirbúningi landakaupa.
***Verkframvinda 2017:*** Unnið að forhönnun brúar og undirbúningi landakaupa.
***Verkframvinda 2018:*** Var einungis unnið að landakaupum.
***Verkframvinda 2019:*** Unnið að forhönnun brúar og landakaupum.
***Verkframvinda 2020:*** Kaup á landi og fornleifauppgröftur.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2014 | 9 |
| 2015 | 20 |
| 2016 | 4 |
| 2017 | 9 |
| 2018 | 45 |
| 2019 | 38 |
| 2020 | 33 |
| **Samtals** | **158** |

**1 Hringvegur**
**D6 Selfoss – Hveragerði**
***Umfang verks:*** Breikkun Hringvegar frá Biskupstungnabraut að Kambarótum. Byggður verður 2+1 vegur með aðskildum akstursstefnum með vegriði í miðdeili og planvegamótum. Hönnun miðar við að breikkað verði síðar í 2+2 veg og gera allar breiddir og rými ráð fyrir þeirri breikkun síðar.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 8.500 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2005 | 1 |
| Samgönguáætlun 2006 | 3 |
| Samgönguáætlun 2007 | 4 |
| Samgönguáætlun 2008 | 26 |
| Fjárlög 2009 | 68 |
| Samgönguáætlun 2010 | 9 |
| Samgönguáætlun 2013 | 1 |
| Samgönguáætlun 2014 | 3 |
| Samgönguáætlun 2015 | 8 |
| Samgönguáætlun 2016 | 100 |
| Fjárlög 2017 | 350 |
| Flutt á önnur verk 2017 | -44 |
| Fjárlög 2018 | 250 |
| Flutt á önnur verk 2018 | -92 |
| Samgönguáætlun 2019 | 1.250 |
| Samgönguáætlun 2020 | 1.950 |
| **Samtals** | **3.887** |



Lagning hringtorgs við Landvegamót. Jarðvegsdúkur var notaður undir styrktarlag til að tengja saman núverandi veg og breikkun yfir mýrlendi.



***Verkframvinda:*** Á árinu 2016 var unnið að undirbúningi landakaupa, jarðtæknilegra rannsókna ásamt hönnun. Hönnun var boðin út um sumarið og samið við ráðgjafa í september.
***Verkframvinda 2017:*** Unnið var að forhönnun og verkhönnun, auk þess sem unnið var í samningum við landeigendur.
***Verkframvinda 2018:*** Unnið var að verkhönnun framkvæmdarinnar og samningaviðræður við landeigendur. 1. áfangi framkvæmda var boðinn út í nóvember 2018 og buðu 5 aðilar í verkið. Íslenskir aðalverktakar voru lægstbjóðendur og var samið við þá um verkið. Tilboðsupphæð var 1.361,2 m.kr. sem var 8,9% yfir kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Áætluð verklok 1. áfanga voru í október 2019.
***Verkframvinda 2019:*** Unnið var að verkhönnun síðari áfanga framkvæmdarinnar ásamt samningaviðræðum við landeigendur. Framkvæmdir við 1. áfanga hófust í janúar 2019 og var umferð hleypt á nýjan 2,5 km Hringveg milli Gljúfurholtsár og Varmár með aðskildum akstursstefnum í nóvember 2019. Byggð voru ný vegamót við Vallaveg og Ölfusveg ásamt breikkun brúar á Varmá, ný undirgöng fyrir gangandi og hesta við Velli og nýir hliðarvegir. Endanlegum frágangi og einstökum verkþáttum vegna 1. áfanga lýkur árið 2020.
***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdir við 2. áfanga voru boðnar út í febrúar 2020 og tilboð opnuð í mars og buðu 3 aðilar í verkið. Tilboðsupphæð var 5.069 m.kr. um 96,6% af kostnaðaráætlun. Lengd útboðskaflans er 7,1 km. Um er að ræða nýbyggingu Hringvegar að hluta og endurgerð núverandi Hringvegar að hluta, gerð nýrra vegamóta við Kirkjuferjuveg og Hvammsveg eystri, gerð hringtorgs við Biskupstungnabraut, nýbyggingu Ölfusvegar, breytingu Þórustaðavegar og Biskupstungnabrautar sem og gerð heimreiða. Hluti verksins er bygging fimm steyptra brúa og undirganga ásamt tveggja reiðganga úr stáli. Framkvæmdir hófust í maí 2020 og var að mestu unnið við fergingu vegarins. Áætluð verklok eru í september 2023.
***Verktaki:*** Íslenskir aðalverktakar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 1 |
| 2006 | 3 |
| 2007 | 4 |
| 2008 | 26 |
| 2009 | 68 |
| 2010 | 9 |
| 2013 | 1 |
| 2014 | 3 |
| 2015 | 8 |
| 2016 | 54 |
| 2017 | 99 |
| 2018 | 153 |
| 2019 | 1.937 |
| 2020 | 1647 |
| **Samtals** | **4.013** |



↑
Unnið að öðrum áfanga breikkunar Suðurlandsvegar (1) milli Biskupstungnabrautar og Gljúfurholtsár.

**1 Hringvegur**
**F5 um Kjalarnes**
***Umfang verks:*** Breikkun 9 km tveggja akreina vegarkafla milli Varmhóla og Hvalfjarðar. Byggður verður 2+1 vegur með aðskildum akbrautum. Í verkinu eru þrjú hringtorg, við Móa, Grundarhverfi og Hvalfjarðarveg. Byggð verða fimm undirgöng úr stálplötum, áningarstaður, hliðarvegir, reiðstígar og stígar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Fergja á vegstæði og framtíðarstæði stíga meðfram hliðarvegum. Verkinu tilheyra ræsi, regnvatnslagnir, veglýsing, lagnir fyrir upplýsingakerfi Vegagerðarinnar og breytingar á lögnum veitufyrirtækja.

Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar, Veitna og Gagnaveitu Reykjavíkur.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 6.500 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 1 |
| Samgönguáætlun 2017 | 9 |
| Samgönguáætlun 2018 | 8 |
| Samgönguáætlun 2019 | 200 |
| Samgönguáætlun 2020 | 400 |
| **Samtals** | **618** |

***Verkframvinda 2019:*** Á árinu 2019 var unnið að undirbúningi og hönnun.
***Verkframvinda 2020:*** Unnið var að verkhönnun og undirbúningi. Matsskýrsla var lögð fram í lok júní og gerð var minniháttar breyting á deiliskipulagi. Í júlí var auglýst útboð 1. áfanga sem er 4,13 km langur kafli milli Varmhóla og Vallár. Í september var auglýst útboð á eftirliti með 1. áfanga en bæði útboðin voru auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og er verktími til júní 2023. Samið var við Ístak hf. um verkframkvæmdina fyrir 2.305 m.kr. og Eflu um eftirlit fyrir 36,9 m.kr. Framkvæmdir hófust í september, unnið var við veitulagnir og fergingar á vegstæði.
***Verktaki:*** Ístak hf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 1 |
| 2017 | 9 |
| 2018 | 8 |
| 2019 | 79 |
| 2020 | 317 |
| **Samtals** | **414** |

**30 Skeiða- og Hrunamannavegur**
**04 um Stóru Laxá**
***Umfang verks:*** Byggð verður ný tvíbreið brú á Stóru Laxá í Hrunamannahreppi auk nýrra vegtenginga. Nýja brúin kemur í stað einbreiðrar brúar. Vegamót Skeiða- og Hrunamannavegar og Auðsholtsvegar verða lagfærð.
***Framkvæmdaform:*** Áætlað útboð 2021
***Kostnaðaráætlun:*** 1.350 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | 30 |
| **Samtals** | **30** |

***Verkframvinda 2020:*** Unnið við hönnun og undirbúning.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 2 |
| 2020 | 19 |
| **Samtals** | **21** |

**30 Skeiða- og Hrunamannavegur**
**06 um Flúðir**
***Umfang verks:*** Nýtt hringtorg við vegamót Skeiða- og Hrunamannavegar við Langholtsveg og Túngötu á Flúðum. Um er að ræða samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Hrunamannahrepps.
***Framkvæmdaform:*** Sameiginlegt útboð Vegagerðarinnar og sveitarfélags.
***Kostnaðaráætlun:*** 125 m.kr. (Hlutdeild Vegagerðarinnar)

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tímab. fjárfestingarátak 2020 | 10 |
| **Samtals** | **10** |

***Verkframvinda 2020:*** Unnið var við verkhönnun á árinu 2020 og fyrirhugað að bjóða út framkvæmdir í upphafi árs 2021.
***Verktaki:*** Gröfutækni ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 6 |

**30 Skeiða- og Hrunamannavegur**
**08 Einholtsvegur – Biskupstungnabraut**
***Umfang verks:*** Nýbygging Skeiða- og Hrunamannavegar í Bláskógabyggð frá Einholtsvegi að Biskupstungnabraut. Verkið felst í breikkun núverandi vegar á um 3,2 km kafla og færslu hans á um 1,1 km kafla ásamt lagningu bundins slitlags og lagfæringu á vegsvæði. Heildarlengd kaflans er um 4,4 km.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 370 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 4 |
| Samgönguáætlun 2017 | 4 |
| Samgönguáætlun 2018 | 3 |
| Samgönguáætlun 2019 | 100 |
| Samgönguáætlun 2020 | 250 |
| Flutt af öðrum verkum | 7 |
| **Samtals** | **368** |

***Verkframvinda 2019:*** Á árinu var unnið að verkhönnun og samningum við landeigendur.
***Verkframvinda 2020:*** Á árinu 2020 var unnið að verkhönnun og samningum við landeigendur. Framkvæmdin var boðin út í desember 2020 og áætlað að framkvæmdir hefjist á fyrri hluta árs 2021 og að þeim ljúki sumarið 2022.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 4 |
| 2017 | 4 |
| 2018 | 3 |
| 2019 | 10 |
| 2020 | 10 |
| **Samtals** | **31** |

## 34 Eyrarbakkavegur
### 02 nýtt hringtorg við Hólastekk

***Umfang verks:*** Nýtt hringtorg á Eyrarbakkavegi við Víkurheiði og Hólastekk á Selfossi. Um er að ræða samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og sveitarfélagsins Árborgar.
***Framkvæmdaform:*** Sameiginlegt útboð Vegagerðarinnar og sveitarfélags.
***Kostnaðaráætlun:*** 100 m.kr. (hlutdeild Vegagerðarinnar)

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tímab. fjárfestingarátak 2020 | 10 |
| **Samtals** | **10** |

***Verkframvinda 2020:*** Unnið var við verkhönnun á árinu 2020 og fyrirhugað að bjóða út framkvæmdir í upphafi árs 2021.
***Verktaki:*** Verktækni ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 4 |
| **Samtals** | **4** |

## 34 Eyrarbakkavegur
### 02 hringtorg og undirgöng við Suðurhóla

***Umfang verks:*** Nýtt hringtorg og undirgöng á Eyrarbakkavegi við Suðurhóla á Selfossi. Um er að ræða samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og sveitarfélagsins Árborgar.
***Framkvæmdaform:*** Sameiginlegt útboð Vegagerðarinnar og sveitarfélags.
***Kostnaðaráætlun:*** 175 m.kr. (hlutdeild Vegagerðarinnar)

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjármögnun fyrri ára | 2 |
| Samgönguáætlun 2020 | 220 |
| **Samtals** | **222** |

***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdin var boðin út í apríl 2020. Framkvæmdir hófust í lok maí og lauk í lok október. Endanlegt uppgjör mun þó dragast fram í ársbyrjun 2021.
***Verktaki:*** Berg verktakar ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 2 |
| 2020 | 137 |
| **Samtals** | **139** |

## 42 Krýsuvíkurvegur
### 02 um Vatnsskarð

***Umfang verks:*** Lagfæring á vegi og lagning klæðingar á um 1,5 km kafla af Krýsuvíkurvegi um Vatnsskarð.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 67 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2019 Tengivegir | 67 |
| Samgönguáætlun 2020 Tengivegir | 7 |
| **Samtals** | **74** |

***Verkframvinda 2019:*** Framkvæmdin var boðin út í júní og hófust framkvæmdir í lok ágúst. Lokið var við að leggja fyrra lag klæðingar í október en áformað að framkvæmdin klárist að fullu í byrjun sumars 2020.
***Verkframvinda 2020:*** Lokið var við að leggja seinna lag klæðingar og frágang vegar.
***Verktaki:*** Vörubifreiðastjórafélagið Mjölnir, Selfossi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 67 |
| 2020 | 7 |
| **Samtals** | **74** |

## 43 Grindavíkurvegur
### 01 Reykjanesbraut – Bláalónsvegur

***Umfang verks:*** Um er að ræða breikkun á Grindavíkurvegi í 2+1 með aðskildum akstursstefnum á um 6 km kafla frá Seltjörn að Bláalónsvegi (Norðurljósavegi). Verkinu er skipt í tvo áfanga, fyrri áfangi er breikkun á veginum á um 4 km kafla en sá seinni er gerð fléttureina og uppsetning vegriðs sem áætlað er að ljúki 2019.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.



| Kostnaðaráætlun: | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri áfangi | 525 |
| Seinni áfangi | 743 |
| **Samtals** | **1.268** |

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárheimild 2018 | 200 |
| Viðbótarheimild 2018 | 350 |
| Samgönguáætlun | 700 |
| **Samtals** | **1.250** |

***Verkframvinda 2018:*** Fyrri áfangi var boðinn út í ágúst og var lokið í desember það ár.
***Verkframvinda 2019:*** Seinni áfangi var boðinn út í júní og var lokið í desember 2019.
***Verkframvinda 2020:*** Unnið að uppsetningu meðalhraðamyndavéla ásamt frágangi.
***Verktaki:*** Loftorka Reykjavík ehf. vann báða áfanga.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2018 | 457 |
| 2019 | 719 |
| 2020 | 5 |
| **Samtals** | **1.176** |

## 43 Grindavíkurvegur
### 01 undirgöng við Víkurbraut

***Umfang verks:*** Verkið fólst í því að byggja ný undirgöng undir Grindavíkurveg (Víkurbraut) við Suðurhóp ásamt gerð stígtenginga að þeim.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 85 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Göngubrýr og undirgöng fyrir 2020 | 85 |
| **Samtals** | **85** |

***Verkframvinda 2019:*** Verkið var boðið út í júní. Framkvæmdir hófust í byrjun ágúst og lauk þeim í nóvember.
***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdum er lokið en Grindavíkurbær greiddi til baka þeirra hlutdeild í verkinu.
***Verktaki:*** Ellert Skúlason ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 90 |
| 2020 | -2 |
| **Samtals** | **88** |

↓
Grindavíkurvegur (43). Mynd: Baldur Kristjánsson





Brúin yfir Eldvatn er fyrsta netbogabrúin sem byggð er á Íslandi. Brúin var tilnefnd til Norrænu brúarverðlaunanna 2020.

**208 Skaftártunguvegur**
**00 um Eldvatn**
***Umfang verks:*** Verkefnið felst í byggingu nýrrar brúar yfir Eldvatn og vegtenginga að henni.
Um er að ræða tvö útboð. Annars vegar bygging nýrrar brúar yfir Eldvatn og hins vegar gerð vegtenginga að henni.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 612 m.kr. (bæði útboðin).

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2015 | 1 |
| Viðlagatrygging | 108 |
| Fjáraukalög 2016 | 300 |
| Fjárlög 2017 | 40 |
| Samgönguáætlun 2019 | 150 |
| Fært af öðrum verkum 2020 | 30 |
| **Samtals** | **629** |

***Verkframvinda 2016:*** Unnið var að hönnun, rannsóknum og öðrum undirbúningi.
***Verkframvinda 2017:*** Unnið var við verkhönnun og gerð útboðsgagna. Verkið var boðið út í nóvember en engin aðgengileg tilboð bárust og var þeim því hafnað.
***Verkframvinda 2018:*** Bygging nýrrar brúar á Eldvatn var boðin út í apríl. Vegagerðin að brúnni var boðin út í maí. Á árinu vann jarðvinnuverktaki að efnisöflun, aðstöðusköpun og gerð vegfyllinga. Brúarverktaki lauk við uppsteypu sökkla og stöpla beggja megin við ána.
***Verkframvinda 2019:*** Framkvæmdum við nýja brú og vegagerð að henni lauk að mestu á árinu 2019. Mannvirkin voru opnuð fyrir umferð um miðjan október.
***Verkframvinda 2020:*** Lokið var við viðgerðir og endurmálun á brúnni í júni 2020 auk ýmsan minniháttar frágang sem átti eftir að ljúka.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2016 | 13 |
| 2017 | 32 |
| 2018 | 111 |
| 2019 | 460 |
| 2020 | 13 |
| **Samtals** | **629** |

**249 Þórsmerkurvegur**
**01 Hringvegur – Gljúfurá**
***Umfang verks:*** Nýbygging Þórsmerkurvegar (249-01) frá gatnamótum Hringvegar að Gljúfurá. Verkið felst í gerð alveg nýs 8 m breiðs vegar, að megninu til á nýju vegstæði, all nokkru vestar en þar sem núverandi vegur er.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 70 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2016 | 38 |
| Fjárlög 2018 | 12 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 20 |
| **Samtals** | **70** |

***Verkframvinda 2019:*** Unnið að undirbúningi og hönnun. Áætlað að bjóða út framkvæmdir í janúar 2020.
***Verkframvinda 2020:*** Verkið var boðið út í janúar 2020 og lauk framkvæmdum á miðju sumri.
***Verktaki:*** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 4 |
| 2020 | 66 |
| **Samtals** | **70** |

**308 Hamarsvegur**
**01 Gaulverjabæjarvegur – Hamarshjáleiga**
***Umfang verks:*** Endurbygging og lagning bundins slitlags á 4,5 km frá Gaulverjabæjarvegi að Hamarshjáleigu.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 98 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 80 |
| **Samtals** | **80** |

***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdin var boðin út í mars. Framkvæmdir hófust um miðjan maí og lauk í júlí.
***Verktaki:*** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 100 |
| **Samtals** | **100** |

**308 Hamarsvegur**
**01 Villingaholtsvegur – Skálatjörn**
***Umfang verks:*** Endurbygging og lagning bundins slitlags á 1,9 km frá Villingaholtsvegi að Skálarimavegi.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 52 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 50 |
| **Samtals** | **50** |

***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdin var boðin út í lok júní. Framkvæmdir hófust upp úr miðjum september. Lokið var við að leggja fyrra lag klæðingar seinni hluta október. Lokið verður við seinna lag klæðingar í júní 2021.
***Verktaki:*** Verk og tæki ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 32 |
| **Samtals** | **32** |

**310 Votmúlavegur**
**01 Lækjarmót – Jórvík**
***Umfang verks:*** Lagning klæðingar á síðasta hluta Votmúlavegar um 1,1 km.
***Framkvæmdaform:*** Verðkönnun.
***Kostnaðaráætlun:*** 18 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2019 | |
| Tengivegir bundið slitlag | 13 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir bundið slitlag | 5 |
| **Samtals** | **18** |

***Verkframvinda 2019:*** Fram fór verðkönnun meðal nokkurra verktaka í júlí 2019. Lokið var við að leggja fyrra lag klæðingar í september 2019.
***Verkframvinda 2020:*** Lokið var við að leggja seinna lag klæðingar sumarið 2020 og lokið við frágang.
***Verktaki:*** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 13 |
| 2020 | 5 |
| **Samtals** | **18** |

### 324 Vorsabæjarvegur Skeiðum
**01 Skeiðavegur – Vorsabær**
***Umfang verks:*** Endurbygging og lagning bundins slitlags á 2,3 km frá Skeiða- og Hrunamannavegi að Vorsabæ.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 62 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 60 |
| **Samtals** | **60** |

***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdin var boðin út í apríl. Framkvæmdir hófust í lok júlí og lauk í september.
***Verktaki:*** Verk og tæki ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 63 |
| **Samtals** | **63** |

### 325 Gnúpverjavegur
**01 Þverá – Þjórsárdalsvegur**
***Umfang verks:*** Endurbygging og lagning bundins slitlags á 1,6 km frá Þjórsárdalsvegi að Kálfá.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 34 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 50 |
| **Samtals** | **50** |

***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdin var boðin út í apríl. Framkvæmdir hófust í ágúst og lauk í september.
***Verktaki:*** Verk og tæki ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 48 |
| **Samtals** | **48** |

### 350 Grafningsvegur neðri
**01 Hlíð – Grafningsvegur efri**
***Umfang verks:*** Endurbygging og lagning bundins slitlags, ásamt lagfæringu vegfláa á 4,3 km frá Hlíð að Grafningsvegi efri.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 113 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 130 |
| **Samtals** | **130** |

***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdin var boðin út í apríl 2020. Framkvæmdir hófust í byrjun júní og lauk í ágúst.
***Verktaki:*** Vörubifreiðastjórafélagið Mjölnir.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 101 |
| **Samtals** | **101** |

### 355 Reykjavegur
**01 Biskupstungnabraut – Laugarvatnsvegur**
***Umfang verks:*** Um er að ræða breikkun og endurbætur Reykjavegar í Bláskógabyggð milli Biskupstungnabrautar og Laugarvatnsvegar (8 km), auk byggingar 20 m langrar brúar yfir Fullsæl.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 1.021 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2008 | 6 |
| Samgönguáætlun 2009 | 3 |
| Samgönguáætlun 2010 | 1 |
| Samgönguáætlun 2011 | 2 |
| Samgönguáætlun 2012 | 1 |
| Samgönguáætlun 2013 | 2 |
| Samgönguáætlun 2014 | 28 |
| Samgönguáætlun 2015 | 26 |
| Samgönguáætlun 2016 | 29 |
| Fjárlög 2017 | 150 |
| Samgönguáætlun 2018 | 545 |
| Flutt á önnur verk 2018 | -346 |
| Flutt af öðrum verkum 2018 | 220 |
| Samgönguáætlun 2020 | 200 |
| **Samtals** | **867** |



***Verkframvinda 2017:*** Unnið var við verkhönnun og samninga við landeigendur.
***Verkframvinda 2018:*** Unnið var að samningum við landeigendur. Verkið var boðið út í desember 2018.
***Verkframvinda 2019:*** Tilboð í verkið voru opnuð í janúar 2019 en vegna kærumála dróst að hægt væri að skrifa undir verksamning til 31. júlí. Verktaki hóf vinnu við námuvinnslu í byrjun október og í framhaldi af því að keyra út fyllingar í veg og var lokið við að keyra fyllingar út í um 1 km af vegi.
***Verkframvinda 2020:*** Lokið við að keyra út fyllingar að mestu leyti og styrktarlagi á um 6,5 km frá Laugarvatnsvegi til suðurs. Lokið við að keyra burðarlög og klæða fyrra lag klæðingar á 5,5 km frá Laugarvatnsvegi til suðurs í átt að Torfastöðum. Lokið var við að byggja brú á Fullsæl og efnisvinnsla í burðarlög kláruð að mestu leyti.
***Verktaki:*** Þjótandi ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2008 | 6 |
| 2009 | 3 |
| 2010 | 1 |
| 2011 | 2 |
| 2012 | 1 |
| 2013 | 2 |
| 2014 | 28 |
| 2015 | 26 |
| 2016 | 29 |
| 2017 | 13 |
| 2018 | 35 |
| 2019 | 41 |
| 2020 | 555 |
| **Samtals** | **742** |

### 360 Grafningsvegur efri
**02 Úlfljótsvatn – Hagavík**
***Umfang verks:*** Endurbygging Grafningsvegar efri (360-02) frá klæðingarenda við Úlfljótsvatn að klæðingarenda við Hagavík, alls um 6,2 km. Verkið felst í undirbyggingu vegarins á sama stað, lögn ræsa, útlögn og vinnslu burðarlaga og klæðingar.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 190 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2019 | |
| Tengivegir | 93 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 107 |
| **Samtals** | **200** |

***Verkframvinda 2019:*** Útboð á framkvæmdinni var auglýst í lok júní 2019 og tilboð opnuð 9. júlí. Byrjað var á framkvæmdum í ágúst og lokið við ræsalögn, útkeyrslu fyllinga og skeringar á árinu 2019. Einnig var lokið við að keyra styrktarlagi í megnið af kaflanum.
***Verkframvinda 2020:*** Lokið var við framkvæmdir á árinu fyrir utan minniháttar frágang við girðingar sem er ólokið.
***Verktaki:*** Suðurtak ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 93 |
| 2020 | 107 |
| **Samtals** | **200** |

### 417 Bláfjallavegur
**02 lagfæringar á umhverfi vegar**
***Umfang verks:*** Um er að ræða lagfæringar á vegfláum og umhverfi vegar á um 11 km kafla. Verið er að minnka bratta fláa á völdum köflum með það að markmiði að lágmarka áhættu á mengunarslysi ef ökutæki fara út af vegi.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 63 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 2 |
| Framtíðarverk 2020 | 5 |
| Samgönguáætlun 2020 | 50 |
| Flutt af fjárheimildum viðhalds 2020 | 13 |
| **Samtals** | **70** |

***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdin var boðin út í lok september og fóru framkvæmdir lítið af stað á árinu en fyrirhuguð verklok eru í júní 2021.
***Verktaki:*** Loftorka ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 9 |
| 2020 | -6 |
| **Samtals** | **3** |

### 460 Eyrarfjallsvegur
**01 Hvalfjarðarvegur – Fell**
***Umfang verks:*** Lagning bundins slitlags á 450 m á austari enda Eyrarfjallsvegar frá Hvalfjarðarvegi við Fell.
***Framkvæmdaform:*** Samningar.
***Kostnaðaráætlun:*** 8 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 Tengivegir bundið slitlag | 8 |
| **Samtals** | **8** |

***Verkframvinda 2020:*** Verkið var unnið sumarið 2020 samhliða framkvæmdum á Meðalfellsvegi.
***Verktaki:*** Verk og tæki ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 8 |
| **Samtals** | **8** |

### 461 Meðalfellsvegur
**01 Hvalfjarðarvegur – Kjósarskarðsvegur**
***Umfang verks:*** Í tengslum við framkvæmdir á Kjósarskarðsvegi var ákveðið að leggja bundið slitlag á samtals 1,3 km af Meðalfellsvegi. Annars vegar var lagt á um 600 m langan kafla frá Kjósarskarðsvegi og hins vegar á um 700 m langan kafla þar sem vegurinn liggur um bæjarhlaðið við Möðruvelli. Framkvæmdir við samtals 1,6 km sem eftir voru með malarslitlagi á Meðalfellsvegi frá Brekkum að Möðruvöllum voru boðnar út í mars 2020.
***Framkvæmdaform:*** Samningsverk. Útboðsverk.
***Kostnaðaráætlun:*** 20 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2019 Tengivegir | 20 |
| Samgönguáætlun 2020 Tengivegir | 30 |
| **Samtals** | **50** |

***Verkframvinda 2019:*** Verkið var unnið í lok sumars 2019.
***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdir við útboðskafla hófust í maí og lauk í júní. Einnig var unnið samhliða að framkvæmdum við Eyrarfjallsveg í þessu verki.
***Verktakar:*** Vörubifreiðastjórafélagið Mjölnir. Verk og tæki ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 20 |
| 2020 | 27 |
| **Samtals** | **47** |



### 2070 Sönghólsvegur
**01 við Kirkjubæjarklaustur**
***Umfang verks:*** Um er að ræða lagningu 450 m langs vegar að fyrirhugaðri gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs við Kirkjubæjarklaustur.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 40 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárheimild 2018 | 40 |

***Verkframvinda 2018:*** Á árinu var unnið við verkhönnun og undirbúning.
***Verkframvinda 2019:*** Unnið að undirbúningi. Stefnt er að framkvæmdum á árinu 2020.
***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdin var boðin út í apríl 2020. Framkvæmdir hófust í lok júlí og lauk í lok september. Um var að ræða samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Framkvæmdasýslunnar.
***Verktakar:*** Framrás ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2018 | 5 |
| 2019 | 1 |
| 2020 | 27 |
| **Samtals** | **33** |

### Brú á Þverá hjá Odda
***Umfang verks:*** Bygging brúar á Þverá hjá Odda ásamt vegtengingu milli Landeyjavegar og Oddavegar.
***Framkvæmdaform:*** Rangárþing ytra er eigandi vegar og brúar og framkvæmdaraðili en ríkið styrkir framkvæmdina.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2016 | |
| Undirbúningur verka utan áætlunar | 3 |
| Viðbót í fjárlögum 2016 | 50 |
| Samgönguáætlun 2019 Stofnkostnaður | 64 |
| Fjárheimild 2020 | 50 |
| **Samtals** | **167** |

***Verkframvinda:*** Á árinu 2016 var unnið að hönnun og öðrum undirbúningi verkefnisins.
***Á árinu 2017*** lét sveitarfélagið framleiða og reka niður steypta niðurrekstrarstaura undir sökkla fyrir nýja brú.
***Verkframvinda 2018:*** Enginn kostnaður 2018.
***Verkframvinda 2019:*** Lokið var við smíði brúar og langt komist með byggingu vegar.
***Verkframvinda 2020:*** Uppgjör við sveitarfélag og frágangur við verklok. Afhending vegar og brúar til Vegagerðarinnar á árinu.
***Verktaki:*** Á vegum Rangárþings ytra: Mikael ehf.

***Skýringar:*** Vegtenging um Þverá milli Landeyjavegar og Oddavegar er ekki hluti af þjóðvegakerfinu, en gert var samkomulag við Rangárþing ytra um verkefnið með þeim hætti að Vegagerðin legði til hönnun brúarinnar og 50 m.kr. framlag af viðbótarfé í fjárlögum 2016 yrði greitt til sveitarfélagsins í samræmi við framvindu verksins og að Rangárþing ytra greiddi kostnað umfram þær fjárheimildir.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2016 | 3 |
| 2017 | 26 |
| 2018 | 0 |
| 2019 | 75 |
| 2020 | 29 |
| **Samtals** | **133** |

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Suðursvæði**
Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Suðursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjármögnun fyrir 2020 | 925 |
| Samgönguáætlun 2020 | 14 |
| **Samtals** | **939** |

| Verkefni Ár: | Kostnaður í m.kr. 2005 | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | Sam–tals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hringvegur 1-a2, Núpsstaður – Dalshöfðavegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 8 | 0 | 0 | 11 |
| Hringvegur 1-a3, Dalshöfðavegur – Foss | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 4 | 4 | 0 | 12 |
| Hringvegur 1-a4, Foss – Klausturvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 8 |
| Hringvegur 1-a6 Klausturvegur – Skál | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 2 |
| Hringvegur 1-a7 í Eldhrauni | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hringvegur 1-b2, Hjörleifshöfði – Vík | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 |
| Hringvegur 1-b4 um Mýrdal | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 5 | 1 | 0 | 13 |
| Hringvegur 1-b5 um Jökulsá á Sólheimasandi | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Hringvegur 1-b7, Raufarfellsvegur – Sandhólmav. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Hringvegur 1-c0 um Hvolsvöll | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hringvegur 1-d2, Selfoss – Markarfljót | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 2 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 |
| Hringvegur 1-e2, Nesjavallaleið – Breiðholtsbraut | 0 | 0 | 6 | 23 | 22 | 28 | 6 | 5 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 39 | 0 | 131 |
| Hringvegur 1-f2, Nesbraut (49-01) – Úlfarsfellsv. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 2 | 0 | 7 |
| Hringvegur 1-f3, Úlfarsfellsvegur – Reykjavegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8 | 0 | 0 | 8 |
| Hringvegur 1-f5/f7, Kjalarnes breikkun | 0 | 5 | 2 | 35 | 20 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 9 | 8 | 0 | 0 | 82 |
| Dalavegur 22-01, Básaskersbryggja – Hátún | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Búðafossvegur 23-01, brú á Þjórsá | 0 | 0 | 0 | 0 | 12 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 6 | 0 | 0 | 0 | 0 | 21 |
| Skeiða- og Hrunamannav. 30-04 um Stóru Laxá | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Skeiða– og Hrunamannav. 30-08, Einholtsv. – Biskupstungnabr. | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 8 |
| Þjórsárdalsvegur 32-02, Þverá á Þjórsárdalsvegi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Eyrarbakkavegur 34-02, Selfoss – Gaulverjabæjarv. (33-04) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 2 |
| Biskupstungnabraut 35-02, Þingvallavegur (36-01) – Búrfellsvegur (351-01) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 2 |
| Biskupstungnabraut 35-08, Laugarvatnsv. – Hrunamannav. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 3 |
| Kjalvegur 35-12, Hagavatnsvegur – Hvítanesleið | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Þingvallavegur 36-12, Skeggjastaðir – Hringvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 4 | 1 | 1 | 2 | 0 | 10 |
| Hafnarfjarðarvegur 40-04, Vífilsstaðavegur – Fjarðarbraut | 3 | 1 | 1 | 0 | 17 | 10 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 19 | 0 | 0 | 0 | 0 | 52 |
| Reykjanesbraut 41-02, Faxagata – Hafnarfjarðarvegur | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 |

| Verkefni (frh.) Ár: | Kostnaður í m.kr. 2005 | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | Sam–tals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbraut 41-04, Holtavegur (454-01) – Nesbraut (49-03) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 3 | 0 | 10 |
| Reykjanesbraut 41-13, Álftanesvegur – Lækjargata | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 42 | 0 | 42 |
| Reykjanesbraut 41-14, Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurv. | 0 | 13 | 8 | 9 | 37 | 59 | 8 | 5 | 1 | 0 | 1 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 145 |
| Reykjanesbraut 41-15, Fjarðarbr. – Vatnsleysustrandarv. | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 3 | 9 | 2 | 0 | 0 | 0 | 35 | 1 | 4 | 6 | 0 | 62 |
| Reykjanesbraut 41-21, Grænás – Garðskagavegur | 0 | 0 | 0 | 8 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 12 |
| Reykjanesbraut 41-22, Garðskagavegur – Flugstöð | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 0 | 9 | 7 | 19 |
| Krýsuvíkurvegur 42-02, Hringtorg við Hellnahraun | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Hafnavegur 44-01, Reykjanesvegur – flugvöllur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 7 |
| Kjósarskarðsvegur 48-01, Hvalfjarðarvegur – Meðalfellsv. | 0 | 0 | 3 | 20 | 22 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 50 |
| Nesbraut 49-03, strætórein austan Grensás | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Nesbraut 49-04, strætórein við Klambratún | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Landeyjavegur 252-02, Bakkavegur – Kanastaðir | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Landeyjavegur 252-04, Akureyjarvegur – Grímsstaðav. | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Þingskálavegur 268-01, Rangárvallavegur – Þingskálar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 2 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 |
| Hagabraut 286-01, Landvegur – Heiðarbraut | 0 | 0 | 0 | 1 | 5 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 |
| Oddgeirshólavegur 304-01, Hringvegur – Oddgeirshólar | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Hamarsvegur 308-01, Gaulverjabæjarv. – Villingaholtsv. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Reykjavegur 355-01, Biskupstungnabr. – Laugarvatnsv. | 0 | 0 | 0 | 6 | 3 | 1 | 2 | 1 | 2 | 28 | 26 | 29 | 0 | 0 | 0 | 0 | 98 |
| Grafningsvegur efri 360-02, Grafningsv. neðri – Nesjavellir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 |
| Arnarnesvegur 411-06, Rjúpnavegur – Breiðholtsbraut | 0 | 0 | 0 | 6 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 |
| Arnarnesvegur 411-07, Rjúpnavegur – Breiðholtsbraut | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 4 |
| Breiðholtsbraut 413-02, Breiðholtsbraut göngubrú | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Bláfjallavegur 417-02, Bláfjallaleið – Krýsuvíkurvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 2 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 2 | 1 | 0 | 9 |
| Bústaðavegur 418-01, Hafnarfjarðarvegur (40-01) – Gamla Hringbraut | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8 | 0 | 0 | 8 |
| Vatnsleysustrandarv. 420-01, hringtorg – Vogavegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Suðurstrandarvegur 427-03, Grindavík, Hafnargata – Þórkötlustaðavegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hallsvegur 432-01, Hringvegur – Höfðabakki | 0 | 0 | 7 | 7 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 17 |
| Nesjavallaleið 435-01, Hafravatnsvegur – sýslumörk | 0 | 2 | 1 | 1 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 |
| Ofanbyggðavegur 480-01 ofan Hafnarfjarðar | 1 | 8 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 |
| Kaldadalsvegur 550-01, Þingvallavegur – Smjörbrekka | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Hvammsvegur 2791-01 Landvegur – Hvammur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals** | **9** | **32** | **28** | **126** | **153** | **120** | **36** | **21** | **9** | **29** | **39** | **112** | **30** | **63** | **118** | **14** | **939** |

## Höfuðborgarsvæði

**1 Hringvegur**
**E3 Bæjarháls – Krókháls**
Hluti af samgöngusáttmála
***Umfang verks:*** Verkið felst í að fullgera eystri akbraut Suðurlandsvegar, milli Vesturlandsvegar og Bæjarháls. Eystri akbrautin verður tengd við núverandi vegakerfi í báðum endum. Sett verður upp ný veglýsing og vegrið til að aðskilja akstursstefnur. Núverandi undirgöng undir Suðurlandsveg við Krókháls verða lengd og breikkuð þ.a. hægt verður að skilja betur milli bílaumferðar og gangandi / hjólandi. Markmið framkvæmdanna er að auka öryggi og greiða fyrir umferð. Sérstaklega er bent á aukið öryggi óvarinna vegfarenda í undirgöngunum við Krókháls. Framkvæmdinni fylgja endurbætur á umhverfi vegarins sem hefur ekki verið lokið í fyrri framkvæmdum.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 652 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2019 | 400 |
| Leiðrétting 2019 | -400 |
| Tímabundið fjárfestingarátak 2020 | 650 |
| **Samtals** | **650** |

***Verkframvinda 2020:*** Ný akbraut Suðurlandsvegar var fullgerð auk þess sem sett voru upp vegrið og götulýsing endurnýjuð. Lokið var við uppsteypu nýrra undirganga undir Krókháls og þau opnuð fyrir umferð akandi og gangandi vegfarenda.
***Verktaki:*** Óskatak ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 13 |
| 2020 | 491 |
| **Samtals** | **504** |

**1 Hringvegur**
**F3 Vesturlandsvegur, Skarhólabraut – Langitangi**
Hluti af samgöngusáttmála
***Umfang verks:*** Um er að ræða endurbyggingu og breikkun Hringvegar (1) í Mosfellsbæ milli Skarhólabrautar og Langatanga. Á kaflanum voru þrjár akreinar en vegurinn verður breikkaður þ.a. hægt verði að koma fyrir fjórum akreinum og aðskilja akstursstefnur með vegriði í miðju vegarins. Byggðir verða hljóðvarnarveggir, veglýsing endurnýjuð og umframefni komið fyrir í hljóðmönum við veginn. Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Mosfellsbæjar.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 661 m.kr. (hlutur Vegagerðarinnar, eftir útboð).

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2018 | 8 |
| Samgönguáætlun 2019 | 510 |
| Tímabundið fjárfestingarátak 2020 | 350 |
| **Samtals** | **868** |

***Verkframvinda 2019:*** Unnið að hönnun og undirbúningi.
***Verkframvinda 2020:*** Verksamningur var undirritaður 25. maí 2020 og hófst vinna fljótlega eftir það. Vegurinn var breikkaður til austurs og allar fjórar akreinar nýja vegarins voru malbikaðar. Gengið var frá vegriði milli akbrauta og lýsing endurnýjuð. Byggðir voru hljóðveggir og hljóðmanir. Endurbyggður vegur var tekinn í notkun í nóvember. Unnið verður við lokafrágang á árinu 2021.
***Verktaki:*** Loftorka Reykjavík ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2018 | 8 |
| 2019 | 50 |
| 2020 | 548 |
| **Samtals** | **606** |

**40 Hafnarfjarðarvegur**
**04 gatnamót við Vífilsstaðaveg**
***Umfang verks:*** Um er að ræða breikkun og endurbætur á gatnamótum Hafnarfjarðarvegar (40) við Vífilsstaðaveg og Lyngás ásamt gerð undirganga fyrir gangandi og hjólandi umferð við Hraunholtslæk, breikkun og endurbætur á Vífilsstaðavegi milli Hafnarfjarðarvegar og Litlatúns og gerð hringtorgs við Litlatún. Hraunholtslækurinn verður einnig í undirgöngunum við hlið göngu- og hjólaleiðarinnar. Akreinum á Hafnarfjarðarvegi verður fjölgað og beygjureinum breytt og fjölgað. Einnig verður gengið frá göngustígum á svæðinu. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð af hliðarvegum í Garðabæ inn á Hafnarfjarðarveg.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 1.010 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 33 |
| Fjárheimild 2016 | 19 |
| Fjárheimild 2017 | 0 |
| Fjárheimild 2018 | 500 |
| Flutt á önnur verk | -445 |
| 2019 | 0 |
| 2020 Skilað af Norðfj.göngum | 445 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Undirgöng og göngubrýr | 150 |
| Viðhald bundinna slitlaga | 85 |
| **Samtals** | **754** |

***Verkframvinda 2018:*** Á árinu 2018 var unnið við hönnun og annan undirbúning.
***Verkframvinda 2019:*** Á árinu 2019 var unnið við hönnun og gerð útboðsgagna.
***Verkframvinda 2020:*** Verksamningur var undirritaður 13. maí 2020 og hófst vinna fljótlega eftir það. Unnið var við gerð hringtorgs á Vífilsstaðavegi, breytingar á Vífilsstaðavegi að Hafnarfjarðarvegi, breytingar á vegamótum Hafnarfjarðarvegar og Vífilsstaðavegar auk þess sem skipt var um umferðarljós á vegamótunum.
***Verktaki:*** PK verk ehf. og PK byggingar ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 33 |
| 2016 | 19 |
| 2017 | 50 |
| 2018 | 18 |
| 2019 | 69 |
| 2020 | 308 |
| **Samtals** | **497** |



→ Vegagerðarbíll útbúinn snjótönn.

**41 Reykjanesbraut**
**12 Fjarðarhraun – Mjódd**
***Umfang verks:*** Frumskoðun fyrir breikkun Reykjanesbrautar milli Breiðholtsbrautar og Hafnarfjarðarvegar. Til skoðunar verður að breikka brautina í allt að 4 akreinar í hvora átt, þar af ein sérrein í hvora akstursstefnu fyrir almenningssamgöngur. Markmið með frumskoðun er fyrst og fremst að draga fram rýmisþörf mannvirkja til næstu áratuga í samræmi við umferð.
***Framkvæmdaform:*** Hönnun, samningar.
***Kostnaðaráætlun:*** 30 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tímabundið fjárfestingarátak | |
| 2020 | 30 |
| **Samtals** | **30** |

***Verkframvinda 2020:*** Verkið var unnið frá ágúst – desember 2020.
***Verktaki:*** Verkís.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 17 |
| **Samtals** | **17** |

**41 Reykjanesbraut**
**14 Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur**
Hluti af samgöngusáttmála
***Umfang verks:*** Verkið felst í tvöföldun Reykjanesbrautar í Hafnarfirði milli Kaldárselsvegar og Krýsuvíkurvegar. Auk þess tilheyrir verkinu gerð nýrrar vegbrúar yfir Strandgötu og undirganga á þessum stað, gerð tveggja göngubrúa yfir Reykjanesbraut við Ásland og Þorlákstún ásamt gerð umfangsmikilla hljóðvarna við Reykjanesbraut. Verkið er unnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og veitufyrirtæki.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 2.693 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Viðbótarfé 2018 | 50 |
| Afturkallað 2018 | -50 |
| Samgönguáætlun 2019 | 1.000 |
| Samgönguáætlun 2020 | 1.600 |
| Samgöngusáttmáli 2020 | 150 |
| **Samtals** | **2.750** |

↓
Reykjanesbraut (41) framkvæmdir við tvöföldun milli Kaldárselsvegar og Krýsuvíkurvegar.








↑
Reykjanesbraut (41) framkvæmdir við tvöföldun milli Kaldárselsvegar og Krýsuvíkurvegar (2).

***Verkframvinda 2018:*** Unnið var við hönnun vegarins.
***Verkframvinda 2019:*** Í febrúar var verkið boðið út og var það auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu (EES). Unnið var við vegagerð suðurakbrautar vestan við Strandgötu. Byrjað var á að breikka Strandgötubrú og smíði tveggja göngubrúa hófst í Póllandi. Áætluð verklok í nóvember 2020.
***Verkframvinda 2020:*** Í byrjun árs var unnið að lækkun norðurakbrautar við Hvaleyrarholt og á sama tíma unnið við gerð nýrrar suðurakbrautar austan Strandgötu. Smíði göngubrúa lauk í Póllandi og þær fluttar til landsins í lok febrúar. Þær voru fluttar á Reykjanesbraut að brúarstæðum sínum og var göngubrúin við Þorlákstún jafnframt hífð á sinn stað. Klárað var að malbika norðurakbraut vestan við rampa að og frá Strandgötu um miðjan júní. Í lok vetrar hafði verktaki klárað breikkun Strandgötubrúar og suðurhelming undirganga við brúna. Malbikun nýrrar suðurakbrautar austan Strandgötu lauk snemma sumars. Umferð var færð alfarið yfir á nýja suðurakbraut og vinna hófst við að lækka norðurakbraut austan Strandgötu. Fór hásumarið í þá vinnu og að klára norðurhluta undirganga við Strandgötubrú. Vinnu við að lækka og malbika norðurakreinar lauk í lok ágúst og göngubrú við Ásland var hífð á stöpla sína. Í framhaldi af því var unnið í að breikka akreinar og breyta miðdeili á austasta hluta svæðisins og lauk malbikun þar seinni hluta október. Yfir allt verkið vann verktaki við að byggja upp hljóðmanir, setja upp hljóðveggi og vinna við landmótun Þorlákstúnsins með umframefni í verkinu. Ljósastaurar, skiltaundirstöður og vegrið voru sett upp jafnóðum í verkinu. Nýjar akbrautir voru teknar í notkun þann 24. nóvember.
***Verktaki:*** Ístak hf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2018 | 28 |
| 2019 | 706 |
| 2020 | 2.270 |
| **Samtals** | **3.004** |

**41 Reykjanesbraut**
**15 Krýsuvíkurvegur – Hvassahraun**
***Umfang verks:*** Verkið felst í vinnu við mat á umhverfisáhrifum, for- og verkhönnun vegna breikkunar Reykjanesbrautar, frá Krýsuvíkurvegi að Hvassahrauni á um 5,6 km kafla með tilheyrandi vegamótum, tengingum og mannvirkjum. Einnig er gert ráð fyrir endurskoðun á hönnuðu hringtorgi og römpum sunnan undirgangna við Straumsvík.
***Framkvæmdaform:*** Hæfismat og útboð. Kostnaðaráætlun heildarverksins er 3,4 milljarðar miðað við vísitölu áætlana 171,8.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 110 |
| **Samtals** | **3.250** |

***Verkframvinda 2020:*** Vinna við gerð matsáætlunar hófst strax eftir að samningur var kominn á milli Vegagerðarinnar og Mannvits og lauk þeirri vinnu í desember 2020 og hún þá send til Skipulagsstofnunar til umsagnar. Vinna við frummatsskýrslu hófst fyrir áramót.
***Verktaki:*** Verkfræðistofan Mannvit.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 4 |
| 2020 | 76 |
| **Samtals** | **80** |

**413 Breiðholtsbraut**
**01 Hringvegur – Jaðarsel**
***Umfang verks:*** Frumskoðun fyrir breikkun Breiðholtsbrautar milli Reykjanesbrautar/Skógarsels og Hringvegar. Til skoðunar var að móta framtíðarsýn Vegagerðarinnar varðandi tvöföldun Breiðholtsbrautar frá gatnamótum við Jaðarsel að Suðurlandsvegi ásamt nauðsynlegum aðgerðum á gatnamótum.
***Framkvæmdaform:*** Hönnun, samningar.
***Kostnaðaráætlun:*** 30 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tímabundið fjárfestingarátak | |
| 2020 | 30 |
| **Samtals** | **30** |

***Verkframvinda 2020:*** Verkið hófst í júlí 2020 með frumhönnun og samskiptum við sveitarfélög og lauk í febrúar 2021.
***Verktaki:*** VSÓ.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 8 |
| **Samtals** | **8** |



Framkvæmdir við Reykjanesbraut (41) í Hafnarfirði.
Mynd: Baldur Kristjánsson





Hafnarfjarðarvegur (40). Horft í átt til Kópavogs.

**418 Bústaðavegur**
**01 Hafnafjarðarvegur – Nesbraut**
***Umfang verks:*** Lenging á frárein og breikkun rampa við Bústaðaveg ásamt tilheyrandi jarðvinnu, gerð hljóðmanar og uppfærslu og breytinga á umferðarljósum.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 88 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2018 | 8 |
| Samgönguáætlun 2019 | |
| Bætt umferðarflæði | 77 |
| **Samtals** | **85** |

***Verkframvinda 2019:*** Framkvæmdin var boðin út í lok júlí 2019 og átti framkvæmdum að ljúka í nóvember. Útgáfa framkvæmdaleyfis var kærð og verkið því stöðvað þegar það var langt komið í byrjun nóvember. Búið var að klára alla malbikun, uppsetningu ljósastaura og frágang að mestu leyti en eftir að klára yfirborðsfrágang við hellulagðar eyjar, hljóðmön og yfirborðsmerkingar ásamt uppfærslu á umferðarljósum.
***Verkframvinda 2020:*** Lokið var við frágang og uppgjör við verktaka.
***Verktakar:*** PK-Verk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2018 | 8 |
| 2019 | 77 |
| 2020 | 32 |
| **Samtals** | **117** |

**431 Hafravatnsvegur**
**02 undirgöng við Ísfugl**
Hluti af samgöngusáttmála
***Umfang verks:*** Undirgöng fyrir gangandi og ríðandi umferð undir Hafravatnsveg (Reykjaveg) í Mosfellsbæ á móts við Ísfugl. Ræsið verður bárustálsræsi. Með í framkvæmdinni verður einnig færsla og nýlagning ýmissa lagna sem Mosfellsbær annast.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun (hlutdeild Vegagerðarinnar):*** 68 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2019 | |
| Göngubrýr og undirgöng | 70 |
| 2020 | 0 |
| **Samtals** | **70** |

***Verkframvinda 2019:*** Á árinu var keypt ræsaefni til framkvæmdarinnar og unnið að undirbúningi. Stefnt að útboði sumarið 2020 og að framkvæmdir klárist á árinu.
***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdin var boðin út í lok júní 2020 og hófust framkvæmdir í september. Lokið var að mestu við að setja niður undirgöng undir veginn haustið 2020 og malbika yfir og umferð hleypt á veginn. Frágangur við enda og við hlið vegar ásamt uppsetningu vegriðs frestaðist til 2021.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 9 |
| 2020 | 36 |
| **Samtals** | **45** |

**Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu**
Hluti af samgöngusáttmála
***Umfang verks:*** Miðlæg stýring umferðarljósa hefur verið rekin í samstarfi Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar síðan 2007 og er stöðugt unnið að því að tengja fleiri umferðarljós á höfuðborgarsvæðinu saman.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Skuld frá fyrri áföngum | -4 |
| Samgönguáætlun 2015 | 50 |
| Samgönguáætlun 2015 | |
| Bætt umferðarflæði | 4 |
| Millifært á önnur verk 2015 | -24 |
| Samgönguáætlun 2016 | 30 |
| Millifært á önnur verk 2016 | -6 |
| Fjárlög 2017 | 30 |
| Fjárlög 2018 | 30 |
| Samgönguáætlun 2019 | 40 |
| Bætt umferðarflæði | 105 |
| Fært á samgöngusáttmála 2019 | -105 |
| Fært á önnur verk | -40 |
| **Samtals** | **110** |

Eftir að verkefni fellur undir samgöngusáttmála er fjármögnun svona:

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Millifært af SGS 2019 inneign | 40 |
| Samgönguáætlun 2020 | 90 |
| **Samtals** | **130** |

***Verkframvinda:*** Á árinu 2015 var unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg við að uppfæra miðlæga ljósastýringu höfuðborgarsvæðisins með því að setja upp kerfi fyrir forgangsakstur í miðlæga umferðarljósatölvu höfuðborgarsvæðisins. Settur var upp búnaður við nokkur ljós sem gerir aðilum í forgangsakstri eins og lögreglu, slökkviliði og strætó kleift að hafa áhrif á ljósastýringu við einstök vegamót. Á árinu 2016 var uppfærður búnaður á nokkrum vegamótum.
***Verkframvinda 2017:*** Aðalverkefnið var kaup á búnaði fyrir forgangsakstur neyðarbíla og strætó á umferðarljósum á Miklubraut. Búnaðurinn var settur upp vorið 2018. Einnig var unnið að uppfærslu búnaðar við vegamót Sæbrautar og Langholtsvegar og vegamót Gullinbrúar við Hallsveg annarsvegar og Fjallkonuveg hins vegar.
***Verkframvinda 2018:*** Keyptur var og settur upp skynjarabúnaður IP3257 fyrir Hringbraut – Njarðargötu til að fram geti farið þversniðstalningar vestan Njarðargötu. Keyptur ýmis búnaður og settur upp vegna gagnasamskipta. Keypt voru ljósker og hnappabox fyrir Kringlumýrarbraut – Listabraut, einnig fyrir Kringlumýrarbraut – Hamrahlíð. Og Miklabraut – Langahlíð. Keyptur var umferðarljósabúnaður fyrir Sæbraut (Katrínartún, Snorrabraut og Frakkastígur). Að lokum var um uppfærslu á búnaði að ræða fyrir svokallað Scala.
***Verkframvinda 2019:*** Unnið var að uppsetningu búnaðar fyrir þrenn vegamót á Sæbraut þ.e.a.s. við Katrínartún, Snorrabraut og Frakkastíg. Unnið að uppsetningu STREAM (stýringa fyrir forgangsakstur) við vegamót á Nesbraut (Miklubraut). Auk þess var greitt fyrir uppfærslur vél- og hugbúnaðar og þjónustusamninga við Siemens.
***Verkframvinda 2020:*** Unnið var að uppsetningu búnaðar á gatnamótum á Arnarnesvegi. Auk þess var greitt fyrir uppfærslur vél- og hugbúnaðar og þjónustusamninga við Siemens. Farið var í greiningu á búnaði og umgjörð umferðarljósastýringar á höfuðborgarsvæðinu og var greiningin unnin af Sweco. Í framhaldinu var stofnaður faghópur um umferðarljósamál. Í hópnum sitja fulltrúar frá Vegagerðinni og sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Eitt af hlutverkum faghópsins er að halda utan um stefnumótun og endurnýjun áætlana fyrir umferðarljós á höfuðborgarsvæðinu.



| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2015 | 16 |
| 2016 | 14 |
| 2017 | 36 |
| 2018 | 45 |
| 2019 | 58 |
| 2020 | 41 |
| **Samtals** | **194** |

**Bætt umferðarflæði, almenningssamgöngur**
Hluti af samgöngusáttmála
***Umfang verks***: Lagfæringar og endurbætur á gatnamótum á höfuðborgarsvæðinu til að greiða fyrir umferð.
***Framkvæmdaform:*** Útboð og samningar.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2018 | 200 |
| Fært á verk 2018 | -118 |
| Samgönguáætlun 2019 | 200 |
| Fært á verk 2019 | -300 |
| Fært af verkum 2019 000004H | 100 |
| **Samtals** | **82** |

Eftir að verkefni fellur undir samgöngusáttmála er fjármögnun svona:

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | 200 |
| **Samtals** | **200** |

***Verkframvinda 2020:*** Fjárveiting var óljós með tilkomu samgöngusáttmála. Betri samgöngur, félag sem heldur utan um samgöngusáttmála var ekki stofnað fyrr en í október 2020 og því náðist ekki að hefja framkvæmdir að fullu við þessi verkefni. Þó náðist að setja upp biðstöð fyrir strætó á Bústaðavegi við svæði Vals ásamt breikkun á Reykjavegi inn á hringtorg við Vesturlandsveg í Mosfellsbæ.

| Kostnaður 2020 | m.kr. |
|---|---|
| Stjórnun | 3 |
| Reykjavík | 12 |
| Mosfellsbær | 6 |
| **Samtals** | **21** |

**Öryggisaðgerðir**
Hluti af samgöngusáttmála
***Umfang verks:*** Aðgerðir til að auka umferðaröryggi á umferðarmestu vegunum á höfuðborgarsvæðinu.
***Framkvæmdaform:*** Útboð og samningar.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Innistæða | 50 |
| Samgönguáætlun 2019 | 100 |
| Millifært á Bætt umferðarflæði | -100 |
| **Samtals** | **50** |

Eftir að verkefni fellur undir samgöngu-sáttmála er fjármögnun svona:

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgöngusáttmáli 2019 | 300 |
| Samgönguáætlun 2020 | 100 |
| Fært á önnur verk | -200 |
| **Samtals** | **200** |

***Verkframvinda 2017:*** Fyrst og fremst var unnið við uppsetningu og lengingu vegriða meðfram helstu stofnleiðum á höfuðborgarsvæðinu. Einnig var unnið við að fjarlægja hættulegar teinagirðingar á milli akbrauta á nokkrum stöðum.
***Verkframvinda 2018:*** Á árinu var haldið áfram að skipta út hættulegum teinagirðingum á milli akbrauta á höfuðborgarsvæðinu og settar upp hættuminni netgirðingar. Skipt var út um 2,2 km af teinagirðingum fyrir netgirðingar á árinu. Sett voru upp vegrið á Höfðabakka, Reykjanesbraut, Hafnarfjarðarvegi, Reykjanesbraut og Breiðholtsbraut. Fláar og vegsvæði voru lagfærð á Grindavíkurvegi og Reykjanesbraut fyrir ofan Keflavík. Bætt lýsing á gangbrautum á Miklubraut og á Arnarnesvegi.

***Verkframvinda 2019:*** Lokið var við að skipta út hættulegum teinagirðingum á milli akbrauta á höfuðborgarsvæðinu og settar upp hættuminni netgirðingar. Skipt var út um 2 km af teinagirðingum. Veglýsing á Hringbraut frá Eiðsgranda að Suðurgötu var endurnýjuð með áherslu á betri lýsingu á göngusvæðum, auk þess sem sett voru upp hraðavaramerki. Keypt var efni, staurar og lampar í 70 ljósastaura á Reykjanesbraut sem stendur til að endurnýja í byrjun árs 2020 frá Hvassahrauni að Straumsvík og verða þá settir upp öryggisvottaðir staurar og LED lampar. Sett voru upp vegrið milli akbrautar og gönguleiðar við Fjarðarbraut og Reykjanesbraut við Kaplakrika í tengslum við aðrar framkvæmdir. Sett var upp vegrið meðfram Þingvallavatni á Grafningsveg efri norðan Svínaness.
***Verkframvinda 2020:*** Lítið var framkvæmt vegna mótunar á verklagi í kringum samgöngusáttmála. Þó var farið í nokkur verkefni. Settar voru upp girðingar sunnan Gullinbrúar. Einnig var viðhald á girðingum á Miklubraut milli Grensásvegar og Skeiðarvogs og auk þess á Reykjavíkurvegi í Hafnarfirði. Skipt var út ljósastaurum á Reykjanesbraut og á Hringbraut var skipt um ljósalampa í ljósastaurum.
***Verktakar:*** HK. Haralds ehf., Reykjavík, Árni Garðar Svavarsson Reykjavík, Fljótur verktaki sf., Fljótavík ehf., GG. Sigurðsson ehf., Íslenskir aðalverktakar ehf., K.Þ Ásmundsson ehf., Sigurður Guðjónsson V.S. ehf., Orka náttúrunnar ohf., Rekverk ehf., Suðurtak ehf. og fleiri.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| 2019 | 100 |
| 2020 | 22 |
| **Samtals** | **122** |

**Hjóla- og göngustígar**
Hluti af samgöngusáttmála
***Umfang verks:*** Gerð stofnstíga, hjóla- og göngustíga á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt sérstöku samkomulagi við sveitarfélögin um þátttöku Vegagerðarinnar í kostnaði.

***Framkvæmdaform:*** Útboð á vegum sveitarfélaganna.

Eftir að verkefni fellur undir samgöngusáttmála er fjármögnun svona:

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---:|
| Samgöngusáttmáli 2020 | 750 |
| Fært á önnur verk | -170 |
| **Samtals** | **580** |

***Verkframvinda 2020:*** Í Reykjavík var var haldið áfram með hjóla- og göngustíg við Eiðsgranda – JL hús, stígurinn var að mestu framkvæmdur 2020. Reykjavíkurborg er að endurnýja sjóvarnargarð við Eiðsgranda og Ánanaust og ekki verður hægt að fara í lokafrágang á stígnum fyrr en þeim framkvæmdum lýkur, þar sem göngustígurinn er innan framkvæmdasvæðis sjóvarnargarðsins. Því er nýi hjólastígurinn nýttur sem sameiginlegur göngu- og hjólastígur á meðan framkvæmdir standa yfir. Við Bústaðaveg, Veðurstofuvegur – Litlahlíð, stígurinn var að mestu framkvæmdur 2020. Ákveðið var að framkvæma undirgöng undir Litluhlíð árið 2021, stígurinn mun liggja að undirgöngunum. Þegar lokið verður við gerð undirganganna verður farið í lokafrágang á stígnum, þ.e. yfirborðsmerkingar og slíkt. Framkvæmdir við Bústaðaveg 151-153, kláruðust að mestu árið 2020. Framkvæmdum við stíga við Geirsgötu lauk 2020. Framkvæmdum við Fífuhvammsveg, Salarvegur – Lindarvegur, fóru vel af stað 2020 en lauk 2021, seinni áfangi verksins verður framkvæmdur 2021.
***Verktakar:*** Ýmsir verktakar samkvæmt samningum við sveitarfélögin og Vegagerðina.



| Kostnaður 2020 | m.kr. |
|---|---:|
| Sameiginlegur kostnaður | 9 |
| Reykjavík | 324 |
| Kópavogur | 19 |
| Garðabær | 0 |
| Hafnarfjörður | 0 |
| Mosfellsbær | 36 |
| Seltjarnarnes | 5 |
| **Samtals** | **393** |

**Borgarlína**
***Umfang verks:*** Verkefnið er hluti af samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem felur í sér sameiginlega framtíðarsýn og heildarhugsun fyrir alla ferðamáta. Stofnað var félagið Betri samgöngur ohf. sem mun hafa yfirumsjón með framkvæmdum vegna uppbyggingar samgangna og fjármögnun þeirra.
***Framkvæmdaform:*** Útboð og samningar.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---:|
| Samgönguáætlun 2019 | 300 |
| Samgönguáætlun 2020 | 1.000 |
| **Samtals** | **1.300** |

***Kostnaður 2019:*** Verkefnastofa utanum verkefni Borgarlínu var sett upp í apríl 2019. Unnið var að undirbúningi verkefna.
***Verkframvinda 2020:*** Unnið að undirbúningi og frumdrögum að fyrstu lotu verkefnis. Sett af stað mat á umhverfisáhrifum og samræming á aðalskipulagi Reykjavíkur og Kópavogsbæjar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---:|
| 2019 | 86 |
| 2020 | 197 |
| **Samtals** | **283** |

***Skýringar við kostnað:*** Vegagerðin fjármagnaði einungis helming þeirra verkefna sem framkvæmd eru undir þessum lið. SSH koma með hinn helming fjármagns í verkefnin. SSH sá um fjármál þessa verkefnis út árið 2020 en framvegis verða fjármálin á höndum Vegagerðarinnar.

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Höfuðborgarsvæði**
Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Höfuðborgarsvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---:|
| Samgönguáætlun 2020 | 32 |
| **Samtals** | **32** |

| Verkefni | | Kostnaður í m.kr. | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ár: | 2005 | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | Sam-tals |
| Sundabraut 450-01 | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 32 | 32 |
| | **Samtals** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **0** | **32** | **32** |

## Vestursvæði

**1 Hringvegur**
**G6 Borgarnes, Borgarbraut – Hrafnaklettur, öryggisaðgerðir**
***Umfang verks:*** Undirbúningur hafinn fyrir útboð. Setja á upp umferðarljós, skurðir lokaðir við Hringveg ásamt lagfæringum á gatnamótum Hringvegar og Húsasmiðju í Borgarnesi.
***Framkvæmdaform:*** Útboð eða verðkönnun.
***Kostnaðaráætlun:*** 125 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 15 |
| Samgönguáætlun 2020 | 150 |
| **Samtals** | **165** |

***Verkframvinda 2020:*** Samið við ráðgjafa um hönnun og undirbúning. Stefnt að útboði vorið 2021.
***Verktaki:*** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 156 |
| 2020 | 0 |
| **Samtals** | **156** |

**1 Hringvegur**
**H4 um Heiðarsporð, Biskupsbeygja**
***Umfang verks:*** Endurbygging á Hringvegi um Heiðarsporð. Um er að ræða endurbyggingu á um 1,8 km kafla í nýju vegstæði. Verkið felst í gerð á breyttri legu Hringvegar, útjöfnun gamals vegar, lagningu ræsa, gerð styrktarlags, burðarlags og slitlags, ásamt frágangi fláa.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 434 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 1 |
| Tímab. fjárfestingarátak 2020 | 350 |
| Fært á önnur verk | -100 |
| **Samtals** | **251** |

***Verkframvinda 2020:*** Verkið var boðið út í júlí 2020. Framkvæmdir hófust í september. Lokið var við um 80% af ætluðu hönnunarmagni í bergskeringum, lokið var við ferginga á svæðinu vegna sigs. Unnið var við fyllingar og í efnisvinnslu á árinu.
***Verktaki:*** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 1 |
| 2020 | 225 |
| **Samtals** | **226** |



Þriggja hæða McCloskey S190 þvottaharpa í námunni Leiðólfsstöðum í Laxárdal. Hér er verið að þvo og flokka 8-11 mm og 11-16 mm klæðingarefni.



**54 Snæfellsnesvegur**
**10 um Fróðárheiði**
***Umfang verks:*** Endurbygging á 5 km kafla Snæfellsnesvegar yfir Fróðárheiði frá Valavatni að gatnamótum Snæfellsnesvegar og Útnesvegar. Verkið felur í sér breytingu á legu vegar ásamt endurbyggingu vegarins á köflum, undirbyggingu, endurnýjun ræsa, lögn burðarlags og slitlags ásamt gerð tenginga og frágangi raskaðs svæðis.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 400 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Flutt af öðrum verkum 2017 | 2 |
| Fjárlög 2018 | 250 |
| Samgönguáætlun 2019 | 250 |
| Samgönguáætlun 2020 | 70 |
| **Samtals** | **572** |

***Verkframvinda 2017:*** Unnið að kostnaðargreiningu og mati á mismunandi valkostum.
***Verkframvinda 2018:*** Verkið var boðið út í nóvember og var samið við Borgarverk ehf.
***Verkframvinda 2019:*** Vinna hófst við verkið í janúar. Unnið var allt árið 2019 í þeim hluta vegarins þar sem lega hans breyttist og einnig var endurbyggður hluti eldri vegar næst gatnamótum við Útnesveg. Á hluta framkvæmdasvæðisins þurfti að gera hjáleið vegna skeringar sem megin þorri efnis í efnisvinnslu kom úr en allt efni í verkið var framleitt á árinu þ.e.a.s. styrktarlag, burðarlag og klæðingarefni. Þær breytingar urðu á verkinu að vinnsla klæðingarefnis fluttist í námu utan framkvæmdasvæðisins en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir að allt klæðingarefni kæmi úr skeringu innan framkvæmdasvæðis og er þessi breyting til komin vegna plássleysis. Í árslok var búið að ljúka bergskeringum að mestu og u.þ.b. 90% af áætluðum fyllingum voru búnar. Á árinu voru einnig lögð öll ræsi sem komu utan eldra vegsvæðis og einnig í þann kafla sem var enduruppbyggður næst gatnamótum við Útnesveg. Hlé var gert á framkvæmdum í lok árs 2019 og stefnt að því að framkvæmdir hefjist aftur að vori 2020 eða svo fljótt sem veður leyfi.
***Verkframvinda 2020:*** Vinna hófst aftur í maí 2020 við seinni hluta verkefnisins. Lokið var við fyllingar og frágang skeringa um miðjan ágúst og fyrra lag klæðingar komið á í lok ágúst. Stefnt er að því að klára seinna lag klæðingar og frágang fláa sumarið 2021 en óhagstætt tíðarfar haustið 2020 varð til þess að frágangi var frestað.
***Verktaki:*** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2017 | 2 |
| 2018 | 19 |
| 2019 | 391 |
| 2020 | 159 |
| **Samtals** | **571** |

**54 Snæfellsnesvegur**
**21-22 um Skógarströnd**
***Umfang verks:*** Fyrirhuguð endurbygging Snæfellsnesvegar á Skógarströnd á 1,7 km kafla, frá slitlagsbrún við Blönduhlíð að Ketilstöðum. Verkið felur í sér styrkingu núverandi vegar með minniháttar breytingum, undirbygging, nýlögn ræsa, lögn burðarlaga og slitlags ásamt gerð tenginga.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 125 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2017 | 25 |
| Fjárlög 2018 | 100 |
| Tímab, fjárfestingarátak 2020 | 100 |
| **Samtals** | **225** |

***Verkframvinda 2017:*** Unnið að frumdrögum að nýjum vegi frá Hörðudalsá að Bíldhóli.
***Verkframvinda 2018:*** Unnið við hönnun og undirbúning, stefnt að útboði vorið 2019.
***Verkframvinda 2019:*** Tilboð voru opnuð í verkið 12. júní, verktaki byrjaði á verkinu 25. september og var ræsagerð, undirbygging ásamt vinnslu á styrktar- og burðarlagi kláruð á árinu.

***Verkframvinda 2020:*** Verktaki keyrði út styrktarlagi í janúar. Mætti aftur í júní að loknu vetrarfríi. Unnið við frágang á fláum og undirbúning á útlögn burðarlags fyrir klæðingu. Klætt var neðra lag í lok júní. 21. júlí var samið við verktakann um viðbótarverk nr. 01 framhald á verkinu, um 1,0 km og hófst það í október. Unnið við undirbygginu og frágang fláa. Verkið fór í vetrarfrí í desember. Stefnt er að því að klára verkið snemmsumars 2021.
***Verktaki:*** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2017 | 2 |
| 2018 | 5 |
| 2019 | 64 |
| 2020 | 133 |
| **Samtals** | **204** |

**59 Laxárdalsvegur**
**02 Gröf – Lambeyrar**
***Umfang verks***: Endurbygging Laxárdalsvegar á 4,4 km kafla á Laxárdalsvegi frá slitlagsenda í Grafarlandi að Lambeyrum. Verkið felur í sér lagfæringu á undirbyggingu, öryggissvæðum, endurnýjun ræsa, lögn burðarlags og slitlags, gerð tenginga og frágang.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 219 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Viðbótarfé 2018 | 200 |
| 2019 | 40 |
| **Samtals** | **240** |

***Verkframvinda 2018:*** Verkið var boðið út í ágúst og var unnið við undirbyggingu, endurnýjun ræsa og útlögn styrktarlags.
***Verkframvinda 2019:*** Fyrstu tvo mánuði ársins var unnið í fláum og gengið frá utan vegar. Hlé varð á verkefninu frá byrjun febrúar og fram í maí en þá var búið að leggja út styrktarlag vegarins og keyra öllu efni í fláa og ganga frá þeim eins og hægt var í vetrarveðri. Í maí var styrktarlag rétt af og burðarlag lagt út. Klæðing var lögð á veginn síðustu viku maí og seinna lag aðra viku júní og var frágangi fláa lokið skömmu síðar. Veggirðingar voru settar upp yfir sumarið og voru kláraðar að mestu leyti á árinu.
***Verkframvinda 2020:*** Lokið var við veggirðingar og sáð í vegfláa.
***Verktaki:*** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr |
|---|---|
| 2017 | 2 |
| 2018 | 90 |
| 2019 | 131 |
| 2020 | 4 |
| **Samtals** | **227** |

**59 Laxárdalsvegur**
**02 Lambeyri – sýslumörk**
***Umfang verks:*** Endurbætur á núverandi Laxárdalsvegi á um 10,5 km kafla. Um er að ræða endurlögn ræsa, undirbyggingu, útlögn styrktar- og burðarlaga ásamt lögn bundins slitlags og frágangi fláa.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 700 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 12 |
| **Samtals** | **12** |

***Verkframvinda 2020:*** Samið var við ráðgjafa um hönnun verksins. Byrjað að vinna í samningum við landeigendur. Hönnun vegar langt komin á árinu 2020. Stefnt að bjóða út verkið í lok árs 2021.
***Verktaki:*** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 24 |
| **Samtals** | **24** |



**60 Vestfjarðavegur**
**25-28 Bjarkalundur – Eyri (um Gufudalssveit)**
***Umfang verks:*** Vegagerðin áætlar að byggja nýjan Vestfjarðaveg milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi. Framkvæmd þessi var lögð fram til mats á umhverfisáhrifum á árinu 2005.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 1. áfangi: Gufudalsá – Skálanes 458 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2009 | 5 |
| Samgönguáætlun 2010 | 6 |
| Fjárlög 2011 | 5 |
| Samgönguáætlun 2012 | 18 |
| Samgönguáætlun 2013 | 7 |
| Samgönguáætlun 2014 | 9 |
| Samgönguáætlun 2015 | 50 |
| Samgönguáætlun 2016 | 300 |
| Fjárlög 2017 | 200 |
| Flutt á önnur verk 2018 | -244 |
| Samgönguáætlun 2019 | 100 |
| Samtönguáætlun 2020 | 1.500 |
| **Samtals** | **1.956** |

***Verkframvinda:*** Unnið hefur verið að undirbúningi og hönnun verksins. Framkvæmdin var lögð fram til mats á umhverfisáhrifum á árinu 2005. Á árinu 2015 var óskað eftir endurupptöku á hluta úrskurðar Skipulagsstofnunar, nánar tiltekið þess hluta sem varðar leið B um Teigsskóg. Fallist var á beiðni Vegagerðarinnar um endurupptöku. Á árinu 2016 var unnið að gerð frummatsskýrslu og matsskýrslu ásamt öðrum undirbúningi. Á árinu 2017 lagði Vegagerðin fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar í febrúar. Í áliti Skipulagsstofnunar kom fram að áður en ákvarðanir verði teknar um þveranir fjarðanna þurfi frekari rannsóknir á straumum og botnseti. Einnig kom fram að breyta þyrfti aðalskipulagi Reykhólahrepps. Á árinu var farið í rannsóknavinnu í samræmi við kröfur Skipulagsstofnunar og nauðsynlega vinnu og samráð við sveitarfélagið vegna breytingar á aðalskipulagi. Einnig var unnið að samningum við landeigendur. Áfram var unnið að tæknilegum undirbúningi verksins.
***Verkframvinda 2018:*** Sveitarstjórn samþykkti að velja svokallaða Þ-H leið um Teigsskóg í mars en mánuði síðar ákvað sveitarstjórn að láta vinna óháð mat á mögulegum valkostum um leiðarval. Matið var unnið af ráðgjafafyrirtækinu Multiconsult og lögðu þeir til að skoðuð yrði ný veglína um Reykjanes með þverun við utanverðan Þorskafjörð. Sveitarstjórn frestaði í kjölfarið að auglýsa nauðsynlega skipulagsbreytingu meðan þessi valkostur yrði skoðaður nánar. Vegagerðin lagði síðan fram frumathugun á þeim kosti en taldi hann ekki jafn góðan fyrri tillögu um Þ-H leiðina. Eftir umbeðnar leiðbeiningar frá sveitarfélaginu lagði Skipulagsstofnun til að gerð yrði óháð valkostagreining fyrir mismunandi leiðir. Í desember skilaði ráðgjafafyrirtækið Viaplan valkostaskýrslu til sveitarstjórnar.
***Verkframvinda 2019:*** Í janúar lagði Vegagerðin fram umferðaröryggismat fyrir þær leiðir sem komu fram í valkostaskýrslu Viaplan. Sveitarstjórn samþykkti að ganga frá aðalskipulagsbreytingu miðað við Þ-H leiðina. Kostnaður ársins er tengdur vinnu við aðalskipulagsbreytingu sem var formlega staðfest af Skipulagsstofnun í nóvember. Jafnframt var unnið að undirbúningi fyrir framkvæmdaleyfisumsókn fyrir Þ-H leiðina og var formleg umsókn lögð fram í desember. Áfram var unnið að samningum við landeigendur.
***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdaleyfi fyrir Vestfjarðaveg um Gufudalsveit var gefið út af Reykhólahreppi í febrúar 2020. Framkvæmdaleyfið var kært í mars 2020 en úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnaði kærunni í mars 2020. Fyrsti áfangi af verkinu Vestfjarðavegur (60), Gufudalsá – Skálanes var boðinn út í júlí 2020 en verklok eru áætluð 15. júlí 2021. Áfram var unnið að hönnun og samningum við landeigendur
***Verktaki:*** 1. áfangi: Gufudalsá – Skálanes, Borgarverk ehf., Borgarnesi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2009 | 5 |
| 2010 | 6 |
| 2011 | 5 |
| 2012 | 18 |
| 2013 | 7 |
| 2014 | 9 |
| 2015 | 26 |
| 2016 | 80 |
| 2017 | 78 |
| 201 8 | 52 |
| 2019 | 43 |
| 2020 | 284 |
| **Samtals** | **613** |

### 60 Vestfjarðavegur
### 36 um Dynjandisheiði

***Umfang verks:*** Vegagerðin áætlar að endurbyggja og leggja nýjan Vestfjarðaveg yfir Dynjandisheiði sem nær frá Hörgsnesi í Vatnsfirði og langleiðina að Mjólkárvirkjun í Borgarfirði. Vegna skipulagsmála og leiðarvals verður fyrst horft á leiðina frá Flókalundi að Mjólkárvirkjun ásamt tengingu við Bíldudalsveg um 33 km leið
***Framkvæmdaform:*** Útboð
***Kostnaðaráætlun:***
1. áfangi 2.365 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 150 |
| Samgönguáætlun 2020 | 550 |
| **Samtals** | **700** |

***Verkframvinda 2020:*** Matsskýrsla vegna Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegar var lögð fram í mars 2020 og skilaði Skipulagsstofnun áliti í júlí 2020. Fyrsti áfangi vegar um Dynjandisheiði sem er annars vegar um 5,7 km langur kafli við Þverdalsá (vegkafli 60-35) og hins vegar um 4,3 km langur kafli fyrir Meðalnes (vegkafli 60-38) var boðinn út í júlí. Framkvæmdir hófust síðan í byrjun október 2020, áætluð verklok eru 30. september 2021. Áfram var unnið að hönnun og undirbúningi fyrir næstu áfanga.
***Verktaki:*** 1. áfangi: ÍAV hf., Reykjavík.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 214 |
| 2020 | 277 |
| **Samtals** | **491** |

↓
Vegna sóttvarnaraðgerða hringdi Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra í vaktstöð Vegagerðarinnar og opnaði þannig Dýrafjarðargöng.





### 60 Vestfjarðavegur
### 39 Dýrafjarðargöng

***Umfang verks:*** Gerð 5,3 km jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, 300 m langra vegskála og 7,8 km af nýjum vegum ásamt byggingu brúa á Mjólká og Hófsá.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 12.356 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2006 | 22 |
| Samgönguáætlun 2007 | 7 |
| Samgönguáætlun 2008 | 17 |
| Fjárlög 2009 | 60 |
| Samgönguáætlun 2010 | 23 |
| Fjárlög 2011 | 3 |
| Samgönguáætlun 2012 | 20 |
| Flutt á önnur verk 2012 | -10 |
| Flutt á önnur verk 2013 | -4 |
| Flutt á önnur verk 2014 | -3 |
| Samgönguáætlun 2016 | 100 |
| Fjárlög 2017 | 1.500 |
| Fjárlög 2018 | 3.500 |
| Samgönguáætlun 2019 | 3.500 |
| Samgönguáætlun 2020 | 3.700 |
| **Samtals** | **12.435** |

***Verkframvinda:*** Á árunum 2006-2013 var unnið að rannsóknum, hönnun, mati á umhverfisáhrifum og öðrum undirbúningi verksins. Á árinu 2016 var unnið að verkhönnun og undirbúningi verksins og voru forvalsgögn vegna Dýrafjarðarganga send út í maí. Útboðsgögn til valinna verktaka voru send út í desember og gert ráð fyrir að opna tilboð í verkið í janúar 2017.
***Verkframvinda 2017:*** Á árinu 2017 voru tilboð opnuð 24. janúar. Samningur við aðalverktaka var undirritaður í Reykjavík 20. apríl 2017. Samningar um eftirlit með framkvæmdinni undirritaðir 17. maí. Vinna á verkstað við aðstöðuskópun og uppsetningu vinnubúða hófst í Arnarfirði 12. júní, vinna við forskeringu 17. júlí, og jarðgangagröftur hófst formlega Arnarfjarðarmegin 14. september með sprengingu samgönguráðherra, Jóns Gunnarssonar. Gangagröftur það sem eftir var árs gekk vel og var lengd ganga í lok árs 2017 orðin 821,5 m sem er um 15,5% af heildarlengd ganganna. Fram undir áramót var verið að ganga endalega frá allri aðstöðu og hafin vinna við vegagerð frá munna niður að Höfsá.
***Verkframvinda 2018:*** Á árinu var haldið áfram með gangagröft. Unnið var í Arnarfirði til 22. september þegar flutt var yfir í Dýrafjörð. Gröftur í Dýrafirði hófst 12. október. Gangagröftur gekk mjög vel á árinu og var lengd ganga í lok árs 4.095,4 m, eða 77,3 %. Alls voru grafnir 3.274,3 m, frá Arnarfirði 2.836,1 m og frá Dýrafirði 438,2 m. Vinna við lagnir hófst Arnarfjarðarmegin. Áfram var unnið við vegagerð í Arnarfirði, fyllingar eru langt komnar og neðra burðarlag á um 900 m af 3.000 m. Vinna hófst við vegagerð í Dýrafirði, unnið frá báðum endum. Fyllingar langt komnar á um 1.500 m langan kafla af um 5.000 m. Vinna hófst einnig við brýr á Mjólká og Hófsá. Búið er að steypa sökkla og stöpla í Mjólká og sökkul og annan stöpul í Hófsá.
***Verkframvinda 2019:*** Gröftur í göngum gekk áfram vel og náðist m.a. met í gangagreftri þegar göngin lengdust um 111 m í viku 5. Gegnumbrot var þann 12. apríl sem var 2 mánuðum á undan áætlun og var formleg gegnumbrotsviðhöfn síðan haldin þann 17. apríl. Eftir gegnumbrot hófst vinna við lokastyrkingar og var þeim að fullu lokið í síðustu viku í júlí. Vinna við vatnsklæðingar hófst í júní og í lok árs var búið að fullklára um 64% allra vatnsklæðinga. Undirbúningur fyrir byggingu vegskála í Dýrafirði hófst í mars og var vegskálabyggingu þar lokið þann 14. ágúst. Undirbúningur fyrir byggingu vegskála í Arnarfirði hófst í júlí og var vegskálabyggingu lokið þeim megin 13. nóvember. Í göngum var byrjað í janúar á skurðgreftri fyrir jarðvatnslagnir. Vinna gekk fremur hægt í fyrstu og lauk ekki fyrr en í október. Í desember hófst síðan vinna við hreinsun og afréttun fyrir útlögn neðra burðarlags. Vinna við rafbúnað var fremur lítil á verkstað þetta árið en útlögn jarðvírs og niðursetning 11 kV brunna hófst í júní. Allir brunnar

komnir niður í september og vinna við útlögn jarðvírs lauk í október. Vinna við vegagerð í Arnarfirði var mjög takmörkuð en unnið nokkuð jafnt þar í efnisvinnslu. Í Dýrafirði var fyllingar- og skeringarvinna langt komin í júlí og fyllingarvinnu, fyrir utan í veg að Dröngum, lokið í október. Útlögn neðra burðarlags í Dýrafirði hófst í ágúst og var komið í um 87% í lok árs. Brúarvinna í Arnarfirði hófst ekki á ný fyrr en um miðjan júní og voru báðar brýr fullkláraðar í nóvember.
***Verkframvinda 2020:*** Haldið var áfram við uppsetningu vatnsklæðinga ásamt ásprautun á þær. Uppsetning vatnsklæðinga lauk í annarri viku í febrúar en vinna við ásprautun tafðist nokkuð vegna COVID-19 og lauk ekki að fullu fyrr en í lok apríl. Samhliða vinnu við vatnsklæðingar var í göngum einnig unnið við steypuvinnu í tækni- og neyðarrýmum, vegagerð og rafbúnað. Botnhreinsun og afrétting fyrir útlögn neðra burðarlags í göngum lauk um miðjan febrúar og var búið að leggja allt neðra burðarlag í göngin í byrjun júní. Malbikunarvinna hófst í annarri viku í júní og var lokið í enda mánaðarins. Tækni- og neyðarrými voru fullsteypt í byrjun apríl. Útdráttur og tengivinna á strengjum Landsnets hófst í lok apríl og var klárað í lok maí. Vinna við uppsetningu veglýsingar hófst að lokinni malbikun og var öll lýsing komin í göngin um miðjan september. Vinnu við raf- og öryggisbúnað var lokið um miðjan október. Vinna við vegagerð utan ganga var fremur lítil fyrri hluta árs en fór af fullum krafti aftur af stað í byrjun júlí. Klæðingarvinna hófst um miðjan ágúst þegar kaflar voru klæddir í Arnarfirði og Dýrafirði. Í annarri viku í október var neðra lag komið í Arnarfjörð og að fullu klárað í Dýrafirði að undanskildu útsýnisplani. Klæðingarvinnu verður því ekki lokið fyrr en 2021. Þann 25. október voru göngin opnuð fyrir almennri umferð.
**Verktakar:** Jarðgangagerð og vegir að göngum ásamt brúm: Metrostav a.s., Tékklandi og Suðurverk hf., Kópavogi. Eftirlit: Efla hf. og Geotek ehf. Stjórnkerfi: Rafeyri ehf. Akureyri.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2006 | 22 |
| 2007 | 7 |
| 2008 | 17 |
| 2009 | 60 |
| 2010 | 23 |
| 2011 | 2 |
| 2012 | 2 |
| 2013 | 2 |
| 2016 | 98 |
| 2017 | 1.490 |
| 2018 | 2.598 |
| 2019 | 3.589 |
| 2020 | 2.982 |
| **Samtals** | **10.892** |

## 60 Vestfjarðavegur
### 44 um Bjarnadalsá

***Umfang verks:*** Verkið felst í gerð nýs vegkafla á Vestfjarðavegi (60) í Bjarnadal ásamt afleggjurum að bæjunum Tröð og Kirkjubóli og gerð nýrrar brúar á Bjarnadalsá við Tröð.

Nýr vegkafli á Vestfjarðavegi 60 verður um 1,8 km langur af vegtegund C8 með 3,5 m breiðum akreinum og 0,5 m breiðum öxlum. Leggja skal 7,8 m breiða klæðingu. Tvö stór ræsi verða sett undir nýjan veg 60 við Þverá og áin færð í sinn upprunalega farveg. Núverandi brú við Tröð verður rifin ásamt lítilli brú yfir Þverá ásamt núverandi brú yfir Bjarnadalsá.
**Framkvæmdaform:** Útboð.
**Kostnaðaráætlun:** Heildarkostnaðaráætlun 252 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 2 |
| Tímabundið fjárfestingarátak 2020 | 250 |
| **Samtals** | **252** |

***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdir hófust 15. júlí 2020 á því að ánni var veitt í gegnum veginn norðan við gömlu brúna í 2.200 mm ræsaröri og farvegur undir brúna stíflaður. Var þetta gert til þess að vinna í árfarveginum fyrir neðan brú yrði auðveldari og að hægt væri að vinna við uppsteypu á sökklum og stöplum. Um áramót var búið að byggja undirbyggingu á um 80 % af vegi að og frá brú, setja styrktarlag á undirbygginguna að hluta, búið að mala 0/90 efni á staðnum. Um áramót voru Vestfirskir verktakar sem eru undirverktakar í verkinu búnir að steypa sökkla, stöpla og búnir að ljúka undirslætti undir brúna og byrja á járnalögn brúardekks.
***Verktaki:*** Verktakafyrirtækið Kubbur ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 3 |
| 2020 | 320 |
| **Samtals** | **323** |

## 61 Djúpvegur
### 34 Hestfjarðará – Eyrarkirkjuvegur

***Umfang verks:*** Nýbygging 7 km kafla frá Leiti í Hestfirði að Eyri í Seyðisfirði. Verkið felur í sér lagfæringar á núverandi vegi ásamt nýbyggingu að stórum hluta, gerð undirbyggingar öryggissvæða, endurnýjun ræsa, útlögn burðarlags og slitlags, tengingar og frágang yfirborðs.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 600 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Flutt af öðrum verkum 2017 | 12 |
| Fjárlög 2018 | 162 |
| Samgönguáætlun 2019 | 550 |
| Samgönguáætlun 2020 | 0 |
| **Samtals** | **724** |

***Verkframvinda 2017:*** Unnið var að kynningarskýrslu og frumhönnun vegarins. Byrjað á jarðvegskönnunum og undirbúningi borana.
***Verkframvinda 2018:*** Verkið var boðið út í desember og var samið við Suðurverk hf. um verkið. Unnið var að samningagerð við landeigendur og því lokið.
***Verkframvinda 2019:*** Verktaki byrjar framkvæmdir í maí og er unnið við bergskeringar og fyllingar frá Leiti í Hestfirði og út fyrir Kleifa í Seyðisfirði, einnig er unnið við forbrot á 0/90 mm sem og röðun rofvarna í Seyðisfirði.
***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdirnar gengu ágætlega en einhver seinkun varð á verkinu vegna veðurs síðastliðið vor og aðstæðna í samfélaginu vegna COVID-19. Á árinu var lagt út styrktarlag, burðarlag og neðra lag klæðingar. Ekki náðist að setja seinna lag klæðingar fyrir haustið 2020, það verður því klárað sumarið 2021 með seinna lagi klæðingar og lokafrágangi.
***Verktakar:*** Suðurverk hf., Kópavogi.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2017 | 12 |
| 2018 | 13 |
| 2019 | 179 |
| 2020 | 460 |
| **Samtals** | **664** |

↓
Djúpvegur (61) á hálsi milli Seyðisfjarðar og Hestfjarðar í Ísafjarðardjúpi.
Mynd: Haukur Sigurðsson



**61 Djúpvegur**
**um Hattardalsá**
***Umfang verks:*** Verkið felst í gerð nýs vegarkafla á Djúpvegi um Hattardal og gerð nýrrar brúar á Hattardalsá. Verkhlutar verða tveir 8.01 Vegagerð og 8.02 Brú á Hattardalsá

Djúpvegur verður af vegtegund C8, með 3,5 m breiðum akreinum og 0,5 m breiðum öxlum.

Leggja skal 7,8 m breiða klæðingu, þ.a. hvoru megin vegar verður 0,1 m breið malaröxl.

Brú yfir Hattardalsá verður eftirspennt plötubrú í einu hafi, 17 m löng, heildarlengd 19 m.

Brúin verður með 9 m breiðri akbraut og með 0,5 m breiðum kantbitum (bríkum), breidd alls 10 m.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 390 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 25 |
| Samgönguáætlun 2020 | 350 |
| **Samtals** | **375** |

***Verkframvinda 2020:*** Verkið var boðið út í mars 2020. Framkvæmdir hófust í maí. Byrjað var á lögn ræsa og fyllingum. Vinna við brúargerð hófst í júní og lauk í október með steypu á slitlagi. Vegurinn er að mestu tilbúinn fyrir burðarlög og slitlag.
***Verktaki:*** Tígur ehf. Undirverktaki í brúargerð Vestfirskir verktakar ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 25 |
| 2020 | 267 |
| **Samtals** | **292** |

**61 Djúpvegur**
**38 Súðavíkurhlíð snjóflóðavarnir**
***Umfang verks:*** Gerð snjóflóðaskápa og uppsetning á 110 m löngum stálþiljum.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 92 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2016 | 130 |
| Fjárlög 2017 | 120 |
| Flutt á önnur verk 2017 | -48 |
| Fjárlög 2018 | 0 |
| Samgönguáætlun 2019 | 0 |
| **Samtals** | **202** |

***Verkframvinda:*** Á árinu 2016 var lokið við gerð tveggja snjóflóðaskápa. Efnið notað til að breikka veginn og auka umferðaröryggi.
***Verkframvinda 2017:*** Keypt voru stálþil fyrir áframhaldandi vinnu og skoðuð ný útfærsla á vegstæði til að auka öryggi.
***Verkframvinda 2018:*** Boðin var út vinna við skápagerð og uppsetningu stálþils í desember.
***Verkframvinda 2019:*** Verk hófst í maí með vinnu við gerð snjóflóðaskáps 100 metra langs á svæði fyrir framan tvö gil. Efnið notað til rofvarnar við Arnarnesið og einnig til að breikka veginn og auka umferðaröryggi. Hér var verið að klára það sem eftir var af fjárveitingum til öryggisaðgerða á Súðavíkurhlíð.
***Verkframvinda 2020:*** Þar sem afgangur var af fjárveitingu var fjárfest í nýjum lokunarhliðum beggja vegna hlíðar.
***Verktaki:*** Tígur ehf., Súðavík.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2016 | 82 |
| 2017 | 33 |
| 2018 | 2 |
| 2019 | 81 |
| 2020 | 1 |
| **Samtals** | **199** |



**63 Bíldudalsvegur**
**02 um Botnsá í Tálknafirði**
***Umfang verks:*** Verkið felst í gerð nýs vegarkafla á Bíldudalsvegi um Botnsá, auk stykingar á um 1 km löngum kafla, gerð nýrrar brúar á Botnsá og rifi á núverandi brú. Bíldudalsvegur verður af vegtegund C8, með 3,5 m breiðum akreinum og 0,5 m breiðum öxlum. Brú yfir Botnsá verður eftirspennt plötubrú í einu hafi, 20 m löng, heildarlengd 22,4 m. Brúin verður með 9 m breiðri akbraut og með 0,5 m breiðum kantbitum (bríkum), breidd alls 10 m. Brúin er grunduð á 12 m löngum steyptum niðurrekstrarstaurum.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 283 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 3 |
| Tímabundið fjárfestingarátak 2020 | 280 |
| **Samtals** | **283** |

***Verkframvinda 2020:*** Verkið var boðið út og opnun tilboða var 7. júlí 2020. Ekkert tilboð barst þá í verkið og því ákveðið að bjóða verkið út aftur og þá með verktíma til 25. október 2021 sem var um tveggja mánaða lenging á verktíma. Tilboð voru opnuð þann 18. ágúst 2020 og barst eitt tilboð í verkið frá Kubb ehf. Ísafirði. Eftir yfirferð tilboðs var gerður samningur við verktakafyrirtækið Kubb ehf. Ísafirði að upphæð kr. 257.323.854,- en kostnaðaráætlun verktakakostnaðar á opnunardegi var kr. 205.294.000,-. Verkið á verkstað hófst í ágúst 2020 á því að Vegagerðin sá um gerð niðurrekstrarplans og sá um niðurrekstur 12 m langra undirstöðustaura og lauk þeirri vinnu í ágúst. Verktaki hóf síðan undirbúning verksins á verkstað í september með uppsetningu aðstöðu fyrir starfsmenn sína sem sjá um vegagerð. Framkvæmdir við vegagerðina hófust síðan í október. Fram að áramótum var unnið í skeringum, fyllingum og þá var komið fyrir hluta af ræsum. Unnið var í borunum og sprengingum fyrir rofavarnargrjóti í Höfðadal og undirbúningi fyrir brúarvinnuna.
***Verktaki:*** Verktakafyrirtækið Kubbur ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 5 |
| 2020 | 222 |
| **Samtals** | **227** |

**507 Mófellsstaðavegur**
**01 Borgarfjarðarbraut – Dragavegur**
***Umfang verks:*** Endurbygging Mófellsstaðavegar á 1,7 km löngum kafla frá Borgarfjarðarbraut og upp fyrir Efri-Hrepp. Ekki er um breytingu á legu vegarins að ræða en skipt er um ræsi eða þau lengd, gerð styrktarlags, burðarlags og lagt bundið slitlag ásamt lagfæringu á tengingum. Gerður er reiðvegur með þessum vegarkafla.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 112 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 76 |
| **Samtals** | **76** |

***Verkframvinda 2020:*** Framkvæmdir hófust í lok ágúst með gerð fyllinga og ræsagerðar. Verkið var unnið hratt og eftir útlögn styrktarlags og burðarlags var neðra lag klæðingar lagt út 1. okt. Efra lagi klæðingar og gerð reiðvegar var frestað til næsta árs. Á framkvæmdatíma var ákveðið að lengja verkið um 300 m upp brekkuna.
***Verktaki:*** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 3 |
| 2020 | 95 |
| **Samtals** | **98** |



↑
Djúpvegur (61) við Óshlíðargöng Hnífsdalsmegin. Mynd: Haukur Sigurðsson

**508 Skorradalsvegur**
**02-03 Vatnsendahlíð – Dagverðarnes**
***Umfang verks:*** Endurbygging Skorradalsvegar á 3,7 km löngum kafla frá Vatnsendahlíð og inn fyrir Dagverðarnes. Hér er verið að vinna á bæði kafla 02 og 03. Verkið felur í sér breytingu á legu vegar, undirbyggingu, öryggissvæði, endurnýjun ræsa, lögn burðarlags og slitlags, gerð tenginga og frágang.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 282 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2018 | |
| Tengivegir | 76 |
| Samgönguáætlun 2019 | |
| Tengivegir | 100 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 130 |
| **Samtals** | **306** |

***Verkframvinda 2018:*** Verkið boðið út í desember.
***Verkframvinda 2019:*** Verktaki skrifaði undir verksamning í febrúar og hóf framkvæmdir seinni partinn í júní með ræsalögn og gerð undirbyggingar. Þessum verkþáttum lauk um miðjan desember. Á árinu voru bergskeringar kláraðar, efnisvinnsla í styrktarlag var langt komin. Verklok verða seinni parts sumars árið 2020 með klæðingu og frágangi.
***Verkframvinda 2020:*** Verktaki hélt framkvæmdum áfram í lok apríl með vinnslu styrktarlags og útkeyrslu á því, frágangi fláa og gerð nýrrar tengingar við Hvamm. Framleiðsla á burðarlagi hófst í lok júlí í Mávahlíðarnámu og útkeyrsla á því. Neðra lag klæðingar var lagt á 2. og 3. september. Efra lagi klæðingar og endanlegum frágangi fláa var frestað til byrjun sumars 2021.
***Verktaki:*** Þróttur ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2018 | 20 |
| 2019 | 100 |
| 2020 | 150 |
| **Samtals** | **270** |

**509 Faxabraut**
**02 sjóvörn**
***Umfang verks:*** Endurbygging á Faxabraut á Akranesvegi (509-02) ásamt því að gera nýja rofvörn. Endurbygging Faxabrautar felst í því að hækka núverandi veg, laga undirbyggingu, styrktarlag, burðarlag og malbikun yfirborðs vegarins ásamt því að gera stóra rofvörn við Faxabrautina. Einnig er innifalið í verkinu lagnavinna, göngu- og hjólastígar. Um er að ræða samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Akraneskaupstaðar, Veitna og Mílu.
***Framkvæmdaform:*** EES Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 446 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2019 | 100 |
| Samgönguáætlun 2020 | 100 |
| **Samtals** | **200** |

***Verkframvinda 2019:*** Undirbúningur fyrir útboð, rannsóknir, verkhönnun og gerð útboðsgagna.
***Verkframvinda 2020:*** Klárað var að leggja bráðabirgðaveg og ákveðið að setja klæðingu á hann. Niðurrif mannvirkja seinkaði en var það meðvitað gert fyrir heildarflæðið í verkinu. Upptaka á grjótgarði var nánast lokið á árinu og um 80% af grjótvörn komin út. Jarðvegsskipti voru um 20% og lagnavinna í um 15%.
***Verktaki:*** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 28 |
| 2020 | 192 |
| **Samtals** | **220** |

**523 Hvítársíðuvegur**
**03 Kalmanstunga – Kaldadalsvegur**
***Umfang verks:*** Endurbætur á 3 km kafla á Hvítársíðuvegi frá Kalmanstungu að brú við Hvítá. Verkið felst í breikkun og endurbótum núverandi vegar, lagningu styrktarlags, burðarlags, klæðingar, frágang fláa, lagningu á ræsi og uppsetningu nýrra vegrista.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 108 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 80 |
| **Samtals** | **80** |

***Verkframvinda 2020:*** Unnið var að hönnun og undirbúningi ásamt jarðvegsrannsóknum. Verkið boðið út seinnipart sumars og samið við lægstbjóðanda. Ekki náðist að hefja framkvæmdir á árinu.
***Verktaki:*** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 11 |
| **Samtals** | **11** |

↓
Gerð sjóvarnar við Faxabraut á Akranesi.





↑
Við Hvítárbrú hjá Ferjukoti í september 2020.

## 533 Álftaneshreppsvegur

**01 Snæfellsnesvegur – Smiðjuhóll**

***Umfang verks:*** Nýbygging Álftaneshreppsvegar á 1,4 km kafla og endurbygging á 4,6 km. Verkið felur í sér undirbyggingu, endurnýjun ræsa, lögn styrktarlags, burðarlags og slitlags, einnig tenginga, reiðvegar og frágangs. Endurgerð vegarins er öll unnin úr sprengdu og möluðu bergi.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 311 m.kr. (hlutur Vegagerðarinnar 289 m.kr.)

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 120 |
| **Samtals** | **120** |

***Verkframvinda 2020:*** Skrifað var undir verksamning við verktaka 13. ágúst. Verktaki hóf framkvæmdir um miðjan okt. með hreinsun klappar og sprengingum. Keyrð út fylling á nýbyggingarkaflanum og ræsalögn. Einnig var framleiðsla á styrktarlagi lokið á árinu.
***Verktaki:*** Þróttur ehf.
***Skýringar:*** Gerður var samningur við landeigendur um færslu á vegi m.t.t. umferðaröryggis og færa umferð frá húsinu. Samningurinn tekur á því að landeigandi greiði uppbyggingu vegar og Vegagerðin greiði fyrir burðarlag og slitlag.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 4 |
| 2020 | 76 |
| **Samtals** | **76** |

## 612 Örlygshafnarvegur

**01 Hvalsker – Sauðlauksdalur**

***Umfang verks:*** Um er að ræða endurbyggingu núverandi Örlygshafnarvegar á um 4 km löngum kafla. Verkið felst í lögn ræsa, breikkun og endurbótum á núverandi vegi, lagningu styrktar- og burðarlags, klæðingu og frágangi fláa.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 270 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 10 |
| **Samtals** | **10** |

***Verkframvinda 2020:*** Samið var við ráðgjafa á árinu og byrjað á undirbúningi vegna samninga við landeigendur. Stefnt að útboði á haustmánuðum 2021.
***Verktaki:*** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 8 |
| **Samtals** | **8** |



## 637 Seljalandsdalsvegur

**01 vegamót innan Engis – skíðaskáli**

***Umfang verks:*** Verkið felst í styrkingu og klæðingu Skíðavegar frá st. 1.300 – 3.400 nánar tiltekið frá slitlagsenda að gönguskíðaskála, ásamt bílastæði við skála. Jafnframt skal laga beygjur á sama vegkafla.
***Framkvæmdaform:*** Verðkönnun
***Kostnaðaráætlun:*** 54 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 60 |
| **Samtals** | **60** |

***Verkframvinda 2020:*** Verkið var boðið út í mars 2020. Framkvæmdir hófust í júní. Byrjað var á fyllingum og burðarlagi. Fyrra lag slitlags var lagt í júlí. Seinna lag klæðingar verður lagt 2021
***Verktaki:*** Kubbur ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 52 |
| **Samtals** | **52** |

## 5317 Grímarsstaðavegur

**01 Hvanneyri – Hvítárvallabrú**

***Umfang verks:*** Stefnt að því að styrkja og endurbæta Grímarsstaðaveg á um 5,8 km kafla frá gatnamótum að Hvanneyri að Hvítárbrú. Endurbætur á veginum fela í sér breikkun núverandi vegar ásamt styrkingu og lögn bundins slitlags. Einnig er innifalið í verkinu gerð reiðvegar meðfram vegi.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 172 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2019 | |
| Tengivegir | 61 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 195 |
| **Samtals** | **256** |

**Verkframvinda 2019:** Byrjað var að keyra fyllingarefnum frá byrjunarstöð og endastöð eða frá stöð 0 til 2.000 og svo frá stöð 5.200 til 5.800, samhliða því var hafist handa við að skipta út vegræsum. Víðsvegar á vegkaflanum var unnið við að fleyga eða sprengja minni skeringar til að rýmka fyrir vegstæði og reiðvegastæði. Unnið var við stærstu skeringarnar við stöðvar 2.900 til 3.100 og 5.000 til 5.500.
**Verkframvinda 2020:** Klárað var að skipta um ræsi ásamt því að undirbygging var kláruð. Lagður var út reiðvegur ásamt styrktar- og burðarlagi. Klætt var með tvöfaldri klæðingu seinni part júlí 2020 og frágangur verks kláraður.
**Verktaki:** Borgarverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 68 |
| 2020 | 208 |
| **Samtals** | **276** |

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Vestursvæði**

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Vestursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjármögnun fyrir 2020 | 435 |
| Samgönguáætlun 2020 | 44 |
| **Samtals** | **479** |

| Verkefni | Ár: | Kostnaður í m.kr. 2005 | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | Sam-tals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hringvegur 1-g0, Hvalfjarðargöng – Akrafjallsv. | | 0 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Hringvegur 1-g2 um Grunnafjörð | | 0 | 0 | 0 | 6 | 10 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 17 |
| Hringvegur 1-g4, Hafnarvegur – Borgarfjarðarbr. | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 |
| Hringvegur 1-g6, Borgarnes – Hrafnaklettur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 6 | 9 | 0 | 0 | 16 |
| Hringvegur 1-g7 um Borgarnes | | 0 | 0 | 8 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 |
| Hringvegur 1-h4, Norðurá – sýslumörk | | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 2 | 3 | 0 | 1 | 0 | 4 | 4 | 0 | 1 | 0 | 18 |
| Borgarfjarðarbraut 50-05, Hvítá – Hringvegur | | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Uxahryggjavegur 52-02, Borgarfjarðarbraut – Lundareykjadalsvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 |
| Uxahryggjavegur 52-04, Þverfellsvegur – Kaldadalsvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Snæfellsnesvegur 54-10, Útnesvegur – Útnesvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Snæfellsnesvegur 54-19, Narfeyri – Drangar | | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Heydalsvegur 55-01, Snæfellsnesvegur – Oddastaðaá | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Laxárdalsvegur 59-02, Gröf – sýslumörk | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Vestfjarðavegur 60-04 um Haukadalsá | | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 |
| Vestfjarðavegur 60-36, Dynjandisheiði | | 1 | 0 | 4 | 0 | 1 | 5 | 0 | 4 | 4 | 5 | 11 | 29 | 48 | 51 | 50 | 0 | 213 |
| Vestfjarðavegur 60-44 um Bjarnadalsá | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 |
| Djúpvegur 61-33, Hvítanesvegur – Hestfjarðará | | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Djúpvegur 61-34, Hestfjarðará – Eyrarkirkjuvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Djúpvegur 61-35, Eyrarkirkjuvegur – Minni-Hattardalsvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 | 0 | 16 | 0 | 28 |
| Djúpvegur 61-39, Álftafjarðargöng | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 16 | 0 | 2 | 18 |
| Bíldudalsvegur 63-02, Barðastrandarvegur – Tálknafjarðarvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 3 |
| Flateyrarvegur 64-01, snjóflóðavarnir | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 | 9 |



| Verkefni (frh.) | Ár: | Kostnaður í m.kr. 2005 | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | Sam-tals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Innstrandavegur 68-10, Hvalsá – Djúpvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Innnesvegur 503-01, Akrafjallsvegur – Akranes | | 0 | 0 | 8 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 11 |
| Melasveitavegur 505-01, Bakki – Svínabú | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Skorradalsvegur 508-02-03, Dragavegur – Fitjar | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 2 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Akranesvegur 509-01, Akrafjallsvegur – Akranes | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Akranesvegur 509-02, Akranes – Akranes | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Hvítárvallavegur 510-01, Hringvegur – Borgarfjarðarbraut | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Þverárhlíðarvegur 522-03, Sigmundarstaðavegur – Borgarfjarðarbraut | | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 5 |
| Stafholtsvegur 526-01, Borgarfjarðarvegur – Melkot | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Álftaneshreppsvegur 533-03, Álftárósvegur – Snæfellsnesv. | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Hítardalsvegur 539-01, Snæfellsnesvegur – Melur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 |
| Kaldadalsvegur 550-04, Langjökulsvegur – Hálsasveitarv. | | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 |
| Langavatnsvegur 553-01, Hringvegur – þjónustuhús Iðju | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Útnesvegur 574-09 um Ólafsvík | | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Arnarvatnsvegur 578-02, Norðlingafljót | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Haukadalsvegur 586-01, Vestfjarðavegur – Smyrlahóll | | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0- | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Klofningsvegur 590-01, Vestfjarðavegur – Hafnará | | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Örlygshafnarvegur 612-03, Kollsvíkurvegur – Hvallátur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 15 | 19 |
| Hafnarvegur Ísafirði 636-01, Djúpvegur – Sindragata | | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Strandavegur 643-04, Drangsnesvegur – Asparvík | | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Strandavegur 643-06, Kolbeinsvíkurá – Djúpavík | | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 7 | 1 | 1 | 1 | 0 | 0 | 3 | 14 | 14 | 43 |
| Grímsstaðavegur 5317-01, Hvítárvallavegur – Hvanneyrarvegur | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **Samtals** | | **2** | **4** | **22** | **12** | **33** | **10** | **9** | **27** | **9** | **7** | **13** | **44** | **73** | **79** | **91** | **44** | **479** |

## Norðursvæði

**1 Hringvegur**
**P7 um Akureyri**
***Umfang verks:*** Fjárveiting er til hönnunar og framkvæmda vegna umferðaröryggisaðgerða á Hringvegi í gegnum Akureyri. Einnig til endurbyggingar á gatnamótum Hringvegar og Austurbrúar á Akureyri.
***Framkvæmdaform:*** Útboð og að hluta til samningur við Akureyrarbæ.
***Kostnaðaráætlun:*** 200 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2014 | 1 |
| Samgönguáætlun 2015 | 1 |
| Samgönguáætlun 2016 | 100 |
| Fjárlög 2017 | 100 |
| Af öðrum verkum 2018 | 4 |
| 2019 | |
| Flutt af 0816011T | 48 |
| Tengivegir 2020 | 20 |
| **Samtals** | **274** |

***Verkframvinda:*** Á árunum 2014-2016 var unnið að undirbúningi og hönnun vegna öryggisaðgerða. Á árinu 2016 var einnig greiddur kostnaður vegna breytinga á gatnamótum við Austurbrú, en framkvæmdin var í umsjón Akureyrarbæjar.
***Verkframvinda 2017:*** Unnið við undirbúning, hönnun og útboð vegna öryggisaðgerða á fimm gatnamótum sem áætlað er að verði framkvæmdar á árinu 2018. Gengið að mestu frá breytingum á Hringvegi við Austurbrú og umferðarljós endurnýjuð á fjórum gatnamótum.
***Verkframvinda 2018:*** Breytingar og lagfæringar á fimm stöðum á Hringveginum frá Undirhlíð að Gránufélagsgötu boðnar út og gengið frá samningi við verktaka í apríl. Unnið var við breikkun vegar norðan hringtorgs við Undirhlíð, gatnamót við Stórholt, gangbraut norðan Glerár og gatnamót við Gránufélagsgötu. Til stóð að gera talsverðar breytingar á svæðinu Tryggvabraut – Þórunnarstræti en þeim varð að fresta til 2019 vegna vinnu við hitaveitulögn á svæðinu.
***Verkframvinda 2019:*** Unnið við breytingar á Hringvegi (Glerárgötu) milli Tryggvabrautar/Borgarbrautar og Þórunnarstrætis. Frárein var gerð sunnan Þórunnarstrætis og frárein lengd norðan gatnamótanna. Gönguleiðum á gatnamótunum var breytt og sett upp ný umferðarljós. Tengingum við bílastæði austan Glerárgötu var breytt og gönguleiðum yfir Tryggvabraut og Borgarbraut breytt ásamt því að ný umferðarljós voru sett upp.
***Verkframvinda 2020:*** Unnið var að fyrirhuguðum aðgerðum við gönguþveranir yfir Hringveg við Stórholt og Skarðshlíð í samstarfi við Akureyrarbæ. Einnig greiddur hluti kostnaðar sem tilheyrði öryggisaðgerðum við endurbyggingu gatnamóta Hörgárbrautar (Hringvegar) og Hlíðarbrautar. Að lokum var gerður upp hlutur Vegagerðarinnar vegna kostnaðar við gönguþverun yfir Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Kjarnagötu með miðeyju.
***Verktaki:*** 2018-19 Nesbræður ehf. (Umsjón Akureyrarbær).

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2014 | 1 |
| 2015 | 1 |
| 2016 | 41 |
| 2017 | 83 |
| 2018 | 48 |
| 2019 | 69 |
| 2020 | 24 |
| **Samtals** | **267** |

**1 Hringvegur**
**Q6 Norðausturvegur – Bárðardalsvegur eystri**
***Umfang verks:*** Ný brú um Skjálfandafljót ásamt 1,7 km nýbyggingu að nýrri brú.
***Framkvæmdaform:*** Útboð hönnunar og stefnt á útboð verkframkvæmda.
***Kostnaðaráætlun:*** Kostnaðaráætlun forhönnunar liggur ekki fyrir, fjárveiting í samgönguáætlun 800 m.kr.



| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Viðbótarfé breikkun brúa 2020 | 40 |
| **Samtals** | **40** |

***Verkframvinda 2020:*** Hönnun boðin út og samið við ráðgjafa. Unnið við hönnun og undirbúning.
***Verktaki:*** Hönnun: Verkís ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 8 |
| 2020 | 7 |
| **Samtals** | **15** |

**1 Hringvegur**
**R5 um Jökulsá á Fjöllum**
***Umfang verks:*** Fjárveitingin er vegna undirbúnings og hönnunar brúar á Jökulsá á Fjöllum.
***Framkvæmdaform:*** Stefnt að útboði á næsta tímabili 2028.
***Kostnaðaráætlun:*** Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2005 | 3 |
| Samgönguáætlun 2006 | 6 |
| Samgönguáætlun 2007 | 4 |
| Samgönguáætlun 2010 | 9 |
| Samgönguáætlun 2011 | 2 |
| Samgönguáætlun 2012 | 4 |
| Samgönguáætlun 2013 | 8 |
| Samgönguáætlun 2014 | 23 |
| Samgönguáætlun 2015 | 12 |
| Samgönguáætlun 2016 | 50 |
| Fjárlög 2017 | 50 |
| Flutt á önnur verk 2017 | -66 |
| Fjárlög 2018 | 10 |
| Vegáætlun 2019 | 5 |
| Fært á 071103T | -30 |
| Samgönguáætlun 2020 | 5 |
| **Samtals** | **95** |

***Verkframvinda:*** Á árunum 2005-2013 var unnið við jarðvegsathuganir og frumhönnun vegna brúar á Jökulsá á Fjöllum í nýrri veglínu sunnan núverandi brúar. Þegar jarðskjálftahrina hófst í Bárðarbungu og í framhaldi af henni eldgos í Holuhrauni voru hugsanleg flóð í Jökulsá á Fjöllum, vegna eldgoss í Bárðarbungu, endurskoðuð og í framhaldi af því gerðar nýjar áætlanir um brú sem staðsett væri norðan núverandi brúar og er kostnaður á árunum 2014-2016 vegna þeirrar endurskoðunar.
***Á árinu 2017*** var unnið áfram við frumhönnun vegna brúar á Jökulsá á Fjöllum.
***Verkframvinda 2018:*** Hönnun og annar undirbúningur.
***Verkframvinda 2019:*** Hönnun og annar undirbúningur.
***Verkframvinda 2020:*** Hönnun og annar undirbúningur tengdur breytingum á skipulagi.
***Verktaki:*** Hönnun og undirbúningur hjá Vegagerðinni.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 3 |
| 2006 | 6 |
| 2007 | 4 |
| 2010 | 9 |
| 2011 | 2 |
| 2012 | 4 |
| 2013 | 8 |
| 2014 | 23 |
| 2015 | 12 |
| 2016 | 10 |
| 2017 | 4 |
| 2018 | 1 |
| 2019 | 1 |
| 2020 | 0 |
| **Samtals** | **87** |

**59 Laxárdalsvegur**
**11 sýslumörk – Innstrandavegur**
***Umfang verks:*** Endurbygging tengivegar frá sýslumörkum að Innstrandavegi, samtals 7,5 km. Styrking og endurbygging vegar í 6,5 m breidd auk lagningu bundins slitlags.
***Framkvæmdaform:*** Samningur um hönnun. Fyrirhugað að verkframkvæmd verði boðin út.
***Kostnaðaráætlun:*** 455 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 5 |
| **Samtals** | **5** |

***Verkframvinda 2020:*** Unnið að forhönnun.
***Verktaki:*** Hönnun: Mannvit

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 2 |
| 2020 | 8 |
| **Samtals** | **10** |

**74 Skagastrandarvegur**
**01 Hringvegur – Þverárfjallsvegur**
***Umfang verks:*** Nýbygging Þverárfjallsvegar (73) í Refasveit og Skagastrandarvegar (74) um Laxá. Nýframkvæmd Þverárfjallsvegar (73) er um 8,5 km og nær frá Hringvegi (1) austan Blönduóss að núverandi Þverárfjallsvegi (744) skammt austan við núverandi brú á Laxá. Nýframkvæmd Skagastrandarvegar (74) er um 3,3 km löng og nær frá nýjum Þverárfjallsvegi (73) um nýja brú yfir Laxá að núverandi Skagastrandarvegi (74) norðan við Höskuldsstaði í Skagabyggð. Hönnun tíu minni vegtenginga/heimreiða eru hluti af verkinu en lengd þeirra nemur um 4,5 km. Heildarlengd vega er því um 16,3 km. Auk þess er um að ræða nýja brú yfir Laxá, um 110 m að lengd og eftirlitsstað til þungaeftirlits.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 2.100 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 69 |
| Samgönguáætlun | 100 |
| **Samtals** | **169** |

***Verkframvinda 2020:*** Unnið að for- og verkhönnun og mati á umhverfisáhrifum. Einnig unnið að gerð samninga við landeigendur.
***Verktaki:*** Hönnun: VBV.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 82 |
| 2020 | 48 |
| **Samtals** | **130** |

**85 Norðausturvegur**
**06 um Köldukvíslargil**
***Umfang verks:*** Bygging stokks/brúar í stað einbreiðrar brúar yfir Köldukvíslargil ásamt nauðsynlegri nýbyggingu vegar um nýjan stokk/brú.
***Framkvæmdaform:*** Samningur um hönnun.
***Kostnaðaráætlun:*** 700 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 2 |
| Tímab. fjárfestingarátak 2020 | 65 |
| **Samtals** | **65** |

***Verkframvinda 2020:*** Gerð voru útboðsgögn fyrir 100 m langan steyptan stokk með vegi á fyllingu yfir. Fallið var frá útboði vegna fjölda áhættuþátta við framkvæmd. Unnið var að frumdrögum brúar í stað stokks.
***Verktaki:*** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 2 |
| 2020 | 28 |
| **Samtals** | **30** |



**85 Norðausturvegur**
**31 Finnafjörður – Bakkafjörður**
***Umfang verks:*** Endurbygging og bundið slitlag á samtals 20,5 km á Norðausturvegi. Endurbyggingin skiptist í tvo kafla, 3 km um Fell í Finnafirði og 17,5 km frá Hellulandi í Finnafirði að Skeggjastöðum í Bakkafirði.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 972 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2016 | 7 |
| Fjárlög 2018 | |
| Tengivegir | 75 |
| Samgönguáætlun 2019 | |
| Tengivegir 2019 | 229 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 444 |
| **Samtals** | **755** |

***Verkframvinda 2018:*** Undirbúningur og hönnun.
***Verkframvinda 2019:*** Verkið boðið út sumarið 2019 og hófust framkvæmdir í lok ágúst. Unnið var á kaflanum um Fell í Finnafirði og lokið við útkeyrslu á styrktarlagi. Einnig var byrjað á kafla frá Finnafirði yfir í Miðfjörð og unnið við efnisvinnslu fyrir verkið.
***Verkframvinda 2020:*** Lokið við kaflann um Fell í Finnafirði sem er um 3 km og einnig lokið að mestu við 6 km kafla frá Finnafirði í Miðfjörð. Unnið við endurbyggingu vegarins frá Miðfirði í Bakkafjörð.
***Verktaki:*** Hönnun: Verkfræðistofan Mannvit. Verkframkvæmd: Héraðsverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2016 | 7 |
| 2018 | 8 |
| 2019 | 149 |
| 2020 | 528 |
| **Samtals** | **692** |

**87 Kísilvegur**
**02 Geitafell – Kollóttaalda**
***Umfang verks:*** Vegurinn frá Kollóttuöldu á Hólasandi að slitlagsenda hjá Geitafellsá endurbyggður og lagt á hann bundið slitlag, samtals 11,2 km. Lega vegarins óbreytt en vegfláar gerðir flatari til að auka umferðaröryggi.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 360 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2016 | 15 |
| Fjárlög 2017 | |
| Tengivegir | 102 |
| Fjárlög 2018 | |
| Tengivegir | 259 |
| Samgönguáætlun 2019 | |
| Tengivegir | 75 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 12 |
| **Samtals** | **463** |

***Verkframvinda 2017:*** Verkið boðið út í byrjun sumars 2017 og hófust framkvæmdir um mitt sumar. Unnið við lagfæringar á vegfláum, ræsi og við efnisvinnslu.
***Verkframvinda 2018:*** Unnið við vegfláa, styrkingu á vegi, efnisvinnslu og neðra lag klæðingar lagt á allan kaflann. Vegna tíðarfars um haustið tókst ekki að ljúka við frágang fláa og að leggja efra lag klæðingar sem færist á árið 2019.
***Verkframvinda 2019:*** Unnið við frágang á vegsvæði og efra lag klæðingar lagt á veginn. Verkinu er að fullu lokið.
***Verkframvinda 2020:*** Engar framkvæmdir 2020. Kostnaður vegna lokauppgjör verksins sem dróst fram í ársbyrjun 2020.
***Verktaki:*** Þrír verktakar unnu verkið saman, Ístrukkur ehf., Jón Ingi Hinriksson ehf. og Steinsteypir ehf., Húsavík.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2016 | 15 |
| 2017 | 73 |
| 2018 | 265 |
| 2019 | 83 |
| 2020 | 11 |
| **Samtals** | **447** |

**711 Vatnsnesvegur**
**01 Kárastaðir – Skarð**
***Umfang verks:*** Endurbygging tengivegar frá Kárastöðum að Skarði, um 5 km. Styrking og breikkun vegar í 6,5 m breidd og lagning bundins slitlags.
***Framkvæmdaform:*** Samningur um hönnun. Fyrirhugað að verkframkvæmd verði boðin út.
***Kostnaðaráætlun:*** 290 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 5 |
| **Samtals** | **5** |

***Verkframvinda 2020:*** Unnið að jarðtæknirannsóknum og forhönnun vegar.
***Verktaki:*** Hönnun: Efla

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 11 |
| **Samtals** | **11** |

**711 Vatnsnesvegur**
**03 um Tjarnará**
***Umfang verks:*** Nýbygging á 1,2 km löngum kafla um Tjarnará ásamt byggingu á 66 m löngum steyptum stokk í stað gamallar brúar. Einnig er innifalinn kostnaður við nýbygginguá um 400 m löngum kafla á Þorgrímsstaðavegi þar sem hann tengist Vatnsnesvegi.
***Framkvæmdaform:*** Verkið var boðið út 2018 en aðeins eitt tilboð barst. Því var hafnað þar sem það var óaðgengilegt. Í framhaldi var ákveðið að láta brúaflokk Vegagerðarinnar byggja stokkinn og bjóða út vegagerðina að nýju.
***Kostnaðaráætlun:*** 270 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2018 | 200 |
| 2019 | |
| Fært af 0001R51 | 30 |
| 2019 | |
| Fært af 0816011T | 20 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 20 |
| **Samtals** | **270** |

***Verkframvinda 2018:*** Byrjað að byggja stokkinn seinni part árs og unnið við sökkla.
***Verkframvinda 2019:*** Fyrri hluta árs var unnið við stokkinn og því verki lokið í byrjun sumars. Vegagerð var boðin út fyrri hluta árs og hófust framkvæmdir um vorið. Verkinu lauk haustið 2019 að undanskildu efra lagi klæðingar sem fluttist til ársins 2020.
***Verkframvinda 2020:*** Efra lag klæðingar lagt á kaflann og einnig gengið frá girðingum sem tilheyrðu verkinu.
***Verktaki:*** Bygging á stokk: Brúaflokkur Vegagerðarinnar. Vegagerð: Norðurtak ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2018 | 41 |
| 2019 | 217 |
| 2020 | 12 |
| **Samtals** | **270** |

**748 Reykjastrandarvegur**
**01 Þverárfjallsvegur – Fagranes**
***Umfang verks:*** Endurbygging tengivegar frá Þverárfjallsvegi norður fyrir Fagranes, um 5,5 km. Styrking og breikkun vegar í 6,5 m breidd og lagning bundins slitlags.
***Framkvæmdaform:*** Samningur um hönnun. Fyrirhugað að verkframkvæmd verði boðin út.
***Kostnaðaráætlun:*** 330 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 10 |
| **Samtals** | **10** |



***Verkframvinda 2020:*** Unnið að forhönnun vegar.
***Verktaki:*** Hönnun: Stoð ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 4 |
| 2020 | 5 |
| **Samtals** | **9** |

**793 Skarðsvegur**
**01 Siglufjarðarvegur – skíðasvæði Skarðsdal**
***Umfang verks:*** Nýbygging á 1,4 km löngum kafla á Skarðsvegi ásamt bílastæði. Kaflinn verður tenging að nýjum skíðaskála.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 200 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2014 | 1 |
| Samgönguáætlun 2015 | 2 |
| Fjárlög 2017 | 100 |
| Fjárlög 2018 | 100 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 50 |
| **Samtals** | **253** |

***Verkframvinda 2017:*** Unnið við hönnun og verkið boðið út seinni part sumars. Lítið var unnið við verkið á árinu m.a. vegna þess hve seint var boðið út og fluttist framkvæmdin því yfir á árið 2018.
***Verkframvinda 2018:*** Unnið var við fyllingar þegar veðurfar leyfði en aðstæður voru mjög erfiðar vegna efnisgerðar og bleytu í fjallinu. Ljóst að verkið myndi taka lengri tíma en áætlað var.
***Verkframvinda 2019:*** Unnið við fyllingar en vegna óhagstæðra skilyrða á vegsvæðinu gengu framkvæmdir hægt. Vinnu við fyllingar ekki lokið að fullu og færa þarf skíðalyftur sem vegurinn þverar.
***Verkframvinda 2020:*** Unnið við fyllingar og styrktarlag vegarins. Verkið hefur dregist á langinn og er ástæðan erfiðar aðstæður og stuttur framkvæmdatími í fjalllendi.
***Verktaki:*** Árni Helgason ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2014 | 1 |
| 2015 | 2 |
| 2017 | 10 |
| 2018 | 40 |
| 2019 | 48 |
| 2020 | 61 |
| **Samtals** | **162** |

**815 Hörgárdalsvegur**
**02 Skriða – Brakandi**
***Umfang verks:*** Verkið felst í byggingu á um 3,7 km löngum kafla ásamt byggingu nýrra heimreiða að fjórum bæjum, samtals um 1,3 km löngum. Innifalið í verkinu er einnig bygging tveggja brúa, á Ytri Tunguá sem verður 11 m löng og á Syðri Tunguá sem verður 9 m löng.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 460 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2019 | 8 |
| Samgönguáætlun 2020 | 250 |
| **Samtals** | **258** |

***Verkframvinda 2019:*** Unnið við hönnun og undirbúning.
***Verkframvinda 2020:*** Unnið við hönnun og undirbúning. Verk boðið út og framkvæmdir hafnar haust 2020. Unnið við uppbyggingu vegarins og reknir niður staurar undir brýr.
***Verktaki:*** Hönnun: Mannvit.
***Verkframkvæmd:*** Árni Helgason ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 7 |
| 2020 | 110 |
| **Samtals** | **117** |

### 862 Dettifossvegur

***Umfang verks:*** Nýbygging á Dettifossvegi, köflum 02-04, frá Dettifossvegi vestri að Norðausturvegi, samtals 30 km. Auk þess nýbygging á Tungnavegi niður í Hólmatungur 2,7 km, Vesturdalsvegi 2,5 km, ásamt áningarstöðum við þessa vegi. Verkið hefur verið boðið út eftirtöldum áföngum, fyrst og fremst með tilliti til fjárveitinga.
**04 Tóveggur – Norðausturvegur**, útboð 2014. Nýbygging á 3,24 km kafla og var þessum áfanga lokið 2015 að undanskildu efra lagi slitlags sem lagt var 2016.
**03 Ásheiði – Tóveggur**, útboð 2015. Nýbygging á 4,5 km kafla og var verkinu að fullu lokið haustið 2016.
**02 Dettifossvegur vestri – Hólmatungur**, útboð 2016. Nýbygging á 7,7 km löngum kafla frá Dettifossvegi vestri niður á móts við Hólmatungur. Undanskilið í útboðsverkinu var burðarlag og slitlag. Þessum áfanga lauk 2017.
**02 Dettifossvegur vestri – Súlnalækur**, útboð 2017. Innifalið í þessu útboði var burðarlag og bundið slitlag á kaflann Dettifossvegur vestri – Hólmatungur. Auk þess nýbygging með slitlag á 2,7 km og nýbygging á 3,4 km þar sem undanskilið var burðarlag og slitlag.
**02-03 Súlnalækur – Vesturdalur**, viðbótarsamningur 2018 við útboðsverkið Dettifossvegur vestri – Súlnalækur um gerð undirbyggingar á 3,8 km kafla frá Súlnalæk að Vesturdal.
**03-04 útboð (lokaútboð) 2019**. Innifalið í þessu útboði að ljúka við gerð Dettifossvegar, gera nýjan veg upp á Langavatnshöfða og í Hólmatungur og endurbyggja veg niður í Vesturdal að Hljóðaklettum.
***Framkvæmdaform:*** Útboð og eða samningar.
***Kostnaðaráætlun:*** Útboð 2019, 1.400 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2009 | 4 |
| Samgönguáætlun 2010 | 9 |
| Samgönguáætlun 2011 | 20 |
| Samgönguáætlun 2012 | 16 |
| Samgönguáætlun 2013 | 23 |
| Samgönguáætlun 2014 | 200 |
| Fjáraukalög 2014 | -200 |
| Samgönguáætlun 2015 | |
| Almenn verkefni | 212 |
| Viðbótarfé 2015 | 400 |
| Samgönguáætlun 2016 | 500 |
| Fjárlög 2017 | 370 |
| Fjárlög 2018 | 200 |
| Fært af öðrum verkum 2018 | 54 |
| Viðbótar fjármagn 2018 | 200 |
| Samgönguáætlun 2019 | 600 |
| Samgönguáætlun 2020 | 750 |
| **Samtals** | **3.358** |

***Verkframvinda 2014:*** Kaflinn frá Tóvegg að Norðausturvegi boðinn út og unnið við undirbyggingu vegarins.
***Verkframvinda 2015:*** Kaflanum frá Tóvegg að Norðausturvegi lauk í júní, en eftir átti að leggja efra lag klæðingar og ganga frá áningarstað. Kafli frá Vesturdal að Tóvegg var boðinn út í júní 2015 (8,9 km), en vegna þess að tilboðin sem bárust voru óaðgengileg var áfanginn boðinn út aftur í júlí og þá hafður styttri eða 4,5 km og var frá Ásheiði að Tóvegg. Unnið við undirbyggingu á kaflanum.
***Verkframvinda 2016:*** Lokið við kaflana frá Ásheiði að Norðausturvegi með bundnu slitlagi. Kostnaður 2017, eftirstöðvar vegna framkvæmda 2016.
***Verkframvinda 2017:*** Lokið vinnu við byggingu kaflans frá Dettifossvegi vestri að Hólmatungum, að undanskildu burðarlagi og slitlagi. Kaflinn Dettifossvegur vestri að Súlnalæk boðinn út og unnið við undirbyggingu og að hluta styrktarlag á kaflanum frá Hólmatungum að Súlnalæk.
***Verkframvinda 2018:*** Lokið við undirbyggingu vegarins á kaflanum frá Súlnalæk að tengingu niður í Vesturdal.





Frá opnun Dettifossvegar. Sigurður Ingi Jóhannsson, Katrín Jakobsdóttir og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir ferðamálaráðherra klippa á borðann.

***Verkframvinda 2019:*** Síðasti hluti verksins boðinn út í byrjun sumars. Verkinu tilheyrir að ljúka við Dettifossveg að fullu, sem felur í sér að leggja burðarlag og klæðingu á um 7,2 km kafla ofan Vesturdals og byggja nýjan 4,2 km langan veg neðan Vesturdals. Auk þess að byggja frá Dettifossvegi 2,7 km langan veg niður í Hólmatungur, 1,6 km langan veg niður í Vesturdal og 1,5 km langan veg upp á Langavatnshöfða. Auk þess skal gera nokkra áningarstaði. Verkbyrjun seinkaði vegna kærumála en framkvæmdir hófust seinni part sumars. Unnið var við fyllingar á kaflanum Vesturdalur – Ásheiði en auk þess var unnið í vegi niður í Vesturdal og upp á Langavatnshöfða.
***Verkframvinda 2020:*** Lokið að mestu við uppbygginguDettifossvegar og vegar upp á Langavatnshöfða og lagt á þá neðra lag klæðingar. Unnið við endurbyggingu vegar niður í Vesturdal að plani við Hljóðakletta. Byrjað á uppbyggingu vegar niður í Hólmatungur.
***Verktaki:*** Árni Helgason ehf. á kaflanum Tóveggur – Norðausturvegur.
Þ.S. verktakar ehf. á kaflanum Tóveggur – Ásheiði og kaflanum frá Dettifossvegi eystri að Vesturdal, útboðum 2015 til 2018.
G. Hjálmarsson hf. á kaflanum Hólmatungur – Ásheiði auk Hólmatunguvegar, Vesturdalsvegar og vegar upp á Langavatnshöfða, útboð 2019.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2009 | 4 |
| 2010 | 9 |
| 2011 | 20 |
| 2012 | 16 |
| 2013 | 23 |
| 2014 | 84 |
| 2015 | 381 |
| 2016 | 482 |
| 2017 | 442 |
| 2018 | 552 |
| 2019 | 351 |
| 2020 | 584 |
| **Samtals** | **2.948** |

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Norðursvæði**
Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Norðursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjármögnun fyrir 2020 | 368 |
| Fjárlög 2020 | 38 |
| **Samtals** | **406** |

| Verkefni Ár: | Kostnaður í m.kr. 2005 | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Hringvegur 1-k9, Reykjabraut – Blönduós | 0 | 0 | 1 | 0 | 3 | 5 | 4 | 7 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 21 |
| Hringvegur 1-m0, Svínvetningabraut – Blönduós | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Hringvegur 1-m3, Hvammur – Svínvetningabraut | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Hringvegur 1-m4, Svínvetningabraut – Víðivörðuháls | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Hringvegur 1-m5, Víðivörðuháls – Skagafjarðarvegur | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 3 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8 |
| Hringvegur 1-m7 um Skagafjörð | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 |
| Hringvegur 1-p5, Ólafsfjarðarvegur – Dagverðareyrarvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 1 | 5 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 12 |
| Hringvegur 1-q6 um Skjálfandafljót | 1 | 2 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8 |
| Sprengisandsleið 26-12 til 26-16, Kvíslavegur – Nýidalur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 | 2 | 1 | 46 | 19 | -7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 66 |
| Kjalvegur 35-16 um Kolkustíflu | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Laxárdalsvegur 59-11, sýslumörk – Innstrandavegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 |
| Innstrandavegur 68-04, Laxárdalsvegur – Fossá | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 |
| Innstrandavegur 68-05, Fossá – Guðlaugsvíkurvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 2 |
| Skagastrandarvegur 74-01, Hringvegur – Þverárfjallsvegur | 0 | 1 | 0 | 0 | 4 | 1 | 2 | 3 | 0 | 0 | 1 | 1 | 20 | 21 | 28 | 0 | 82 |
| Siglufjarðarvegur 76-08 um Flókadalsá | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Siglufjarðarvegur 76-09, Siglufjarðarskarðsgöng | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 3 |
| Siglufjarðarvegur 76-12, Hólavegur – Flugvallarvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 2 |
| Siglufjarðarvegur 76-13, Hafnarvegur – Norðurtún | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Norðausturvegur 85-02 um Skjálfandafljót | 1 | 1 | 0 | 0 | 2 | 6 | 2 | 0 | 16 | 3 | 1 | 2 | 0 | 0 | 2 | 4 | 40 |
| Norðausturvegur 85-04, Kísilvegur – Húsavík | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Norðausturvegur 85-06 um Köldukvíslargil | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 |
| Norðausturvegur 85-27, Langanesvegur – sýslumörk | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 2 | 2 | 4 | 5 | 1 | 0 | 0 | 5 | 11 | 32 |
| Norðausturvegur 85-31, sýslumörk – Finnafjarðará | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 |



| Verkefni (frh.) Ár: | Kostnaður í m.kr. 2005 | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kísilvegur 87-02, veðurstöð – Geitafellsá | 0 | 1 | 2 | 3 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 15 | 0 | 0 | 0 | 0 | 25 |
| Vatnsnesvegur 711-03, Bergsstaðir – Þorgrímsstaðavegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8 | 0 | 0 | 0 | 10 |
| Vatnsdalsvegur 722-01, Hringvegur – Undirfellsrétt | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Reykjastrandarvegur 748-01, Þverárfjallsvegur – Grettislaug | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 4 |
| Hólavegur 767-01, Siglufjarðarvegur – Hólar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 |
| Skarðsvegur 793-01, Siglufjarðarvegur – skíðasvæði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| Hörgárdalsvegur 815-01, Skriða – Brakandi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Dagverðareyrarvegur 816-01, Hringvegur – Ólafsfjarðarvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Hafnarvegur Akureyri 819-01 við Glerártorg | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 5 | 12 |
| Eyjafjarðarbraut vestri 821-01, Flugvallarv. – Kristnesvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Eyjafjarðarbraut vestri 821-02, Kristnesvegur – Miðbraut | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 | 14 | 22 |
| Eyjafjarðarbraut vestri 821-06, Gullbrekkuvegur – Halldórsstaðav. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Eyjafjarðarbraut eystri 829-02, Miðbraut – Eyjafjarðarbraut vestri | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Fnjóskadalsvegur eystri 835-01, Hringvegur – Böðvarsnesvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Bárðardalsvegur vestri 842-01, Hringvegur – Hlíðarendavegur | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 6 | 1 | 0 | 2 | 0 | 11 |
| Mývatnssveitarvegur 848-01, Hringvegur – Garðsvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Hverfjallsvegur 8816-01, Mývatnssveitarvegur – Hverfjall, gönguleið | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 |
| **Samtals** | **2** | **6** | **6** | **6** | **23** | **23** | **19** | **24** | **25** | **60** | **31** | **28** | **30** | **27** | **58** | **38** | **406** |

## Austursvæði

**1 Hringvegur**
**T3 Lagarfljót, við Egilsstaði**
***Umfang verks:*** Endurbætur á brú á Lagarfljóti, 301 m. Steypuviðgerðir á stöplum brúarinnar. Skipt út slitgólfi og undirgólfi á brúnni.
***Framkvæmdaform:*** Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
***Kostnaðaráætlun:*** 150 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | 220 |
| Fært á viðhald brúa 2020 | -162 |
| **Samtals** | **58** |

***Verkframvinda 2020:*** Lokið við endurnýjun á timbri og slitgólfi brúar og steypt utan á stöpla hennar.
***Verktaki:*** Vinnuflokkur Vegagerðarinnar

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 66 |
| 2020 | 82 |
| **Samtals** | **148** |

**1 Hringvegur**
**T5 Gilsá á Völlum**
***Umfang verks:*** Gerð nýrrar brúar, 46 m langrar ásamt nýjum vegtengingum, samtals 1,2 km
***Framkvæmdaform:*** Samningar og eigin verk.
***Kostnaðaráætlun:*** 531 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 3 |
| Tímabundið fjárfestingarátak 2020 | 15 |
| **Samtals** | **18** |

***Verkframvinda 2020:*** Undirbúningur og hönnun brúar og vegar. Miðað við að bjóða út verkið vorið 2021.
***Verktaki:*** Mannvit og Vegagerðin.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 3 |
| 2020 | 31 |
| **Samtals** | **34** |

**1 Hringvegur**
**U4 um Berufjarðarbotn (nú á vegnr. 0001V4S)**
***Umfang verks:*** Nýbygging vegar 4,9 km ásamt 50 m langri brú og vegtengingum að tveimur bæjum samtals 1,6 km.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 1.270 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2009 | 1 |
| Samgönguáætlun 2010 | 1 |
| Samgönguáætlun 2011 | 1 |
| Samgönguáætlun 2012 | 2 |
| Samgönguáætlun 2013 | 1 |
| Samgönguáætlun 2014 | 12 |
| Samgönguáætlun 2015 | 29 |
| Samgönguáætlun 2016 | 200 |
| Fjárlög 2017 | 300 |
| Fjárlög 2018 | 700 |
| Samgönguáætlun 2019 | 300 |
| Samgönguáætlun 2020 | 100 |
| **Samtals** | **1.647** |

***Verkframvinda:*** Á árunum 2009-2015 var unnið að hönnun og undirbúningi. Á árinu 2016 var unnið að samningum við landeigendur ásamt undirbúningi og verkhönnun fyrir útboð verksins. Verkið var boðið út í maí 2017. Framkvæmdir hófust í ágúst með fyllingu í sjó. Unnið var á árinu við fyllingar, bergskeringu, grjótvörn og efnisvinnslu ásamt framleiðslu niðurrekstrarstaura. Áætluð verklok voru í september 2018.
***Verkframvinda 2018:*** Unnið var við vega- og brúargerð ásamt sjófyllingu. Lokið var við brú og stærstan hluta af veginum. Sig varð á sjófyllingu sem seinkaði verklokum til 2019.
***Verkframvinda 2019:*** Lokið var við vegagerð og frágang á árinu og var vegur vígður í ágúst.
***Verkframvinda 2020:*** Unnið var að sáningu og áburðardreifingu ásamt frágangi á skiltum. Landbætur voru greiddar. Einnig var gengið frá lokauppgjöri á bindiefni.
***Verktaki:*** Héraðsverk ehf., B.M.





Brúavinnuflokkurinn í Vík undirbýr viðgerðir á Lagarfljótsbrúnni.

Vallá framleiddi niðurrekstrarstaura, Vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um niðurrekstur.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2009 | 1 |
| 2010 | 1 |
| 2011 | 1 |
| 2012 | 2 |
| 2013 | 1 |
| 2014 | 12 |
| 2015 | 29 |
| 2016 | 24 |
| 2017 | 326 |
| 2018 | 997 |
| 2019 | 256 |
| 2020 | 11 |
| **Samtals** | **1.661** |

**1 Hringvegur**
**X11 um Hvalnes- og Þvottárskriður**
***Umfang verks:*** Hrunvarnir í Hvalnesskriðum á 1,6 km kafla þar sem skeringar eru rýmkaðar og sett upp stálþil á um 345 m ofan vegar.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 115 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | 150 |
| **Samtals** | **150** |

***Verkframvinda 2020:*** Unnið í skeringum og settur upp hluti af stálþili. Einnig keypt stálþil til uppsetningar í Þvottárskriðum á um 400 m kafla vegna hrunvarna 2021.
***Verktaki:*** Jarðlist ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 130 |
| **Samtals** | **130** |

1 Hringvegur
**V8 um Hornafjarðarfljót**
(**Nýtt vegnúmer X8**)
***Umfang verks:*** Nýbygging þjóðvegar, 19 km með fjórum brúm, yfir Bergá 52 m, yfir Hoffellsá 114 m, yfir Hornafjarðarfljót 250 m, yfir Djúpá 52 m ásamt hliðarvegum samtals 9 km auk tveggja áningarstaða.
***Framkvæmdaform:*** Útboð á fyrsta áfanga, þ.e.a.s. undirbygging vegar á 4,3 km milli Hólmsár – Djúpár (árið 2017).
Samvinnuverkefni, aðrir þættir verksins, (áætlað í útboð 2021)
***Kostnaðaráætlun:*** 7.859 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2005 | 1 |
| Samgönguáætlun 2006 | 26 |
| Samgönguáætlun 2007 | 32 |
| Samgönguáætlun 2008 | 10 |
| Samgönguáætlun 2009 | 4 |
| Samgönguáætlun 2010 | 3 |
| Samgönguáætlun 2011 | 1 |
| Samgönguáætlun 2012 | 3 |
| Samgönguáætlun 2013 | 15 |
| Samgönguáætlun 2014 | 23 |
| Samgönguáætlun 2015 | 34 |
| Samgönguáætlun 2016 | 88 |
| Fjárlög 2017 | 300 |
| Fjárlög 2018 | 700 |
| Samgönguáætlun 2019 | 300 |
| Samgönguáætlun 2020 | 100 |
| **Samtals:** | **1.640** |

***Verkframvinda:*** Á árunum 2005-2013 var unnið að rannsóknum, frumdrögum og mati á umhverfisáhrifum verkefnisins. Á árunum 2014-2016 var unnið að for- og verkhönnun vegar og brúa ásamt samningum við landeigendur og undirbúningi útboðs.
***Verkframvinda 2017:*** Sótt um framkvæmdaleyfi til sveitarfélagsins. Unnið áfram að samningum við landeigendur. Framkvæmdaleyfi var kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem tafði byrjun framkvæmda umtalsvert. Á haustmánuðum var fyrsti hluti verksins boðinn út, þ.e.a.s. undirbygging vegar ásamt ræsagerð á 4,3 km löngum kafla milli Hólmsár – Djúpár. Verktaki Jökulfell ehf.
***Verkframvinda 2018:*** Byrjað á undirbyggingu vegar á milli Hólmsár og Djúpár, en verkið fór í biðstöðu vegna ágreinings um forsendur í útboðsgögnum. Unnið í samningum við landeigendur og gengið frá nokkrum þeirra.
***Verkframvinda 2019:*** Lokið, að mestu, við gerð undirbyggingar vegar og ræsagerð á milli Hólmsár og Djúpár, sem boðið var út 2017. Byrjað á gerð tilraunarfyllingar á leirum við Hafnarnes á 600 m kafla austan við Hornafjarðarfljót. Unnið að samningum við landeigendur og eignarnámi á hluta lands í vegsvæðinu. Greiddar landbætur til hluta landeiganda þar sem lokið var við samninga.
***Verkframvinda 2020:*** Hönnun tekin upp og unnin áfram. Hafin undirbúningsvinna við að bjóða verkið út sem samvinnuverkefni. Mikil vinna fyrir dómstólum vegna kæra landeigenda varðandi leiðarval. Reynt að gera lokaúttekt á framkvæmd fyrsta áfanga, en vegna ágalla tókst það ekki.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2005 | 1 |
| 2006 | 26 |
| 2007 | 32 |
| 2008 | 10 |
| 2009 | 4 |
| 2010 | 3 |
| 2011 | 1 |
| 2012 | 3 |
| 2013 | 15 |
| 2014 | 23 |
| 2015 | 34 |
| 2016 | 68 |
| 2017 | 97 |
| 2018 | 18 |
| 2019 | 317 |
| 2020 | 99 |
| **Samtals** | **751** |



1 Hringvegur
**Y2 Steinavötn og Fellsá**
***Umfang verks:*** Bygging á nýrri 100 m langri brú á Steinvötnum ásamt 350 m löngum leiðigörðum og samtals um 800 m endurbyggingu vegar beggja megin brúar. Rif á bráðabirgðabrú og fjarlægja bráðabirgðaveg um Steinavötn. Þá er um að ræða byggingu á nýrri 46 m langri brú á Fellsá og samtals 400 m löngum vegi beggja megin brúar. Einnig gerð bráðabirgðabrúar og vegar um Fellsá ásamt rifi þeirra mannvirkja.
***Framkvæmdaform:*** Útboð sameiginlegt með Fellsá til að ná hagkvæmni í verki enda stutt á milli brúna.
***Kostnaðaráætlun:*** Fyrir báðar brýrnar 761,4 m.kr.

| Fjármögnun (Steinavötn) | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2019 | 100 |
| Breikkun brúa 2019 | 100 |
| Viðlagasjóður 2019 | 158 |
| Breikkun brúa 2020 | 200 |
| Samgönguáætlun 2020 | 350 |
| **Samtals** | **908** |

| Fjármögnun (Fellsá) | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 7 |
| Samgönguáætlun 2019 | |
| Breikkun brúa 2019 | 116 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Breikkun brúa 2020 (Fellsá) | 340 |
| **Samtals** | **463** |

***Verkframvinda 2019:*** Verk boðið út í júlí, en engin tilboð bárust. Verkið var aftur boðið út í október, átta tilboð bárust, samið við Ístak hf. um verkið.
***Verkframvinda 2020:*** Verkið hófst í mars 2020 á verkstað með uppsetningu aðstöðu og undirbúningi framkvæmda. Steypustöð var sett upp á staðnum. Brúarbygging hófst í mars og lauk með steypu sigplatna í lok október. Brúin yfir Steinavötn var tengd og tekin í notkun fyrir áramótin. Samhliða brúarbyggingu yfir Steinavötn var byggð bráðabirgðabrú og vegur yfir Fellsá og tekin í notkun. Gamla brúin var rifin og hafist handa við nýja brú í lok maí 2020. Byggingu brúarinnar lauk í nóvember en ekki náðist að tengja brúna fyrir áramótin. Verkstaða um áramót 2020/2021 var þannig að eftir var að tengja brúna yfir Fellsá og taka í notkun, rífa bráðabirgðabrú bæði á Steinavötnum og Fellsá auk rifs á bráðabirgðaveg. Þá á eftir að klæða vegi og ganga frá vegriðum. Verklok samkvæmt samningi eru í apríl 2021 en reiknað er með að klæðing vega verði ekki fyrr en í júní.
***Verktaki:*** Ístak hf.

| Kostnaður (Steinavötn) | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 120 |
| 2020 | 703 |
| **Samtals** | **823** |

| Kostnaður (Fellsá) | m.kr. |
|---|---|
| 2019 | 14 |
| 2020 | 151 |
| **Samtals** | **165** |

***Skýringar við verkefnið:*** Margir verkþættir eru sameiginlegir með báðum brúm í þessu sameiginlega útboði. Vegna þessa getur kostnaður fallið meira á aðra brúna en hina. Reynt var að færa kostnaðinn eins nákvæmlega og hægt er.

**1 Hringvegur**
**X5 Kvíá í Öræfum**
(**nýtt vegnúmer 0001Y5S**)
***Umfang verks:*** Um er að ræða byggingu á 32 m langri brú á Kvíá ásamt færslu Hringvegar á 1 km löngum kafla við brúna, ásamt leiðigörðum og tengingu að áningarstað.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 396 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Flutt af öðrum verkum 2017 | 5 |
| Fjárlög 2018 | 250 |
| Flutt af 0001X54 | 233 |
| Viðhald millifærsla 2020 | 217 |
| **Samtals** | **705** |

***Verkframvinda 2017:*** Unnið að undirbúningi og hönnun.
***Verkframvinda 2018:*** Unnið að undirbúningi og verkhönnun verks fyrir útboð.
***Verkframvinda 2019:*** Verk boðið út í júní, en engin tilboð bárust. Verk boðið aftur út í október og fjögur tilboð bárust í verkið. Samningaviðræður hófust við tvo af lægstbjóðendum í framhaldi af útboði. Samningum var ólokið um áramót.
***Verkframvinda 2020:*** Samningaviðræðum lauk með samningi við Ístak ehf. í marsmánuði 2020. Verktaki hóf brúarsmíði á vormánuðum og lauk brúarsmíði ásamt tengingum vegar við brú fyrir áramót og var brúin tekin í notkun í nóvember. Um áramót átti eftir að klæða veg, rífa eldri brú og ganga frá vegriði.
***Verktaki:*** Ístak ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2017 | 5 |
| 2018 | 8 |
| 2019 | 10 |
| 2020 | 431 |
| **Samtals** | **454** |

**92 Norðfjarðarvegur**
**10 Norðfjarðargöng**
***Umfang verks:*** Gerð 7,9 km jarðganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, lagning 7 km af nýjum vegum og bygging brúa á Eskifjarðará og Norðfjarðará.
***Framkvæmdaform:*** Útboð og samningar.
***Kostnaðaráætlun:*** 12.100 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2006 | 1 |
| Samgönguáætlun 2007 | 91 |
| Samgönguáætlun 2008 | 88 |
| Fjárlög 2009 | 36 |
| Samgönguáætlun 2010 | 22 |
| Fjárlög 2011 | 13 |
| Samgönguáætlun 2013 | |
| Jarðgangaáætlun | 1.200 |
| Samgönguáætlun 2014 | |
| Jarðgangaáætlun | 3.170 |
| Samgönguáætlun 2015 | |
| Jarðgangaáætlun | 3.000 |
| Samgönguáætlun 2016 | |
| Jarðgangaáætlun | 3.000 |
| Afreiknað álag 2016 | 482 |
| Bráðabirgðalán 2016 | 6 |
| Fjárlög 2017 | |
| Jarðgangaáætlun | 2.230 |
| Endurgreitt lán | -6 |
| Afreiknað álag 2017 | -241 |
| Fjáraukalög 2017 | 200 |
| Af öðrum verkum 2017 | 281 |
| Af öðrum verkum 2018 | 341 |
| Skilað á verk 2020 | -445 |
| **Samtals** | **13.469** |

***Verkframvinda:*** Á árunum 2006-2010 var unnið að rannsóknum, leiðarvali og undirbúningi jarðgangagerðar. Á árinu 2011 var unnið við áframhaldandi hönnun og samninga við landeigendur. Vegna fyrirsjáanlegs dráttar á framkvæmd var tekin sú ákvörðun að kosta til lagfæringa á Oddsskarðsgöngum á því ári. Á árinu 2012 var unnið að lokahönnun mannvirkja og fór forval vegna Norðfjarðarganga fram síðari hluta árs 2012. Útboðsgögn voru afhent í febrúar 2013 og tilboð opnuð í apríl. Samningur við aðalverktaka var undirritaður á Norðfirði 14. júní 2013 og hófst vinna á verkstað í byrjun september við uppsetningu aðstöðu verktaka. Vinnu við forskeringu Eskifjarðarmegin var lokið í byrjun nóvember og hófst jarðgangagröftur í framhaldi af því. Formleg ræsing jarðgangagraftar fór fram 14. nóvember. Í lok árs var búið að grafa 309 m frá Eskifirði. Vinna við forskeringu Norðfjarðarmegin hófst 22. nóvember. Til þess að jarðgangaverktaki kæmist að gangamunna Norðfjarðarmegin var sumarið 2013 gerður vegslóði í veglínunni frá Norðfjarðará og inn að gangamunna í Fannardal og bygging brúar á Norðfjarðará var boðin út í mars. Byggingu brúar lauk í október 2013. Í apríl 2013 var boðið út eftirlit með framkvæmdinni og samið við ráðgjafa í júní. Á árinu 2013 var gengið frá samningum við flesta landeigendur og Fjarðabyggð. Árið 2014 var unnið allt árið að greftri Eskifjarðarmegin og grafnir 2.396 m. Norðfjarðarmegin var lokið við forskeringu og hófst jarðgangagröftur 6. mars og voru grafnir 2.174 m á árinu þeim megin. Alls var búið að grafa um áramót 4.879 m eða 65% af göngum í bergi. Utan ganga var unnið að sjávarfyllingu Eskifjarðarmegin og var henni lokið að um það bil þremur fjórðu hlutum. Norðfjarðarmegin var gerð vegfylling frá munna niður fyrir brú á Norðfjarðará. Um áramót var lokið um fjórðungi vegagerðar í Norðfirði. Á árinu 2015 var gangagrefti haldið áfram og var gegnumslag í september. Í lok árs var lokastyrking ganganna langt komin, en önnur vinna í göngum ekki hafin. Vegskáli Fannardalsmegin var steyptur upp nema ein færa. Unnið var að vegagerð utan ganga og var gerð fyllinga mjög langt komin báðum megin en ekkert farið að vinna við neðra burðarlag nema efnisvinnslu. Boðin var út og smíðuð brú á Eskifjarðará, 58 m löng í þremur höfum. Fyllt hefur verið að brúnni.
***Á árinu 2016*** var unnið við lok bergstyrkingar, lagnir og strengi í göngum, steinsteypuvirki vegskála og tæknirýma ásamt uppsetningu á vatnsklæðingum.
***Verkframvinda 2017:*** Útakstur burðarlags í veg í göngum hófst í febrúar. Samhliða útlögn burðarlags lagði rafverktaki ídráttarrör og brunna. Vegur í göngunum var svo malbikaður í maí. Í maí hófst einnig vinna við rafbúnað með uppsetningu strengstiga, jafnframt vann rafverktaki að ídrætti strengja í ídráttarrör. Mikil vinna var við að koma öllum búnaði fyrir í tæknirýmum, uppsetningu símaskápa, lokunar- og stjórnbúnaði. Unnið var að rafmagni til áramóta og samt var þó nokkuð eftir í árslok. Allt sumarið unnið að vegagerð úti, lagningu burðarlags og frágangi, allt slitlag á vegi utan ganga var lagt 2017, í júlí Eskifjarðarmegin og í október Norðfjarðarmegin neðra lag slitlags, efra lag bíður til 2018. Lokafrágangur ýmissa svæða bíður einnig til 2018.

Göngin voru opnuð til umferðar 11. nóvember af samgönguráðherra Jóni Gunnarssyni.
***Verkframvinda 2018:*** Unnið í lokafrágangi á vegsvæði og endurbótum á skemmdum á slitlagi vegar, undirbúningur vegna uppsetningar á meðalhraðamyndavélum, ýmis vinna vegna neyðarrýma og greiddur hluti af slökkvibíl.
***Verkframvinda 2019:*** Gengið frá lokauppgjöri við Metrostav og Suðurverk, rofvarnir auknar og bættar við Norðfjarðará, hraðmyndavél keypt og sett upp, en ekki tekin í notkun. Hönnun og undirbúningur vegna öryggisrýmis, eftirlits- og hraðamyndavéla. Lokafrágangur með sáningu á vegsvæði og við gangamunna. Uppgjör við landeigendur.
***Verkframvinda 2020:*** Hönnun, undirbúningur og vinna v. öryggisrýmis, eftirlits- og hraðamyndavéla. Endurbætur á rafkerfi og kantlýsingu. Gerð 350 m langs stígar um og utan v. áningarstað Eskifirði. Greiddur seinni hluti af slökkvibíl. Vinna vegna skýrslugerðar og frágangs á gögnum vegna framkvæmdarinnar.




↑
Færanleg steypustöð sem ÍSTAk setti upp við brúna á Steinavötnum í Suðursveit.
Þar var framleidd steypa fyrir brýr á Steinavötnum, Fellsá, Kvíá og Brunná.

***Verktakar:*** Jarðgangagerð og vegir að göngum: Metrostav a.s. Tékklandi og Suðurverk hf., Kópavogi. Brýr á Norðfjarðará og Eskifjarðará: Vélsmiðja Hjalta Einarssonar ehf., Hafnarfirði. Niðurrekstur undir brýr: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.
***Eftirlit:*** Hnit hf., Reykjavík.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2006 | 1 |
| 2007 | 91 |
| 2008 | 88 |
| 2009 | 36 |
| 2010 | 22 |
| 2011 | 13 |
| 2012 | 89 |
| 2013 | 1.167 |
| 2014 | 3.699 |
| 2015 | 3.624 |
| 2016 | 2.279 |
| 2017 | 2.464 |
| 2018 | 308 |
| 2019 | 375 |
| 2020 | 72 |
| **Samtals** | **14.328** |

### 93 Seyðisfjarðarvegur
**02–03 Fjarðarheiðargöng**
***Umfang verks:*** Könnun á jarðgangakostum undir Fjarðarheiði, milli Seyðisfjarðar og Fljótsdalshéraðs.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 37 – 40 milljarðar kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2014 | |
| Jarðgangaáætlun | 30 |
| Samgönguáætlun 2015 | |
| Rannsóknir | 70 |
| Samgönguáætlun 2016 | |
| Rannsóknir | 80 |
| Álag á framkvæmdir | 10 |
| Fjárlög 2017 | |
| Rannsóknir | 70 |
| Fjárlög 2018 | 70 |
| Fært á önnur verk 2018 | -29 |
| Samgönguáætlun 2020 | 100 |
| **Samtals** | **401** |

***Verkframvinda:*** Aðallega hafa verið skoðaðar tvær jarðgangaleiðir sem opnast á mismunandi stöðum Héraðsmegin, það er við Miðhúsaá og Dalhús. Unnið var að hönnun



vegar að mögulegum munnastað í Seyðisfirði og á báðum ofannefndum stöðum á Héraði. Tillaga um munna Seyðisfjarðarmegin er í um 130 m hæð gegnt Gufufossi. Á Héraði er tillaga á báðum stöðum um munna í 130-140 m hæð og mælt með munna við Dalhús. Árið 2014 var einnig unnið að jarðfræðiathugunum og boruð 430 m djúp rannsóknarhola nærri miðri Fjarðarheiði, sem gagnast báðum jarðgangaleiðum. Ekki tókst að bora holuna eins djúpt og áætlað var en það minnkar gildi hennar ekki mikið.
Á árinu 2015 vann Jarðfræðistofan ehf. áfram að jarðfræðiathugunum á yfirborði og undirbúningi á rannsóknarborun ársins 2016. Gerð voru drög að áhættugreiningu fyrir 13,5 km jarðgöng af HOJ Consulting GmbH í Sviss. Skrifuð var yfirlitsskýrsla um mengun frá jarðgöngum með sérstöku tilliti til Fjarðarheiðarganga og verður hún að hluta grundvöllur mats á umhverfisáhrifum. Á árinu 2016 var unnið að rannsóknarborunum þar sem boraðar voru 5 kjarnaholur samtals um 1.300 m og 3 loftholur samtals um 300 m. Unnið að áframhaldandi jarðfræðirannsóknum ásamt frumhönnun vega utan jarðganga og brúar á Eyvindará. Á árinu 2017 var unnið að jarðfræðirannsóknum og úrvinnslu og veghönnun að gangamunnum.
***Verkframvinda 2018:*** Lokavinna við jarðfræðiskýrslu vegna jarðfræðirannsókna, mælingar og frumhönnun á vegtengingum, ráðgjafavinna vegna jarðgangaleiða til Seyðisfjarðar.
***Verkframvinda 2019:*** Áfram vinna vegna frumhönnunar á Fjarðarheiðargöngum og vega að þeim. Á haustdögum lá fyrir stefnumörkun og var þá hafin skipuleg vinna við að ganga frá forhönnun mannvirkja bæði vega og ganga.
Vegna vegamóta í Seyðisfirði var skoðuð lega ganga frá Mjóafirði til Seyðisfjarðar, „Seyðisfjarðarganga“. Ásamt fyrri hugmyndum um legu fyrirhugaðra ganga frá Norðfirði til Mjóafjarðar „Mjóafjarðarganga“.
***Verkframvinda 2020:*** Forhönnun á göngum og vegum lokið í ágúst.
Ákveðið var að munnasvæði jarðganga Héraðsmegin verði við Dalhús. Mat á umhverfisáhrifum er hafin og tillaga að matsáætlun var send Skipulagsstofnun í nóvember. Gerð var umferðartalning og greining um Egilsstaði vegna nýrra vega frá jarðgöngunum sem eru til skoðunar. Einnig var unnið umferðaröryggismat á vegtengingum.
***Verktaki:*** Rannsóknarborun 2014: Geotækni ehf., Selfossi. Rannsóknarborun 2016: Alvarr ehf., Reykjavík.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2014 | 64 |
| 2015 | 22 |
| 2016 | 87 |
| 2017 | 28 |
| 2018 | 10 |
| 2019 | 25 |
| 2020 | 106 |
| **Samtals** | **342** |

### 94 Borgarfjarðarvegur
**03 Eiðar – Steinsvað**
***Umfang verks:*** Undirbúningur og hönnun á endurbyggingu vegar á um 14,8 km með bundnu slitlagi m.v. að vegur uppfylli kröfur um umferðaröryggi og akstursþægindi.
***Framkvæmdaform:*** Samningar.
***Kostnaðaráætlun:*** 1.050 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Tímabundið fjárfestingarátak | |
| 2020 | 30 |
| **Samtals** | **30** |

***Verkframvinda 2020:*** Undirbúningur og hönnun vegar m.v. að bjóða út verkið vorið 2021.
***Verktaki:*** Verkfræðistofan Mannvit og Vegagerðin

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 20 |
| **Samtals** | **20** |

**94 Borgarfjarðarvegur**
**07 um Vatnsskarð**
***Umfang verks:*** Endurbætur vegar með bundnu slitlagi á 8,8 km kafla yfir Vatnsskarð.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 480 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Viðbótarfé 2018 | 120 |
| Samgönguáætlun 2019 | 360 |
| Samgönguáætlun 2020 | 220 |
| Leiðrétt millif. framtíðarverk 2020 | 3 |
| Millifært af styrkvegir 2020 | -220 |
| **Samtals** | **480** |

***Verkframvinda 2018:*** Undirbúningur og hönnun vegar vegna útboðs.
***Verkframvinda 2019:*** Lokið við undirbúning og hönnun vegna útboðs í júní. Vegur endurbyggður Njarðvíkurmegin með bundnu slitlagi á 2,4 km kafla, auk þess var lokið við efnisvinnslu í burðarlög og í klæðingu fyrir verkið. Eftir að ljúka gerð áningarstaðar í Vatnsskarði og frágangi á námu að hluta.
***Verkframvinda 2020:*** Lokið við endurbyggingu vegar með bundnu slitlagi á 6,4 km kafla upp brekkur Héraðsmegin og yfir Vatnsskarð. Sett upp vegrið á allan kaflann um Vatnsskarð á 7 svæðum, samtals um 2.950 m. Eftir að ljúka gerð áningarstaðar í Vatnsskarði, frágangi á námu að hluta og sáningu í vegsvæði.
***Verktaki:*** Héraðsverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2018 | 5 |
| 2019 | 191 |
| 2020 | 238 |
| **Samtals** | **434** |

**94 Borgarfjarðarvegur**
**08 um Njarðvíkurskriður**
***Umfang verks:*** Endurbygging vegar með bundnu slitlagi á 4,8 km kafla frá Ytri Hvannagilsá og í gegnum Njarðvíkurskriður.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 420 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Viðbótarfé 2018 | 100 |
| Samgönguáætlun 2019 | 100 |
| Millifært – Styrkvegir 2020 | 220 |
| **Samtals** | **420** |

***Verkframvinda 2018:*** Undirbúningur og hönnun verks fyrir útboð. Efnisvinnsla á burðarlagi og klæðingarefni. Byrjað á skeringu og fyllingum á kafla í Njarðvíkurskriðum.
***Verkframvinda 2019:*** Vegur endurbyggður með bundnu slitlagi frá Ytri Hvannagilsá og í gegnum Njarðvíkurskriður. Ólokið er uppsetning á öryggisendum við vegrið og lokafrágangi vegmerkinga.
***Verkframvinda 2020:*** Lokið við uppsetningu á vegriðum með öryggisendum og vegmerkingar.
***Verktaki:*** Myllan ehf. sá um efnisvinnslu og Héraðsverk ehf. um vegagerð.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2018 | 64 |
| 2019 | 363 |
| 2020 | -6 |
| **Samtals** | **421** |

**95 Skriðdals- og Breiðdalsvegur**
**04 Skriðuvatn – Axarvegur**
***Umfang verks:*** Nýr vegur með bundnu slitlagi á 6,1 km kafla um Skriðuvatn og inn undir Axarvegamót.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 536 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2012 | 1 |
| Samgönguáætlun 2013 | 3 |
| Fjárlög 2017 | 12 |
| Fjárlög 2018 | 480 |
| Samgönguáætlun 2019 | 0 |
| Samgönguáætlu 2020 | 0 |
| **Samtals** | **496** |

***Verkframvinda 2018:*** Unnið í skeringum og fyllingum á hluta vegarins ásamt efnisvinnslu á burðarlagi.
***Verkframvinda 2019:*** Lokið við gerð vegar með bundnu slitlagi á 6,1 km kafla um Skriðuvatn og inn undir Axarvegamót. Ólokið greiðslum land- og efnisbóta, ásamt minniháttar frágangi og sáningu á vegsvæði.
***Verkframvinda 2020:*** Greiddar land- og efnisbætur. Vinna við frágang og sáningu á vegsvæði.
***Verktaki:*** Héraðsverk ehf. sá um vegagerð og Myllan ehf. um efnisvinnslu.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2012 | 1 |
| 2013 | 3 |
| 2017 | 12 |
| 2018 | 165 |
| 2019 | 366 |
| 2020 | 21 |
| **Samtals** | **568** |

**95 Skriðdals- og Breiðdalsvegur**
**05 Breiðdalsá**
***Umfang verks:*** Lögð klæðing á 400 m vegtengingu að nýrri brú á Breiðdalsá, sem byggð var 2019.
***Framkvæmdaform:*** Samningar.
***Kostnaðaráætlun:*** 8 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samg.áætl. 2020<br>(Tengiv., bundið slitl.) | 9 |
| **Samtals** | **9** |

***Verkframvinda 2020:*** Vegur réttur af, sett burðarlag og lögð klæðing samtals á 400 m beggja megin Breiðdalsárbrúar.
***Verktaki:*** Vegagerðin sá um framkvæmdina.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2020 | 9 |
| **Samtals** | **9** |

↓ Barðastrandarvegur (62). Sólarupprás séð af Kleifaheiði.



## 917 Hlíðarvegur
### 06 Vindfell – Sunnudalsvegur
***Umfang verks:*** Styrking og endurbætur vegar með bundnu slitlagi á 3,3 km kafla um Öxl að Sunnudalsvegi.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 110 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 2 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 110 |
| **Samtals** | **112** |

***Verkframvinda 2020:*** Styrking og endurbótum vegar lokið. Áætlað að ljúka veginum með klæðingu sumarið 2021.
***Verktaki:*** Héraðsverk ehf.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 2 |
| 2020 | 62 |
| **Samtals** | **64** |

## 923 Jökuldalsvegur
### 01 Gilsá – Arnórsstaðir
***Umfang verks:*** Nýbygging vegar 3,2 km frá Gilsá að Arnórsstöðum og endurbygging vegar 1,2 km innan við Arnórsstaði, samtals 4,4 km.
***Framkvæmdaform:*** Útboð á verki áætlað vor 2021.
***Kostnaðaráætlun:*** 330 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri fjárveitingar | 3 |
| Samgönguáætlun 2020 | 280 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 50 |
| **Samtals** | **333** |

***Verkframvinda 2020:*** Unnið að rannsóknum á fornminjum auk undirbúnings og hönnun verks.
***Verktaki:*** Óráðið.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 3 |
| 2020 | 22 |
| **Samtals** | **25** |

## 931 Upphéraðsvegur
### 03 Teigaból – Bolalækur
***Umfang verks:*** Endurbygging vegar með bundnu slitlagi á 3,1 km kafla frá Teigabóli að Bolalæk. Beygjur og blindhæð lagfærð og mesti bratti vegar minnkaður. Gerð hálfbogaræsis yfir Hrafngerðisá í stað einbreiðrar brúar.
***Framkvæmdaform:*** Útboð.
***Kostnaðaráætlun:*** 138 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjárlög 2017 | 3 |
| Fjárlög 2018 | |
| Tengivegir | 45 |
| Samgönguáætlun 2019 | |
| Tengivegir | 58 |
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 20 |
| **Samtals** | **126** |

***Verkframvinda 2018:*** Unnið var að hönnun og undirbúningi og verkið boðið út. Ræsi yfir Hrafngerðisá var byggt og unnið að vegtengingum að því.
***Verkframvinda 2019:*** Lokið við endurbyggingu vegar með bundnu slitlagi á 3,1 km kafla frá Teigabóli að Bolalæk ásamt gerð hálfbogaplöturæsis yfir Hrafngerðisá í stað einbreiðrar brúar. Ólokið greiðslum land- og efnisbóta að hluta, ásamt minniháttar frágangi á vegsvæði.
***Verkframvinda 2020:*** Kostnaður vegna vinnu við eignarnám og landbætur að hluta.
***Verktaki:*** Ylur ehf., Egilsstöðum.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| 2017 | 3 |
| 2018 | 44 |
| 2019 | 74 |
| 2020 | 4 |
| **Samtals** | **125** |





Frá byggingu brúar yfir Steinavötn.

## 964 Breiðdalsvegur
### 02 um Ós
***Umfang verks:*** Vegur styrktur og endurbættur með bundnu slitlagi á um 1 km kafla um bæinn Ós að vegamótum Hringvegar.
***Framkvæmdaform:*** Samningar.
***Kostnaðaráætlun:*** 20 m.kr.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | |
| Tengivegir | 20 |
| **Samtals** | **20** |

***Verkframvinda 2020:*** Vegur styrktur, endurbættur og lögð klæðing á 0,95 km.
***Verktaki:*** Framkvæmd í umsjá Vegagerðarinnar.

| Kostnaður | m.kr. |
|---|---|
| Fyrri ár | 2 |
| 2020 | 25 |
| **Samtals** | **27** |

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Austursvæði**
Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Austursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í samgönguáætlun.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Fjármögnun fyrir 2020 | 237 |
| Samgönguáætlun 2020 | 83 |
| **Samtals** | **320** |

| Verkefni Ár: | 2005 | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | Sam–tals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kostnaður í m.kr. | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Hringvegur 1-t3 um Lagarfljót | 0 | 1 | 1 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 6 |
| Hringvegur 1-t5 , Seyðisfjarðarvegur – Mjóafjarðarvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 3 |
| Hringvegur 1-t7 um Egilsstaði | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Hringvegur 1-t7, Skriðdalsvegur – Axarvegur | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 | 1 | 3 | 0 | 0 | 0 | 12 | 0 | 0 | 0 | 19 |
| Hringvegur 1-u6, Urðarteigsvegur – Djúpavogsv. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Hringvegur 1-v2 um Krossá á Berufjarðarströnd | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hringvegur 1-v3 um Lónssveit | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 9 |
| Hringvegur 1-x0 um Selá í Álftafirði | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hringvegur 1-x2 um Hvaldalsá | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hringvegur 1-x3, Össurá – Brekkuvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 6 | 0 | 0 | 7 |
| Hringvegur 1-x4 um Jökulsá | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 2 | 1 | 3 | 8 |
| Hringvegur 1-x6, Kvíá – Mýri (bær) | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hringvegur 1-x7, Mýri (bær) – Kotá | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Hringvegur 1-x8 til x9 um Öræfi | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 |
| Hringvegur 1-y3 um Jökulárslón á Breiðamerkursandi | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 39 | 39 |
| Norðausturvegur 85-33, Miðfjarðará – Hafnarvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 |
| Norðfjarðarvegur 92-04, Neðstabrú – Suðurfjarðavegur | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 |
| Borgarfjarðarvegur 94-03, Eiðar – Steinsvaðsvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 7 |
| Borgarfjarðarvegur 94-08, Njarðvík – Borgarfjörður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Suðurfjarðavegur 96-02, Norðfjarðarvegur – Þórdalsheiðarvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 5 |
| Suðurfjarðavegur 96-07, Vattarnesvegur – Vík | 0 | 0 | 1 | 0 | 2 | 2 | 2 | 0 | 1 | 0 | 0 | 6 | 9 | 9 | 5 | 9 | 46 |
| Djúpavogsvegur 98-01, Hringvegur – Borgarland | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 2 |

| Verkefni Ár: | 2005 | '06 | '07 | '08 | '09 | '10 | '11 | '12 | '13 | '14 | '15 | '16 | '17 | '18 | '19 | '20 | Sam–tals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Kostnaður í m.kr. | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Austurleið 910-09, Aðalból – Snæfellsleið | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 4 | 2 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 16 |
| Hlíðarvegur 917-01, Hringvegur – Hallgeirsstaðavegur | 0 | 0 | 0 | 1 | 2 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4 |
| Hlíðarvegur 917-06, Vindfell – Sunnudalsvegur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 3 |
| Jökuldalsvegur 923-01, Hringvegur – Hákonarstaðir | 0 | 0 | 0 | 1 | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 8 |
| Upphéraðsvegur 931-03, Skeggjastaðir – Brekkugerðisv. | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 6 | 9 |
| Axarvegur 939-01, Hringvegur – Ódáðavatnsvegur | 0 | 2 | 2 | 20 | 32 | 15 | 8 | 4 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 24 | 110 |
| Helgustaðavegur 954-02, Mjóeyri – Stóra Breiðavík | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 1 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 |
| **Samtals** | **0** | **4** | **5** | **25** | **53** | **31** | **25** | **9** | **11** | **0** | **2** | **10** | **28** | **17** | **17** | **83** | **320** |

## Hjóla- og göngustígar

(**Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði**)
***Umfang verks:*** Gerð hjóla- og göngustíga samkvæmt sérstöku samkomulagi við sveitarfélög um þátttöku Vegagerðarinnar í kostnaði. Hér er um að ræða verkefni sem eru utan þess svæðis sem samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins nær til.
***Framkvæmdaform:*** Útboð á vegum sveitarfélaga.

| Fjármögnun | m.kr. |
|---|---|
| Samgönguáætlun 2020 | 265 |
| **Samtals** | **265** |

***Verkframvinda 2020:*** Í Suðurnesjabæ var lagður hjóla- og göngustígur meðfram Garðskagavegi milli Garðs og Sandgerðis. Í Árborg var gerður stígur meðfram Eyrarbakkavegi við Tjarnarbyggð. Í Hvalfjarðarsveit var gerður stígur meðfram Hlíðarbæjarvegi frá Hvalfjarðarvegi að Hlíðarbæjarhverfi. Í Skagafirði var veittur styrkur vegna stígs og brúar við Héraðsvötn. Í Dalvíkurbyggð var gerður stígur meðfram Ólafsfjarðarvegi við Dalvík. Á Akureyri var unnið að stígagerð við Krókeyri, Sjafnargötu og einnig var veittur styrkur vegna nýrrar brúar á Eyjafjarðará. Brúin, sem fékk heitið Vesturbrú er ætluð hestamönnum, hjólreiðamönnum, hlaupurum og gangandi vegfarendum. Í Skútustaðahreppi var unnið við stíg meðfram Mývatnssveitarvegi milli Reykjahlíðar og Dimmuborga.

| Kostnaður 2020 | m.kr. |
|---|---|
| Sameiginlegur kostnaður | 3 |
| Árborg | 18 |
| Suðurnesjabær | 76 |
| Hvalfjarðarsveit | 11 |
| Skagafjörður | 8 |
| Dalvíkurbyggð | 22 |
| Akureyrarbær | 51 |
| Skútustaðahreppur | 41 |
| **Samtals** | **230** |

# Fylgiskjal 3 Greinargerð um framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2020

## Hafnarframkvæmdir

Í þessari skýrslu er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2020 á hverjum stað fyrir sig. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar og greint frá verkum sem unnin hafa verið í höfnum án ríkisstyrkja.

Í töflu koma fram þeir fjármunir sem varið var til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir á árinu 2019. Til samanburðar eru tölur fyrra árs:

| | 2019 m.kr. | 2020 m.kr. |
|---|---|---|
| Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir | 1.935,5 | 3.034,8 |
| þar af Landeyjahöfn | 517,6 | 460,8 |
| **Samtals** | **2.453,1** | **3.495,6** |

## Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir.

**Snæfellsbær.**

***Arnarstapi:***

Hagtak hf. lauk vinnu í febrúar við dýpkun í smábátahöfninni á Arnarstapa.

Framkvæmdakostnaður: 34,4 m.kr.

***Ólafsvík:***

Grjótverk ehf. hélt áfram vinnu við lengingu á brimavarnargarði. Verkið felst í að lengja brimvarnargarð um 80 m. Flokkað grjót og kjarni í verkið er um 38.500 m³. Um áramótin var garðurinn kominn í fulla lengd og endi brimvarnar full frágenginn en eftir átti að grjótverja hliðar garðsins. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki á fyrrihluta 2021.

Framkvæmdakostnaður: 177,5 m.kr.

Að loknu útboði var samið við G. Arason ehf. um að útvega stálþilsplötur og festiefni fyrir endurnýjun á stálþili Norðurtangabryggju. Til að ná sem hagstæðasta verði var verkið boðið út með útvegun á stálþilsefni fyrir Ísafjarðarhöfn og Djúpavogshöfn.

Framkvæmdakostnaður: 66,3 m.kr.

Boðin var út samhliða, dýpkun í Ólafsfjarðarhöfn og dýpkun í Rifshafnarhöfn. Eitt tilboð barst í verkið frá Björgun ehf. upp á kr. 333.915.850,- sem var 122,8% yfir kostnaðaráætlun. Tilboðinu var hafnað. Eftir samningaviðræður náðust samningar við Björgun um lægra einingaverð og miðað við að öllu efni sé dælt. Uppfært tilboð er kr. 173.198.165,-.

Í Ólafsvík felst verkið í dýpkun í -6,5 m á innsiglingu en innan hafnar í -5,0 m samtals um 50.542 m³. Efni úr dýpkuninni var notað til að undirbyggja lengingu á brimvarnargarði. Á Rifi felst verkið í dýpkun í kóta milli -6,8 til -7,0 m á innsiglingu og innan hafnar, samtals um 104.293 m³. Verkið er langt komið á Ólafsvík en ekki hafið á Rifshöfn.

Framkvæmdakostnaður: 43,2 m.kr.



***Rif:***

Dýpkun innan hafnar, boðið út samhliða dýpkun í Ólafsvíkurhöfn, sjá kafla um Ólafsvíkurhöfn.

Framkvæmdakostnaður: 3,2 m.kr.

***Grundarfjörður:***

Boðin var út lenging Norðurgarðs. Verkið felst í að lengja Norðurgarð um 95 m, efni í garðinn er fengið úr námu á Lambakróarholti, alls 15.000 m³ af kjarna og grjóti. Reka á 122 stálþilsplötur og steypa 183 m langan kantbita með pollum, stigum og þybbum. Fimm tilboð bárust í verkið, samið var við lægstbjóðanda Borgarverk ehf. sem bauð 247.590.000,- sem var 1% yfir kostnaðaráætlun. Stálþilsplötur í verkið voru keyptar af G. Arasyni ehf. að loknu útboði. Verkið var hannað hjá Vegagerðinni en útboðsgögn unnin hjá Eflu ehf. Verktaki hóf vinnu við verkið í október. Verkinu er ekki lokið.

Framkvæmdakostnaður: 265,6 m.kr.

↓

Tenging hafskipakants við stórskipakant í höfninni við Bíldudal.





←
Unnið að lengingu Norðurgarðs við Ólafsvík.

**Reykhólar:**

Að lokinni verðkönnun var samið við Hagtak hf. um viðhaldsdýpkun á innsiglingarrennu að Reykhólahöfn og við hafnarbakkann. Dýpkunarsvæðin voru samtals um 7.500 m².

Ekki var talið að þessi dýpkun væri nægjanleg fyrir starfsemi hafnarinnar og var sótt um aukastyrk sem fékkst og var í framhaldi aukið við verkið, smábátahöfn dýpkuð ásamt svæðum innan hafnar og yst í innsiglingarrennunni. Viðbótar dýpkunin var 10.290 m². Alls var 17.790 m² svæði dýpkað.

Framkvæmdakostnaður: 79,6 m.kr.

Innsiglingarmerki að höfninni voru bætt. Yst í rennunni var rekinn staur sem markar útenda innsiglingarrennu. Á staurinn var komið fyrir innsiglingarljósi sem gengur fyrir sólarrafhlöðu. Í landi var settur upp stefnuviti (PEL). Ekki náðist að klára verkið fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 10,6 m.kr.

**Vesturbyggð:**

***Bíldudalur:***

Tenging stórskipakants og endurbygging Hafskipabryggju. Hagtak hf. hélt áfram vinnu við endurbyggingu og lengingu Hafskipabryggju. Ekki tókst að ljúka verkinu fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður endurbygging Hafskipabryggju: 87,6 m.kr.
Framkvæmdakostnaður tengingar stórskipakants: 74,3 m.kr.

Landfylling austan hafnar. Boðin var út vinna við grjótgarð og útrás í Bíldudalshöfn. Verkið felst í byggingu á sjóvarnargarði utan um fyrirhugaða landfyllingu norðan við höfnina og lagningu á 180 m langri skolplögn. Þrjú tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Allt í járnum ehf. sem bauð 110.390.700,-kr í verkið sem er 5% yfir kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið var hannað af Vegagerðinni og verkfræðistofunni Verkís. Verktaki hóf vinnu við verkið í desember, reiknað er með verkinu ljúki á fyrri helmingi næsta árs.

Framkvæmdakostnaður: 32,2 m.kr.



**Tálknafjörður:**

Hafnarvogin var endurbyggð á Tálknafirði þar sem sú eldri var ónýt.

Framkvæmdakostnaður: 1,8 m.kr.

**Bolungarvík:**

Boðin var út vinna við lagningu lagna í jörðu og að steypa 1.976 m² þekju á Brjótnum. Aðeins eitt tilboð barst í verkið. Geirnaglinn ehf. bauð 57.346.300,- kr. sem var 88% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið var hannað hjá Vegagerðinni, teikningar og útboðslýsing unnin hjá Tækniþjónustu Vestfjarða. Verktaki hóf vinnu við verkið í ágúst og var því að fullu lokið í nóvember.

Framkvæmdakostnaður: 91,8 m.kr.

**Ísafjarðarbær:**

***Ísafjörður:***

Boðin var út vinna við byggingu á fyrirstöðugarði aftan við fyrirhugaða stálþilslínu við Sundabakka. Verkið felst í flutningi 11.200 m³ af grjóti úr námu að garði og röðun í garð. Einnig upptekt og endurröðun á 10.200 m³ úr eldri grjótvörn. Átta tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Tígur ehf. sem bauð 38.021.770,- kr. sem var 87% af kostnaðaráætlun hönnuða.

Verk er ekki hafið.

Að loknu efnisútboði var samið við G. Arason ehf. um útvegun á stálþilsplötum og festiefni fyrir lengingu á Sundabakka. Til að ná sem hagstæðasta verði var verkið boðið út með útvegun á stálþilsefni fyrir Ólafsvík og Djúpavogshöfn.

Framkvæmdakostnaður: 203,7 m. kr.

***Suðureyri:***

Ísar ehf. lauk vinnu við endurbyggingu Vesturkants. Verkið felst í rekstri á 36 stálþilsplötum, að steypa 54 m langan kantbita með pollum, stigum og þybbum.

Boðin var út vinna við lagningu lagna í jörðu og að steypa 825 m² þekju á Vesturkanti. Aðeins eitt tilboð barst í verkið. Geirnaglinn ehf. bauð 37.464.950,- kr. sem var 19% yfir kostnaðaráætlun. Verkið var hannað hjá Vegagerðinni og Tækniþjónustu Vestfjarða. Verktaki hóf vinnu við verkið í ágúst og var því að fullu lokið í október.

Framkvæmdakostnaður: 115,3 m.kr.

**Súðavík:**

***Súðavík:***

Boðin var út vinna við dýpkun við Norðurgarð. Tvö tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Björgun ehf. sem bauð 16.891.000,- kr. í verkið sem var 98% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið felst í dýpkun við Norðurgarð niður í -6,5 metra.

Heildarflatarmál dýpkunarsvæðisins er um 2.750 m² og rúmmál dýpkunarefnis er um 3.700 m³. Björgun hóf vinnu við verkið með dæluskipi en varð frá að hverfa þar sem of mikið grjót var í dýpkunarefninu. Til að höfnin nýttist sem neyðarhöfn síðastliðinn vetur var Ísar ehf. fengið til að grafa frá landi við bryggjukantinn. Björgun mun koma aftur á næsta ári með gröfupramma og klára verkið.

Framkvæmdakostnaður: 1,4 m.kr.

Unnið var við jarðtæknirannsóknir við nýja stálþilsbryggju við Langeyri í Álftafirði þar sem kalkþörungaverksmiðja á að rísa.

Framkvæmdakostnaður: 8,8 m.kr.

**Hólmavík:**

Boðin var út vinna við endurnýjun á stálþili Hafskipabryggju (stálþilsbryggju). Verkið felst í rekstri á 41 stálþilsplötum, steypa 51 m langan kantbita með pollum, stigum og þybbum, einnig á að fylla innan við þilið með 1.300 m³ af kjarna. Fjögur tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda Ísar ehf. sem bauð 50.662.700 kr. sem var 21% yfir kostnaðaráætlun. Stálþilsplötur í verkið voru keyptar af G. Arasyni ehf. að loknu útboði. Verkið var hannað og útboðsgögn unnin hjá Vegagerðinni. Verktaki hóf vinnu við verkið í júní og var því að fullu lokið í ágúst.

Boðin var út vinna við lagningu lagna í jörðu og að steypa 813 m² þekju á Hafskipabryggju. Þrjú tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Stálborg ehf. sem bauð 24.974.500 kr. sem var 89% af kostnaðaráætlun. Verkið var hannað hjá Vegagerðinni. Verk er ekki hafið.

Framkvæmdakostnaður: 59,4 m.kr.

**Hvammstangi:**

Timbur flotbryggja var endurbyggð.

Framkvæmdakostnaður: 2,0 m.kr.

**Skagaströnd:**

Lokauppgjör vegna dýpkunar í smábátahöfn fór fram á árinu.

Framkvæmdakostnaður: 6,7 m.kr.

**Skagafjörður:**

***Sauðárkrókur:***

Hafnaskipulag og öldurannsóknir.
Vinna hófst við hafnaskipulag að nýrri ytri höfn og öldufarsrannsóknir á henni ásamt rannsóknum á áhrifum upptektar þvergarðs á Norðurgarði og lengingu á honum um 20 m.

Framkvæmdakostnaður: 7,1 m.kr.

***Hofsós:***

Boðin var út vinna við byggingu á brimvarnargarði við Norðurgarð. Verkið felst í að vinna grjót og kjarna í námu og flytja og raða í brimvörn, samtals um 3.400 m³. Tvö tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Víðimelsbræður ehf. sem buðu 23.499.000,- kr. í verkið sem er 88% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið var hannað af Vegagerðinni. Verk ekki hafið.

Framkvæmdakostnaður: 1,9 m.kr.

**Fjallabyggð:**

***Ólafsfjörður:***

Lagfærðing sandfangara. Sandfangarinn á Ólafsfirði skemmdist eftir aftakavetur 2019-2020. Undirbúningur á verkinu fór af stað en verkefni ekki hafið.

Framkvæmdakostnaður: 0,5 m.kr.



**Dalvíkurbyggð:**

***Dalvík:***

Raftákn lauk vinnu við raforkuvirki Austurgarðs.

Framkvæmdakostnaður: 6,6 m.kr.

Boðin voru út saman dýpkun á Dalvík og Akureyri. Tvö tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda Björgun ehf. Tilboðsupphæðin fyrir Dalvík var 17.525.760,- kr. sem var 88% af kostnaðaráætlun. Verkið felst í dýpkun framan við nýja stálþilið á Austurgarði. Dýpkunarsvæðið var 8.816 m² og dýpkað var í -8,0 m. Í verkinu kom í ljós að hluti af dýpkunarsvæðinu var fastur botn sem þurfti að rippa og því fylgdi töluverður aukakostnaður. Björgun ehf. hóf vinnu við dýpkun í júní og lauk verki í júlí.

Framkvæmdakostnaður: 42,6 m.kr.

**Hafnasamlag Norðurlands:**

***Akureyri:***

Unnið var við hönnun á endurbyggingu Torfunefsbryggju á Akureyri. Verkefnið sett á ís á meðan Covid ástandið varir.

Framkvæmdakostnaður: 2,5 m.kr.

***Hrísey:***

Grjótvörn við hafskipakant var lengd um 20 m við Hríseyjarhöfn. Núverandi stálþilskantur var orðinn götóttur að utanverðu og viðlegukanturinn ekki notaður í dag. Ákveðið var að lengja grjótvörnina framan á hafskipakantinn um 20 m til þess að verja frekari úrskolun efnis úr stálþilinu. Samið var um Skútaberg ehf. um grjótröðunina og upptekt af hluta þekju aftan við grjótvörnina.

Framkvæmdakostnaður: 11,0 m.kr.

Að lokinni verðkönnun var samið við Skútaberg ehf. um viðgerð á hafskipakanti í Hríseyjarhöfn.

Eftir óveðrin desember 2019 varð tjón á þekju Hafskipabryggju þegar aldan braut á nýja grjótgarðinum sem lengdur var árið áður. Nauðsynlegt var að lengja grjótvörnina út að enda stálþilsins að framanverðu til þess að hindra ágjöf yfir hafnarkantinn líkt og gerðist oft veturinn 2019-2020. Verkið felst í að lengja grjótgarðinn um 17 m og hækka núverandi garð um 0,85 m. Einnig á að lagfæra þekju bryggjunnar. Tilboð verktaka er upp á 18.662.90,-kr. Verk er ekki hafið.

Viðhaldsdýpkun. Samið var við Björgun ehf. um að dýpka höfnina í Hrísey við viðlegustæði Hríseyjarferjunnar Sævars.

Framkvæmdakostnaður: 17,2 m.kr.

***Hrísey, Hjalteyri og Svalbarðseyri:***

Settar voru niður þrjár 20 m flotbryggjur í Hrísey, á Hjalteyri og Svalbarðseyri. Gengið var til samninga við Króla ehf. sem útvegaði flotbryggjurnar.

Framkvæmdakostnaður: 89,0 m.kr.

**Norðurþing:**

***Húsavík:***

Að lokinni verðkönnun var samið við Trésmiðjuna Rein ehf. um viðgerð á steyptri þekju Bökugarðs. Þrír verktakar gáfu verð í verkið, tilboð Trésmiðjunnar Rein var 21.267.992,-kr. og var það 86% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verk er ekki hafið.

Framkvæmdakostnaður: 0,6 m.kr.



Stórstreymi í höfninni á Húsavík í febrúar 2020.

**Langanesbyggð.**

***Þórshöfn:***

Boðin var út vinna við dýpkun innan hafnar í –9,0 m , fast og laust efni, einnig viðhaldsdýpkun á innsiglingunni. Tvö tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Björgun ehf. sem bauð 170.414.044,-kr. í verkið sem var 70% af kostnaðaráætlun hönnuða. Tveimur svæðum bætt við verkið, þau eru dýpkun í smábátahöfn og við endann á Hafskipabryggjunni. Bæði verkin snúa að viðhaldsdýpkun á lausu efni. Að beiðni stærsta notanda hafnarinnar var dýpkun á snúningssvæði sleppt og fjármunir notaðir í að dýpka innsiglingarrennu í -9,5 m. Björgun hóf vinnu við verkið í júlí, verki var ekki lokið um áramótin.

Framkvæmdakostnaður: 174,2 m.kr.

***Bakkafjörður:***

Boðin var út vinna við styrkingu á brimvarnargarði sem umlykur smábátahöfnina. Verkið felst í að vinna grjót í námu á Kolbeinstanga Vopnafirði og flytja að garðstæði og raða í brimvörnina. Samtals um 3.000 m³ af gjóti. Fjögur tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Ístrukk ehf. sem bauð 40.430.469,-kr. í verkið sem var 6% yfir kostnaðaráætlun hönnuða. Verk var ekki hafið um áramótin.

Framkvæmdakostnaður: 10,2 m.kr.

**Vopnafjörður:**

Bauja v/tjóns, framkvæmdakostnaður: 4,1 m.kr.



**Djúpivogur:**

Að loknu útboði var samið við G. Arason ehf. um að útvega stálþilsplötur og festiefni fyrir endurnýjun á stálþili löndunar- og hafskipabryggju. Til að ná sem hagstæðasta verði var verkið boðið út með útvegun á stálþilsefni fyrir Ísafjarðarhöfn og Ólafsvík.

Framkvæmdakostnaður: 72,0 m.kr.

**Höfn í Hornafirði:**

Trölli ehf. vann við dælingu í Hornafjarðarhöfn í sumar. Dýpkaðir voru um 50.000 m³. Greiðsla fyrir dýpkunina skiptist niður á tvö ár, 2020 og 2021. Samningur um dýpkun hafnarinnar sem gerður var árið 2015 við Trölla ehf. er útrunninn. Verkið verður boðið út að nýju fyrir dýpkun hafnarinnar 2022.

Framkvæmdakostnaður: 74,2 m.kr.

Boðin var út vinna við byggingu á garði úr grjóti og sprengdum kjarna milli Einholtskletta og Suðurfjöru. Efni í garðinn var fengið úr grjótnámu við Skinney. Einnig var tekið efni úr núverandi sjóvarnargarði á Suðurfjöru. Tvö tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda J.G. vélar ehf. sem bauð 178.639.850,-kr. í verkið sem var 89% af kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið var hannað hjá Vegagerðinni. Verktaki hóf verkið í maí og lauk því fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 209,7 m.kr.

Höfnin á Djúpavogi en unnið er að endurbyggingu stálþils.



**Landeyjahöfn:**

Björgun vann við viðhaldsdýpkun Landeyjahafnar á árinu eftir samningi sem gerður var við þá árið 2019 og gildir í þrjú ár. Verkinu er skipt í vor- og haustdýpkun fyrir hvert ár. Vordýpkun hefst 1. mars og haustdýpkun hefst 15. september. Einnig var samið við danska verktakann Rohde Nielsen að sinna dýpkun frá 15. febrúar til 31. mars 2020.

Dýpkunarskipið Dísa vann við höfnina frá 1. janúar til 15. febrúar 2020, fjarlægðir voru um 42.000 m³.

Dýpkunarskipið TRUD vann við höfnina frá 15. febrúar til 31. mars 2020. Fjarlægðir voru um 89.000 m³. Dísa vann aftur við höfnina frá 1. apríl fram í miðjan maí og fjarlægði um 64.000 m³. Ekkert var dýpkað í höfninni frá miðjum maí fram í miðjan september. Dísa dýpkaði um 129.000 m³ frá miðjum september til loka desember. Samtals voru því dýpkaðir um 324.000 m³ í Landeyjahöfn árið 2020.

Höfnin var opin allt árið og er það í fyrsta skipti frá opnun hafnarinnar sem hún hefur haldist opin vegna dýpis samfellt í ár. Minni sandur var á ferðinni framan við hafnarmynnið en hefur verið frá opnun hafnarinnar. Talið er að áhrif eldgossins í Eyjafjallajökli séu að fjara út. Við eldgosið barst mikið af ösku, leir og sandi til sjávar með Markarfljóti og myndaði keilu allt að 600 m fram í sjó framan við ósinn og úr henni barst efni að hafnarmynninu. Frá upphafi hafa verið fjarlægðir um 4.500.000 m³ af dýpkunarefni úr höfninni og framan við hana.

Framkvæmdakostnaður: 374,3 m.kr.

Ístak ehf. lauk vinnu við verkið „Endurbætur Landeyjahafnar" árið 2019. Byggingu á innsiglingartunnum á garðsendum brimvarnargarða var felld úr samningi Ístaks vegna mótmæla frá skipstjórum Herjólfs sem töldu að innsiglingin yrði hættulega mjó. Endanlegt uppgjör við Ístak ehf. hefur ekki farið fram.

Framkvæmdakostnaður: 74,5 m.kr.

↓
Sandfangari á landi austan við Landeyjahöfn sem settur var upp fyrir fáum árum.





Vegna byggingarlags nýja Herjólfs varð að setja upp skjaldafendera fyrir skipið á þeim bryggjum sem ferjan leggst að. Óskað var eftir tilboðum í framleiðslu á fenderum fyrir Landeyjahöfn, Vestmannaeyjahöfn og Þorlákshöfn frá tveimur leiðandi framleiðendum á Evrópska efnahagssvæðinu. Samið var við lægstbjóðanda Shibata fender teams um framleiðslu á fenderunum. Heildarkostnaður á smíði fenderanna fyrir allar hafnirnar var 345.000,- eur cif Reykjavík. Uppsetning á fenderunum var boðin út en engin tilboð bárust í verkið. Verk er ekki hafið.

Framkvæmdakostnaður: 0 m.kr.

Landgræðsla ríkisins vann eins og fyrri ár að landgræðslu við Landeyjahöfn. Í ár var borinn tilbúinn áburður á þau svæði sem útsettust eru fyrir sandfoki.

Framkvæmdakostnaður: 2,2 m.kr.

Unnið var við almennar rannsóknir í Landeyjahöfn og unnið að undirbúningi að óháðri úttekt hafnarinnar.

Framkvæmdakostnaður: 9,8 m.kr.

**Vestmannaeyjar:**

Boðin var út vinna við endurnýjun á stálþili skipalyftukants. Verkið felst í rekstri á 69 stálþilsplötum, að steypa 111 m langan kantbita með pollum, stigum og þybbum, einnig á að fylla innan við þilið. Þrjú tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda Ísar ehf. sem bauð 98.646.000,-kr. sem var 85% af kostnaðaráætlun. Stálþilsplötur í verkið voru keyptar af G. Arasyni ehf. að loknu útboði. Verkið var hannað og útboðsgögn unnin hjá Portum verkfræðistofu. Verktaki hóf vinnu við verkið í júlí og var því lokið fyrir áramót.

Framkvæmdakostnaður: 113 m.kr.

Vegna byggingarlags nýja Herjólfs varð að setja upp skjaldafendera fyrir skipið á þeim bryggjum sem ferjan leggst að. Óskað var eftir tilboðum í framleiðslu á fenderum fyrir Landeyjahöfn, Vestmannaeyjahöfn og Þorlákshöfn hjá tveimur leiðandi framleiðendum á Evrópska efnahagssvæðinu. Samið var við lægstbjóðanda Shibata fender teams um framleiðslu á fenderunum. Heildarkostnaður á smíði fenderanna var 345.000,- eur cif Reykjavík. Steypa þurfti undirstöður fyrir fendera í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn. Að lokinni verðkönnun var samið við Einingaverksmiðjuna ehf. um verkið, tilboð þeirra var upp á 17.977.860,- kr. alls fyrir báðar hafnirnar. Uppsetning á fenderunum var boðin út en engin tilboð bárust í verkið. Samið var við Bryggjuverk ehf. um uppsetningu og frágang á fenderunum fyrir 12.819.600,-kr. Þegar unnið var að uppsetningu á fenderum komu í ljós miklar tæringaskemmdir á stálþilinu sem gera þurfti við. Verkinu er að fullu lokið.

Framkvæmdakostnaður: 59,5 m.kr.

**Þorlákshöfn:**

Vegagerðin og Verkfræðistofan Portum vann að hönnun og gerð útboðsgagna fyrir endurnýjun á stálþili Svartaskersbryggju og Suðurvararbryggju.

Framkvæmdakostnaður: 6,4 m.kr.

Vegna byggingarlags nýja Herjólfs varð að setja upp skjaldafendera fyrir skipið á þeim bryggjum sem ferjan leggst að. Óskað var eftir tilboðum í framleiðslu á fenderum fyrir Landeyjahöfn, Vestmannaeyjahöfn og Þorlákshöfn hjá tveimur leiðandi framleiðendum á Evrópska efnahagssvæðinu. Samið var við lægstbjóðanda Shibata fender teams um framleiðslu á fenderunum. Heildarkostnaður á smíði fenderanna var 345.000,- eur cif Reykjavík. Steypa þurfti undirstöður fyrir fendera í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn. Að lokinni verðkönnun var samið við Einingaverksmiðjuna ehf. um verkið, tilboð þeirra var upp á 17.977.860,- kr. alls fyrir báðar hafnirnar. Samið var við Köfunarþjónustu Sigurðar ehf. um uppsetningu og frágang á fenderunum fyrir 12.819.600,-kr. Verkinu er að fullu lokið.

Framkvæmdakostnaður: 48 m.kr.

Boðinn var út til kaupa hafnsögubátur með 30 tonna togkraft. Báturinn var boðinn út í gegnum Ríkiskaup. Öllum tilboðum í bátinn var hafnað þar sem tilboð voru of há. Faxaflóahafnir voru með hafnsögubát til sölu sem uppfyllti allar kröfur hafnsögubáts í Þorlákshöfn. Þorlákshöfn bauð í bátinn og var hæstbjóðandi.

Framkvæmdakostnaður: 220,5 m.kr.

**Sandgerði:**

Boðin var út vinna á dýpkun við löndunarkrana á Norðurgarði. Heildarflatarmál dýpkunarsvæðis var 820 m² og rúmmál dýpkunarefnis um 1.000 m³. Fjarlægja þurfti fast og laust efni. Tvö tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda Ellert Skúlason ehf. sem bauð 10.840.000,- kr. í verkið sem var 87% yfir kostnaðaráætlun hönnuða. Verktaki hóf vinnu í lok ágúst og lauk verkinu í lok október.

Framkvæmdakostnaður: 19,8 m.kr.

Uppgjör vegna endurbyggingar Suðurbryggju var lokið.

Framkvæmdakostnaður: 12,5 m.kr.

Sandgerðishöfn réðst í endurnýjun á hafnarvog í höfninni. Verkefnið var styrkt af ríkinu í gegnum hafnarbótasjóð en var ekki inn á samþykktri samgönguáætlun.

Framkvæmdakostnaður: 11,9 m.kr.






↑ Höfnin í Sandgerði. Dýpkun hafnar við löndunarbryggju.

**Reykjaneshafnir:**

***Keflavík og Njarðvík:*** Viðgerð á brimvarnargörðum vegna tjóns.

Eftir óveðrið í febrúar 2020 varð tjón á bermugarði í smábátahöfninni í Grófinni í Keflavík og einnig á aðal hafnargarðinum í Njarðvíkurhöfn.

Samið var við Verkfræðistofu Suðurnesja um undirbúning verksins og gerð útboðsgagna. Verkefnið ekki hafið.

Framkvæmdakostnaður: 3,3 m.kr.

***Helguvík:*** Lenging stálþils um 60 m.

Undirbúningur að efniskaupum fyrir stálþil í Helguvík hófst. Reykjaneshafnir báðu um að fjárveiting yrði færð í önnur verkefni tengd uppbyggingu í Njarðvíkurhöfn. Verkefni því tekið af áætlun.

Framkvæmdakostnaður: 1,6 m.kr.



↑

Ferjubryggjan í Flatey á Breiðafirði séð úr lofti. Mynd: Sigurður Stefánsson

## Ferjubryggjur

***Flatey:***

Boðin var út vinna við styrkingu ferjubryggju. Tvö tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Bryggjuverk ehf. sem bauð 46.060.000,- kr. sem var 20% yfir kostnaðaráætlun hönnuða. Verkið fólst í að reka 9 harðviðarstaura, koma fyrir burðarbitum og endurnýja klæðningu á bryggjunni. Einnig var steyptur 30 m sjóvarnarveggur. Verkefnið var hannað hjá Vegagerðinni.

Verkinu er að fullu lokið.

Framkvæmdakostnaður: 58,4 m.kr. hlutdeild ríkisins: 37,3 m.kr.

## Sjóvarnargarðar

***Akranes Breiðin:***

Unnið var við 180 m sjóvörn á Breiðinni á Akranesi. Verkið var boðið út í september 2019. Samið var við lægstbjóðanda, Þrótt ehf. sem vann verkið. Verkinu lauk í mars 2020.

***Snæfellsbær:***

Gerð var verðkönnun fyrir tvær 60 m sjóvarnir við Gufuskála í september 2020. Tvö tilboð bárust og var báðum tilboðum hafnað. Verkið verður boðið út aftur vorið 2021. Samið var við B. Vigfússon ehf. um lengingu sjóvarnar við Marbakka. Vinna við verkið hófst í desember 2020 og lauk snemma árs 2021.

***Búðardalur:***

Boðin var 200 m sjóvörn við Ægisgötu á Búðardal. Verkið var boðið út í október 2019. Samið var við lægstbjóðanda, Stafnafell ehf. Verkinu lauk í júní 2020.

***Vesturbyggð:***

Gerð var verðkönnun fyrir sjóvörn við Kollsvík í janúar 2019. Samið var við lægstbjóðanda Lás ehf. Verkinu lauk í apríl 2020.

***Vesturbyggð - Kollsvík:***

Boðin út sjóvörn á um 55 m löngum kafla framan við fornminjar við sjávarkamba í Kollsvík. Verkið var boðið út 2019. Samið var við Lás ehf. sem vann verkið. Vinna hófst í mars 2020 og lauk í maí 2020.



***Sauðárkrókur:***

Boðnar voru út samtals 450 m langar sjóvarnir á Skarðseyri og meðfram Þverárfjallsvegi. Verkið var boðið út í júlí 2020. Samið var við lægstbjóðanda, Víðimelsbræður ehf. sem unnu verkið. Vinna við verkið hófst í ágúst 2020 og lauk í febrúar 2021.

***Dalvíkurbyggð:***

Boðin var út 140 m lenging sjóvarnar sunnan hafnar á Dalvík og 100 m lenging vestan hafnar á Árskógssandi. Verkið var boðið út í júní 2020. Samið var við lægstbjóðanda, Dalverk ehf. sem vann verkið. Vinnu við lengingu á Árskógssandi lauk í mars 2021 en vinna við lengingu á Dalvík er ekki hafin.

***Húsavík:***

Boðin var út 200 m styrking og lenging sjóvarnar undir Húsavíkurbökkum. Verkið var boðið út í maí 2020. Samið var við Ístrukk ehf./Steinsteypir ehf. sem vann verkið. Vinna við verkið hófst í ágúst 2020 og lauk í febrúar 2021.

***Þorlákshöfn:***

Viðgerð á sjóvörn.

***Grindavík:***

Unnið var við sjóvarnir við Arfadalsvík og við Gerðistanga. Verkið var boðið út í mars 2019. Samið var við lægstbjóðanda, E. Gíslason ehf. sem vann verkið. Verkinu lauk í ágúst 2020.

***Suðurnesjabær:***

Boðnar voru út sjóvarnir á fjórum stöðum í Suðurnesjabæ. Verkið var boðið út í september 2020. Samið var við lægstbjóðanda, Ellert Skúlason ehf. Vinna við verkið hófst í nóvember 2020.

***Seltjarnarnes:***

Unnið var við sjóvarnir á tveimur stöðum á Seltjarnarnesi, 90 m lengingu við Ráðagerði og 130 m lengingu við Nesvöll. Verkið var boðið út í október 2019. Samið var við lægstbjóðanda J.G. vélar ehf. Verkinu lauk í febrúar 2020.

↓

Sjóvarnir við Grindavík skemmdust í óveðri í febrúar 2020.



# Fylgiskjal 4 Ársreikningur 2020

**Skýrsla og áritun forstöðumanns**
Vegagerðin er ríkisaðili í A-hluta sem starfar samkvæmt vegalögum nr. 80/2007.

Vegagerðin í núverandi mynd varð til með sameiningu hluta Siglingastofnunar og stærsta hluta Vegagerðarinnar þann 1. júlí 2013. Veturinn 2018-2019 fór fram stefnumótunarvinna sem skilaði fimm ára framtíðarsýn til ársins 2025 en hún felur í sér þá sýn að Vegagerðin stýri uppbyggingu og þjónustu samgöngukerfisins á sjó og landi með samkeppnishæfni Íslands, sjálfbærni og öryggi að leiðarljósi.

Vegagerðin starfar samkvæmt lögbundnu hlutverki sínu þar sem m.a. kemur fram að „Vegagerðin skal í starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.“

Stefna Vegagerðarinnar í hnotskurn byggir á fimm þáttum. Öruggum samgöngum, þannig að við uppbyggingu og þróun samgöngukerfisins séu greiðar samgöngur og öryggi einstaklinga forgangsatriði svo ekki komi til alvarlegra slysa. Upplýsingu og þekkingu, þannig að Vegagerðin miðli faglegum upplýsingum um samgöngukerfið til stjórnvalda, sveitarfélaga og atvinnulífs og efli þannig grundvöll stefnumótandi ákvarðanatöku. Skipulagi og starfsemi, þannig að innviðir Vegagerðarinnar byggi á skilvirkri stjórnun, straumlínulöguðum ferlum, öflugum tækjabúnaði og virku gæðakerfi. Þjónustu, þannig að Vegagerðin sé þjónustumiðuð stofnun sem nýti tækniþekkingu til umferðarstýringar og bætts samgönguöryggis með notendavænni þjónustu og miðlun upplýsinga í rauntíma. Samþættingu samgöngumáta, þannig að Vegagerðin sé leiðandi í skipulagi og uppbyggingu vistvænna og samþættra samgöngumáta á landsvísu í nánu samstarfi við stjórnvöld og sveitarfélög.

Vegagerðin tekur þátt í samvinnuverkefnum svo sem á höfuðborgarsvæðinu með Borgarlínu og eins og kveðið er á um í samgöngusáttmála stjórnvalda og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Vegagerðin framkvæmir stefnu stjórnvalda eins og hún liggur fyrir í samþykktum þingsályktunum um fimm ára og 15 ára samgönguáætlun.

↓
Aðstæður skoðaðar við byggingu nýrrar brúar yfir Kvíá.





Á árinu 2020 var ársvelta 22.129,3 milljónir og afkoma 270,4 milljónir kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -20.114,9 milljónir kr. í árslok og eignir samtals nema 646.229 milljónum kr.

Það er álit okkar að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum og eiginfjárstöðu Vegagerðarinnar í samræmi við lög um opinber fjármál og ársreikningalög.

Reykjavík, 12. júlí 2021
*Bergþóra Þorkelsdóttir, forstöðumaður*
*Ruth Elfarsdóttir framkvæmdastjóri, fjármálasviðs*

| **Yfirlit um afkomu ársins 2020** (**Fjárhæðir eru í kr.**) | **Skýringar** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 3 | 11.064.700.000 | 9.672.500.000 |
| Seld vara og þjónusta | 4,5 | 1.508.473.201 | 682.386.489 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 6 | 102.204.733 | 1.299.898.583 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 3 | 9.453.931.164 | 10.354.921.542 |
| **Tekjur samtals** | | **22.129.309.098** | **22.009.706.614** |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 7 | 4.443.254.279 | 3.858.241.884 |
| Framlög og tilfærslur | 8 | 4.418.326.530 | 4.695.945.871 |
| Annar rekstrarkostnaður | 9 | 3.543.746.735 | 3.060.873.343 |
| Afskriftir | 10 | 9.453.931.164 | 10.354.921.542 |
| **Gjöld samtals** | | **21.859.258.708** | **21.969.982.640** |
| **Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði** | | **270.050.390** | **39.723.974** |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | 11 | 2.621.339 | 20.350.548 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | 12 | –2.185.558 | –2.148.230 |
| | | **435.781** | **18.202.318** |
| **Afkoma ársins** | | **270.486.171** | **57.926.292** |
| **Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum** | 3 | | |
| Rekstur | | 816.714.361 | 800.834.716 |
| Rekstrartilfærslur | | –546.228.190 | –742.908.424 |
| Fjármagnstilfærslur | | 0 | 0 |
| | | **270.486.171** | **57.926.292** |

| Efnahagsreikningur 31. desember 2020 (Fjárhæðir eru í kr.) | Skýringar | 31. desember 2020 | 31. desember 2019 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 13 | | |
| Samgöngumannvirki | | 625.875.288.758 | 603.583.000.149 |
| Áhöld og búnaður | | 233.217.348 | 260.181.482 |
| Farartæki og vélar | | 7.232.018.169 | 7.087.749.005 |
| Aðrar eignir | | 15.681.909 | 24.761.034 |
| | | **633.356.206.184** | **610.955.691.670** |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | 14 | 500.000 | 500.000 |
| | | **500.000** | **500.000** |
| **Fastafjármunir samtals** | | **633.356.706.184** | **610.956.191.670** |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir | 15 | 925.985.454 | 1.060.306.775 |
| Viðskiptakröfur | 16 | 904.690.676 | 344.368.911 |
| Tengdir aðilar | 17 | 3.693.032.986 | 3.194.838.162 |
| Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | 18 | 5.477.208 | 0 |
| Handbært fé | 19 | 7.343.580.229 | 1.247.327.723 |
| **Veltufjármunir samtals** | | **12.872.766.553** | **5.846.841.571** |
| **Eignir samtals** | | **646.229.472.737** | **616.803.033.241** |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hrein eign | 20 | –20.114.905.493 | –20.385.391.664 |
| | | **–20.114.905.493** | **–20.385.391.664** |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 21 | 19.778.366.350 | 19.868.154.110 |
| Viðskiptaskuldir | 22 | 6.331.649.257 | 2.079.660.313 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 23 | 1.750.490.345 | 392.979.417 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 24 | 638.483.872.278 | 614.847.631.065 |
| | | **666.344.378.230** | **637.188.424.905** |
| **Skuldir samtals** | | **666.344.378.230** | **637.188.424.905** |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **646.229.472.737** | **616.803.033.241** |
| Aðrar upplýsingar | 25 | | |



| Sjóðstreymisyfirlit ársins 2020 (Fjárhæðir eru í kr.) | Skýringar | 2020 | 2019 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 270.486.171 | 57.926.292 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 9.453.931.164 | 10.354.921.542 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | –9.453.931.164 | –10.354.921.542 |
| Tekjufærsla vegna endurgreiðslu hlutafjár í Speli ehf. | | 0 | –12.714.651 |
| | | **270.486.171** | **45.211.641** |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | –565.798.973 | –63.442.295 |
| Tengdir aðilar | | –587.982.583 | 1.630.425.672 |
| Birgðir | | 134.321.321 | –163.686.148 |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 5.609.499.872 | –155.154.571 |
| | | 4.590.039.637 | 1.248.142.658 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | **4.860.525.808** | **1.293.354.299** |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 21.056.778 | 1.789.665 |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | | –31.869.730.080 | –26.826.716.650 |
| Endurgreiðsla hlutafjár í Speli ehf. | | 0 | 22.714.651 |
| | | **–31.848.673.302** | **–26.802.212.334** |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | | 0 | –105.532.609 |
| Fjárfestingarframlag | | 33.084.400.000 | 25.590.632.609 |
| | | **33.084.400.000** | **25.485.100.000** |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | **6.096.252.506** | **–23.758.035** |
| Handbært fé í byrjun árs | | 1.247.327.723 | 1.271.085.758 |
| Handbært fé í árslok | | 7.343.580.229 | 1.247.327.723 |



Búfjárrekstur við Skjaldvararfoss á Barðaströnd.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**
Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**
Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

**Gjöld**
Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

**Óefnislegar eignir**
Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig. Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.



**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**
Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld og búnaður | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar | 8-15 ár |
| Aðrar eignir | 10 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**Fjárfestingareignir**
Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

**Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir**
Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2020. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

**Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**
Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**
Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi. Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárframlaga: umsamin fjárhæð eiginfjáráskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár

- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur).

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**
Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

## 3. Tekjufærsla fjárveitinga

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 11.064.700.000 | 9.672.500.000 |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 11.064.700.000 | 9.672.500.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 9.453.931.164 | 10.354.921.542 |
| | 20.518.631.164 | 20.027.421.542 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 6.653.300.000 | 3.447.300.000 | | 10.100.600.000 |
| Fjáraukalög | −6.900.000 | 140.000.000 | | 133.100.000 |
| Millifærslur milli fjárlagaliða | 553.000.000 | 278.000.000 | | 831.000.000 |
| **Fjárveiting til tekna** | **7.199.400.000** | **3.865.300.000** | **0** | **11.064.700.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | −6.382.685.639 | −4.411.528.190 | 0 | −10.794.213.829 |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **816.714.361** | **−546.228.190** | **0** | **270.486.171** |



## 4. Seld þjónusta

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Sérfræðiþjónusta | 140.066.325 | 103.125.978 |
| Verksala | 1.250.246.164 | 510.295.175 |
| Ýmsar þjónustutekjur | 0 | 259.616 |
| | 1.390.312.489 | 613.680.769 |

## 5. Vörusala

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Vörusala II | 118.160.712 | 68.705.720 |
| | 118.160.712 | 68.705.720 |

## 6. Framlög og ýmsar tekjur

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Leigutekjur | 19.729.537 | 0 |
| Kostnaðarhlutdeild | 81.362.192 | 1.018.120.625 |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 582.432 | 13.000.000 |
| Ýmsar tekjur | 530.572 | 268.777.958 |
| | 102.204.733 | 1.299.898.583 |

## 7. Laun og launatengd gjöld

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Laun | 3.530.502.734 | 3.136.821.262 |
| Orlof, breyting | 94.163.013 | −15.259.894 |
| Önnur launagjöld, ótalin annars staðar | 2.702.268 | 2.332.704 |
| Launatengd gjöld | 815.886.264 | 734.347.812 |
| | 4.443.254.279 | 3.858.241.884 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 300,0 | 292,0 |

## 8. Framlög og tilfærslur

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Rekstrartilfærslur aðrir | 4.418.326.530 | 4.695.945.871 |
| | 4.418.326.530 | 4.695.945.871 |

## 9. Annar rekstrarkostnaður

| | 2020 | 2019 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 3.049.958 | 6.807.960 |
| Byggingarvörur, almennar | 147.286.862 | 225.592.071 |
| Byggingarvörur, aðrar | 925.825.274 | 443.427.223 |
| Tæki og búnaður til innréttinga | 58.599.773 | 5.440.791 |
| Ýmis tæki og áhöld | 180.083.077 | 169.741.509 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 188.419.922 | 134.920.139 |
| Orkugjafar | 470.704.851 | 444.094.524 |
| Matvæli | 7.713.107 | 9.660.884 |
| Almennar rekstrarvörur | 28.568.415 | 48.734.816 |
| Vörukaup, almenn | 2.010.251.239 | 1.488.419.917 |
| Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar | 342.305 | 425.057 |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 100.066.436 | 200.621.106 |
| Vörukaup sérgreind | 100.408.741 | 201.046.163 |
| Fundir, námskeið, risna | 35.378.703 | 53.713.183 |
| Ferðir, uppihald | 212.061.451 | 262.906.615 |
| Akstur | 31.614.943 | 361.468.144 |
| Sérfræðiþjónusta | 3.654.082.362 | 2.710.035.880 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 2.340.785 | 2.516.797 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 10.895.475 | 13.172.318 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 37.219.483 | 59.709.620 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 3.983.593.202 | 3.463.522.557 |

| | | |
|---|---|---|
| Afnotagjöld | 169.738.714 | 121.922.993 |
| Leigugjöld | 139.459.987 | 122.246.392 |
| Notkun véla og flutningstækja | 684.754.780 | 994.352.161 |
| Verkkaup | 270.482.929 | 210.876.572 |
| Kostnaðarhlutdeild | 0 | 0 |
| Áhættutap og bætur | 9.814.273 | 9.441.418 |
| Tryggingar, lögboðnar | 69.055.300 | 50.814.456 |
| Opinber gjöld | 115.164.164 | 119.548.307 |
| Tapaðar kröfur | –354.077 | 1.720.167 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 1.458.116.070 | 1.630.922.466 |
| Vörukaup II | 215.590.834 | 1.418.830.243 |
| Birgðabreytingar, fullunnar vörur | 164.224.072 | –16.137.870 |
| Vörur til endursölu og birgðabreyting | 379.814.906 | 1.402.692.373 |
| Samtals annar rekstrarkostnaður | 7.932.184.158 | 8.186.603.476 |
| Annar rekstrarkostnaður eignfærður sem varanlegir rekstrarfjármunir | –4.388.437.423 | –5.125.730.134 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 3.543.746.735 | 3.060.873.342 |

| **10. Afskriftir** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. | 47.756.853 | 43.634.426 |
| Rannsóknartæki | 21.804.749 | 17.603.618 |
| Farartæki og vélar | 379.475.553 | 342.785.701 |
| Aðrar eignir | 9.079.125 | 11.776.975 |
| Samgöngumannvirki | 8.988.618.621 | 9.939.120.822 |
| Sölutap og úreltar eignir | 7.196.263 | 0 |
| | 9.453.931.164 | 10.354.921.542 |

| **11. Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| Ýmsar fjármunatekjur | 2.621.338 | 20.350.548 |
| | 2.621.338 | 20.350.548 |

| **12. Vaxtagjöld, verðbætur og gengishagnaður** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| Fjármagnskostnaður | 170.096 | 766.244 |
| Gengistap, verðbreytingar | 2.015.462 | 1.381.986 |
| | 2.185.558 | 2.148.230 |

| **13. Varanlegir rekstrarfjármunir** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Samgöngumannvirki | 625.875.288.758 | 603.583.000.149 |
| Áhöld, tæki og búnaður | 233.217.348 | 260.181.482 |
| Farartæki og vélar | 7.232.018.169 | 7.087.749.005 |
| Aðrar eignir | 15.681.909 | 24.761.034 |
| | 633.356.206.184 | 610.955.691.670 |



Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig í árslok:

| | **Samgöngu-mannvirki** | **Áhöld, tæki og búnaður** | **Farartæki og vélar** | **Aðrar eignir** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 863.753.977.820 | 659.751.779 | 8.772.165.138 | 160.810.239 | 873.346.704.976 |
| Viðbætur á árinu | 31.280.907.230 | 42.597.468 | 546.225.382 | 0 | 31.869.730.080 |
| Selt/niður-fært á árinu | 0 | 0 | –75.103.972 | 0 | –75.103.972 |
| | 895.034.885.050 | 702.349.247 | 9.243.286.548 | 160.810.239 | 905.141.331.084 |
| Afskriftir í upphafi árs | 260.170.977.671 | 399.570.297 | 1.684.416.133 | 136.049.205 | 262.391.013.306 |
| Selt/niður-fært á árinu | 0 | 0 | –59.819.571 | 0 | –59.819.571 |
| Afskrift ársins | 8.988.618.621 | 69.561.602 | 386.671.816 | 9.079.125 | 9.453.931.164 |
| | 269.159.596.292 | 469.131.899 | 2.011.268.378 | 145.128.330 | 271.785.124.899 |
| Staða í upphafi árs | 603.583.000.149 | 260.181.482 | 7.087.749.005 | 24.761.034 | 610.955.691.670 |
| Staða í árslok | 625.875.288.758 | 233.217.348 | 7.232.018.170 | 15.681.909 | 633.356.206.185 |

↓
Ágjöf yfir sjóvörn við Eiðsgranda 19. september 2020. Aðstæður sem þessar verða þegar saman fer há sjávarstaða og há alda. Mynd: Jóhannes Sólmundarson.



| **Verkefni - framkvæmdir** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| Dýrafjarðargöng,Vestfjarðavegur, Rauðsstaðir-Drangar 60-39 | 2.982.374.327 | 3.589.422.939 |
| Reykjanesbraut 41-12 | 2.270.002.330 | 705.653.785 |
| Hringvegur 1-D6 Selfoss-Hveragerði | 1.647.078.170 | 1.937.311.871 |
| Hringvegur um Steinavötn | 702.569.709 | 120.076.218 |
| Dettifossvegur 862-03 | 583.759.541 | 334.007.135 |
| Reykjavegur 355-01 | 554.567.558 | 0 |
| Hringv. Skarhól. Langit. 0001F33S | 548.273.897 | 0 |
| Norðausturvegur 85-31-1 | 528.183.389 | 149.028.991 |
| Hringv. Bæjarh.-Krókháls 0001E31S | 490.505.858 | 0 |
| Landeyjahöfn | 460.794.467 | 517.629.838 |
| Djúpv. Hestfj.á-Eyrarkirkjuv. | 459.709.157 | 179.258.056 |
| Kvíá í Öræfum (1-Y5) 006134S | 430.569.578 | 0 |
| Hjóla- og göngust. Reykjavík | 323.534.675 | 84.299.317 |
| Hringvegur F5-F6, breikkun | 316.622.718 | 0 |
| Hafnarfj.v. Vífilsstv- Fjarðarb. | 307.736.368 | 0 |
| Vestfjarðavegur um Gufudalsveg | 284.335.989 | 0 |
| Vestfjarðavegur 60-36 Dynjandi | 276.957.517 | 0 |
| Bjarnadalsá (60-44) | 275.003.050 | 0 |
| Djúpvegur um Hattardalsá | 267.306.812 | 0 |
| Brunná 0001A25 | 257.998.051 | 0 |
| Borgarfjarðarv. um Vatnsskarð | 237.959.929 | 191.132.672 |
| Hringvegur um Heiðasporð | 225.235.762 | 0 |
| Grímarsstaðavegur (5317-01) | 208.381.789 | 0 |
| Faxabr. hækkun vegar, sjóvörn | 192.407.050 | 0 |
| Hringvegur, hringtorg Landvegur | 186.267.966 | 0 |
| Sjóvarnargarðar stofnkostnaður | 169.062.121 | 125.974.476 |
| Hringvegur um Gatnabrún | 167.228.985 | 0 |
| Snæfellsnesvegur um Fróðárheiði | 158.600.836 | 390.723.720 |
| Skorradalsvegur (508-02-03) | 149.856.242 | 100.028.618 |
| Fellsá í Suðursveit (1-y3) | 149.108.890 | 0 |
| Eyrabakkavegur 34-02 | 136.585.096 | 0 |
| Snæfellsnesvegur um Skógarströnd | 132.683.579 | 0 |
| Botnsá í Tálknafirði | 131.159.598 | 0 |
| Hringv. Hvalnes og Þvottár | 130.285.941 | 0 |
| Hjóla- og göngust Norðursvæði | 121.817.384 | 0 |
| Hörgárdalsvegur 815-01-2 | 109.631.565 | 0 |
| Grafningsv efri 360-02 | 106.460.059 | 77.934.120 |
| Annað | 3.740.756.664 | 2.295.036.922 |
| Samtals | 20.421.372.617 | 10.797.518.678 |



Frá rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar í Hörpu 2020. Anna Steinsen frá Kvan hélt upphafstölu á ráðstefnunni sem aðeins var aðgengileg í streymi á netinu.



| **Viðhald** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| Viðhald bundinna slitlaga | 5.295.335.616 | 4.728.688.821 |
| Styrkingar og endurbætur | 1.776.012.791 | 1.802.404.142 |
| Viðhald malarvega | 1.203.609.826 | 1.158.829.585 |
| Viðhald brúa | 718.854.013 | 699.722.114 |
| Umferðaröryggi | 590.763.380 | 476.386.166 |
| Annað | 1.274.958.987 | 970.078.248 |
| Samtals | 10.859.534.613 | 9.836.109.076 |

| **Þjónusta** | **2020** | **2019** |
|---|---|---|
| Vetrarþjónusta | 4.304.166.632 | 3.407.808.601 |
| Vegmerkingar og vegbúnaður | 1.517.141.571 | 1.510.281.994 |
| Önnur þjónusta | 841.950.531 | 677.149.051 |
| Samtals | 6.663.258.734 | 5.595.239.646 |

### 14. Eignarhlutir í öðrum félögum

| | **Eignarhlutur** | **Nafnverð** | **Matsverð** |
|---|---|---|---|
| Spölur ehf. | 100% | 500.000 | 500.000 |
| | | 500.000 | 500.000 |

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

### 15. Birgðir

| | **31/12/2020** | **31/12/2019** |
|---|---|---|
| Vörubirgðir II (sbr. teg. 564, vörukaup II) | 925.985.454 | 1.060.306.775 |
| | 925.985.454 | 1.060.306.775 |

### 16. Viðskiptakröfur

| | **31/12/2020** | **31/12/2019** |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur | 904.690.676 | 344.368.911 |
| | 904.690.676 | 344.368.911 |

### 17. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | **31/12/2020** | **31/12/2019** |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 3.118.872.391 | 2.596.225.886 |
| Aðrir ríkisaðilar | 226.616.806 | 251.068.487 |
| Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga | 347.543.789 | 347.543.789 |
| | 3.693.032.986 | 3.194.838.162 |

### 18. Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

| | **31/12/2020** | **31/12/2019** |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 5.477.208 | 0 |
| | 5.477.208 | 0 |

### 19. Handbært fé

| | **31/12/2020** | **31/12/2019** |
|---|---|---|
| Tékkareikningar | 7.343.580.229 | 1.247.327.723 |
| | 7.343.580.229 | 1.247.327.723 |



Flutningabíll dreginn upp úr ófærð á Vestfjarðavegi (60).

## 20. Eigið fé

| Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum | 31/12/2020 | 31/12/2019 |
|---|---|---|
| Jöfnuður 1.1 | –20.385.391.665 | –20.337.785.348 |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | 0 | –105.532.609 |
| Afkoma ársins | 270.486.170 | 57.926.292 |
| Jöfnuður 31.12. | –20.114.905.495 | –20.385.391.665 |

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerðar til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2020.

## 21. Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| | 31/12/2020 | 31/12/2019 |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 0 | 0 |
| Viðskiptareikningur við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 19.778.366.351 | 19.868.154.110 |
| | 19.778.366.351 | 19.868.154.110 |

## 22. Viðskiptaskuldir

| | 31/12/2020 | 31/12/2019 |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 6.331.649.257 | 2.079.660.313 |
| | 6.331.649.257 | 2.079.660.313 |

## 23. Ýmsar skammtímaskuldir

| | 31/12/2020 | 31/12/2019 |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 466.907.690 | 372.744.677 |
| Önnur ógreidd gjöld | 1.283.582.655 | 20.234.740 |
| | 1.750.490.345 | 392.979.417 |

## 24. Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.



| | 31/12/2020 | 31/12/2019 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga | 633.356.706.184 | 610.956.191.670 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga | 5.127.166.094 | 3.891.439.395 |
| | 638.483.872.278 | 614.847.631.065 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2020 | 610.956.191.669 | 3.891.439.396 | 614.847.631.065 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 33.084.400.000 | 33.084.400.000 |
| Bókfært verð seldra/niðurlagðra eigna | –15.284.401 | 0 | –15.284.401 |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | 0 | 21.056.778 | 21.056.778 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 31.869.730.080 | –31.869.730.080 | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | –9.453.931.164 | 0 | –9.453.931.164 |
| | 633.356.706.184 | 5.127.166.094 | 638.483.872.278 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu 10,8 milljarðar kr. koma til tekna á árinu 2021.

## 25. Aðrar upplýsingar

### Skuldbindandi samningar

Verksamningar sem Vegagerðin er aðili að, skipta hundruðum. Þeir verða ekki taldir upp sérstaklega hérna.

Eftirtaldir húsaleigusamningar teljast skuldbindandi samningar fyrir Vegagerðina:

Borgartún 5-7 Reykjavík. Eigandi Ríkiskaup. Áætluð ársleiga á árinu 2021 er 36 m.kr. (fullt leigugjald út júní og skerðist þá í 90% og fellur út í september)

Hringhella - Hafnarfjörður. Eigandi Vörubílastöð Hafnarfjarðar. Áætluð ársleiga á árinu 2021 er 10,7 m.kr. (áætlað fullt leigugjald í 7 mánuði).

Suðurhraun 3 - Garðabær. Eigandi RA 5 hf. Áætlað leigugjald á árinu 2021 er 116 m.kr. (fullt leigugjald frá júní)

### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

### Óafturkallanleg loforð

Ekkert óafturkallanlegt loforð er opið hjá stofnuninni sem hefur áhrif á framtíðarrekstur hennar.

### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.



# Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2020

Vegagerðin, desember 2021